NÍNA KJARTANSDÓTTIR

*Starfskynning kveikti áhugann*

nám bílar ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



KARL ÁGÚST ÚLFSSON

*Bumbusláttur Spaugstofumanns*

Finnur takt lífsins með handtrommu

FÓLK 34









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. mars 2007 — 72. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

### Fimm óperur á fjalirnar



Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona syngur í Cavalleria Rusticana eftir Mascagni.

MENNING 24

### Birgitta gengur menntaveginn



Söngkonan stundar nám í markaðsfræði við Háskólann í Reykjavík.

FÓLK 34

### Kynlíf og kynfrelsi

„Í dag er baráttan fyrir kynfrelsi kvenna á Vesturlöndum ekki háð gegn kirkjulegum eða veraldlegum yfirvöldum," skrifar Þorgerður Einarsdóttir, „heldur klámiðnaði sem veltir stjarnfræðilegum upphæðum."

Í DAG 18

### Ekki meira með í vetur



Birna Valgarðsdóttir, fyrirliði körfuboltaliðs Keflavíkur, mun að öllum líkindum ekki spila með sínu liði í úrslitakeppninni vegna meiðsla.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI EYSTRA** - Í dag verða suðvestan 8-15 m/s, hvassast vestan til. Bjartviðri austan til á landinu en skúrir eða él á landinu vestanverðu. Hiti 0-8 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

# Met í arðgreiðslum fjármálafyrirtækja

**Stærstu fjármálafyrirtæki landsins greiða hluthöfum sínum yfir sjötíu milljarða í arð vegna síðasta árs. Svo háar arðgreiðslur hafa ekki þekkst áður. Ríkið fær tíu prósent í kassann eða sjö milljarða. FL Group greiðir mest, 15 milljarða.**

**VIÐSKIPTI** Hluthafar í stærstu fjármála- og fjárfestingafélögum landsins fá í sinn hlut yfir sjötíu milljarða króna í arð vegna ársins 2006 eftir að aðalfundir félaganna hafa verið haldnir. Þetta svarar til 23 prósenta af samanlögðum hagnaði fyrirtækjanna á síðasta ári.

Þrjú félög, FL Group, Kaupþing og Exista, greiða, eða leggja til, yfir tíu milljarða króna arð til hluthafa fyrir síðasta ár. Arðgreiðslurnar eru frá 11 upp í 144 prósent af árshagnaði fyrirtækjanna. Af arði er greiddur tíu prósenta fjármagnstekjuskattur og falla því rúmir sjö milljarðar króna í hlut ríkisins.

FL Group greiðir hæstan arð. Fimmtán milljarðar renna til eigenda félagsins, sem svarar til 193 prósenta arðs af nafnverði hlutafjár. Arðgreiðslan nemur um þriðjungi af árshagnaði félagsins í fyrra. Líklega hefur ekkert fyrirtæki í Íslandssögunni greitt eins mikinn arð út í einu ef frá er talinn aukaarður sem Kaupþing greiddi í fyrra í formi Exista-hlutabréfa.

Glitnir greiðir um níu milljarða króna í arð. Heildarupphæðin er fjórðungur af hagnaði bankans í fyrra. SPRON greiðir svipaða upphæð í arð til stofnfjáreigenda, en það samsvarar nærri öllum hagnaðinum á seinasta ári.

Straumur borgar 7,8 milljarða í arð, eða þrjá fjórðu af nafnverði hlutafjár og 17,2 prósent af hagnaði seinasta árs. Landsbankinn greiðir hluthöfum sínum um fjóra milljarða, eða ellefu prósent hagnaðar í fyrra.

- eþa / sþs / Sjá Markaðinn



**HLÚÐ AÐ SLÖSUÐUM** Fjórir voru fluttir á slysadeild til aðhlynningar eftir að tveir fólksbílar lentu harkalega aftan á strætisvagni á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar í gærkvöldi. Að sögn lögreglu fór betur en á horfðist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EADS hefur kært Neyðarlínuna fyrir að bjóða ekki út tækjakaup vegna Tetra-kerfis:

# Samið við Motorola án útboðs

**KÆRUMÁL** Franska stórfyrirtækið EADS, sem meðal annars smíðar Airbus-þoturnar, hefur kært Neyðarlínuna fyrir að bjóða ekki út uppsetningu Tetra-kerfisins en það á að taka í notkun á landsvísu 1. maí næstkomandi.

Neyðarlínan samdi við Motorola um tækjakaup og uppsetningu kerfisins án útboðs en talið er að verðmæti samningsins nemi hundruðum milljóna króna. Leitað var til EADS og Motorola á upphafsstigum málsins um verðtilboð en síðan samið við Motorola án útboðs. Tetra-kerfið er samskipta- og gagnaflutningakerfi fyrir lögreglu og alla þá sem koma að björgunaraðgerðum.

Björn Líndal, lögmaður og einn eigenda VIRTUS, sem vinnur að málinu fyrir hönd EADS, segir það vera mat forsvarsmanna EADS að lög hafi verið brotin.

„Það er afstaða umbjóðanda míns [EADS] að meðferð þessara kaupa hjá Neyðarlínunni hafi falið í sér brot gegn ákvæðum laga um opinber innkaup. Þess vegna hefur hann kært málið til kærunefndar útboðsmála þar sem málið er til meðferðar."

Arnar Þór Jónsson, lögmaður hjá Logos lögmannsstofu sem vinnur að málinu fyrir hönd Neyðarlínunnar, segir nákvæma skoðun Neyðarlínunnar hafa leitt í ljós að rétt væri að semja við Motorola. „Af kostnaðar- og hagkvæmnisástæðum stóð Neyðarlínan frammi fyrir því að velja á milli EADS og Motorola þar sem ekki er hægt að samtýta búnaðinn frá báðum aðilum. Rétt þótti að nýta sem mest af þeirri fjárfestingu sem þegar hafði verið lagt í á þessu sviði."

- mh / sjá síðu 4



**SVIFRYK Í REYKJAVÍK** Karlmenn eru frekar fylgjandi skattlagningu en konur.

Skattlagning á nagladekk:

# Helmingur andvígur

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúmur helmingur, eða 53,5 prósent segist ekki vilja að nagladekk verði skattlögð sérstaklega til að sporna við svifryki, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 46,5 prósent segjast vera því fylgjandi.

Karlar eru frekar fylgjandi slíkri skattlagningu en konur. Þá eru íbúar á höfuðborgarsvæðinu frekar fylgjandi slíkri skattlagningu en íbúar á landsbyggðinni.

Ef svörin eru greind eftir stuðningi við stjórnmálaflokka eru það helst kjósendur vinstri grænna sem vilja að nagladekk séu skattlögð til að sporna við svifryki.

- ss/ sjá síðu 8

Mega ekki beita ofbeldi:

# Munkar í mauravanda

**MALASÍA Búddamunkar í Kúala Lúmpúr, sem hafa svarið þess eið að beita ekki ofbeldi, eiga í stökustu vandræðum með að losna undan mauraplágu án þess að meiða dýrin. Rauðmaurar hafa lagt undir sig Hong Hock See hofið undanfarið ár, og bitið einn munk svo illa að hann þurfti læknisaðstoð.**

**Þetta kemur fram á vef fréttastofunnar ABC. Meðal þess sem munkarnir hafa reynt er að soga maurana upp með ryksugu og sleppa þeim í nálægum skógi, en það bar engan árangur. Þangað til lausn finnst á málinu hefur skilti verið sett upp við hofið með áletruninni: „Passið ykkur á maurunum. Ekki sitja undir trénu."** - sþs





NÝ VERÖLD

Misstu ekki af „Lotusphere kemur til þín" í Smárabíói þann 22. mars

Kynning á hugbúnaðarlausnum IBM fylgir Markaðnum í dag

Nánari upplýsingar: www.ibm.com/events/dk/lcty






## SPURNING DAGSINS



*Grímur, eruð þið með mörg mál sem ekki þola dagsins ljós?*

„Nei, ljós réttvísinnar skín en myrkur trúnaðarins ríkir.“

Lögmannsstofan Opus býður upp á þá nýjung í lögmannsþjónustu að hafa líka opið að næturlagi. Grímur Sigurðarson er einn af eigendum stofunnar.

Sérnefnd um stjórnarskrármál fjallar um frumvarpið um auðlindaákvæðið:

# Kallað eftir áliti sérfræðinga

**STJÓRNMÁL** Sérnefnd um stjórnarskrármál fékk í gærmorgun frumvarp formanna stjórnarflokkanna um breytingu á stjórnarskránni til meðferðar.

Nefndin kom saman til síns fyrsta fundar í hádeginu í gær og réði ráðum sínum. Nefndin fundaði aftur í gærkvöldi og kemur saman nú í morgunsárið. Lítið rúm gefst til formlegs fundahalds eftir hádegi í dag þar sem undirbúningur fyrir eldhúsdagsumræður kvöldsins eiga hug þeirra sem þátt taka.

Birgir Ármannsson, formaður sérnefndarinnar, segir ómögulegt að svara því hvenær nefndin muni afgreiða málið frá sér. „Við erum rétt að byrja,“ segir hann en bætir við að málið sé unnið með það að markmiði að ljúka því.



**BIRGIR ÁRMANSSON** formaður sérnefndar um stjórnarskrármál.

Sérfræðingar á sviði stjórnskipunarréttar, sérfræðingar stjórnarskrárnefndar og hagsmunaaðilar koma fyrir nefndina og veita álit sitt á frumvarpi stjórnarflokkaformannanna Geirs H. Haarde og Jóns Sigurðssonar. **- bþs**

**NEFNDARMENN**

- Ágúst Ólafur Ágústsson S
- Birgir Ármannsson D (form.)
- Bjarni Benediktsson D
- Guðjón Ólafur Jónsson B (varaform.)
- Jóhanna Sigurðardóttir S
- Jónína Bjarmarz B
- Sigurður Kári Kristjánsson D
- Sigurjón Þórðarson F
- Ögmundur Jónasson V

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson voru fulltrúar Samfylkingarinnar á fundum gærdagsins. Kristinn H. Gunnarsson sat hann fyrir Frjálslynda flokkinn.

Hótanir í fjölbýlishúsi:

# Rifust vegna þrifa á sameign

**LÖGREGLUMÁL Lögregla var kölluð að fjölbýlishúsi í höfuðborginni síðdegis í fyrradag eftir að maður á miðjum aldri hafði óskað eftir aðstoð vegna grófra hótana nágranna. Þegar lögreglumenn bar að garði kom í ljós að ágreiningur hafði sprottið upp milli tveggja íbúa hússins vegna þrifa á sameign. Hafði nágranni mannsins sem hringdi á lögreglu haft í frammi hótanir eftir rifrildi þeirra um hverjum bæri að ryksuga teppi á stigagangi.**

**Lögreglumenn aðstoðuðu við lausn málsins en að sögn lögreglu lá ekki fyrir í gær hvort búið væri að ryksuga stigaganginn. - þsj**



**LAUGAR** Lögregla var kvödd á staðinn.

Fíkniefnafundur á Laugum:

# Piltur tekinn með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL Tvítugur piltur var handtekinn í Framhaldskólanum á Laugum í gær. Töluvert magn fíkniefna fannst í herbergi piltisins á heimavist skólans. Talið er að efnin séu hass og örvandi efni.**

**Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari kveðst hafa kallað lögreglu á vettvang eftir að hafa fengið vísbendingar um að fíkniefni leyndust á herbergi nemandans. „Við erum mjög á varðbergi gagnvart fíkniefnum og því þótti mér rétt að kalla lögreglu samstundis til,“ segir Valgerður.**

**Rannsókn málsins er ólokið og að sögn lögreglu liggur ekki ljóst fyrir hvort fleiri nemendur séu viðriðnir málið. - kdk**

Strandaði við Sandgerði:

# Hannes dró Sóleyju á flot

**STRAND** Togarinn Sóley Sigurjónsdóttir GK strandaði á sandrifi rétt utan við hafnarmynnið í Sandgerði seint í fyrrinótt. Strandið varð þegar togarinn var á leið í land og vék fyrir öðru skipi sem var á leið út úr höfninni.

Veður var gott á svæðinu og var áhöfnin aldrei í hættu. Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró skipið á flot með morgunflóðinu í gærmorgun og er talið að það hafi ekki skemmst. **- kdk**

# Fjölgun ríkisstarfa á Vestfjörðum í skoðun

**Ríkisstjórnin vill styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Bæjarstjóri Ísafjarðar vill að hundrað ný opinber störf verði til á næstu tveimur árum. Hann leggur líka áherslu á lækkun flutningskostnaðar. Nefnd á að skila tillögum eftir mánuð.**

**STJÓRNMÁL** „Vissulega er dapurlegt að sjá hversu margt fólk hefur verið að flytjast að vestan, frá þessum blómlegu byggðum sem eitt sinn voru, og við viljum auðvitað ganga í lið með heimamönnum til að sporna gegn því.“ Þetta segir Geir H. Haarde forsætisráðherra sem í gær setti á laggirnar vinnuhóp til að skoða með hvaða hætti ríkisvaldið geti komið að lausn mála.

Geir segir Vestfirðinga hafa lagt fram ýmsar hugmyndir og að helst sé rætt um fjölgun opinberra starfa.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðar, sem situr í vinnuhópnum ásamt framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfjarða og fulltrúum forsætis- og iðnaðarráðuneytisins, segir að þegar atvinnulífið gefi eftir tímabundið eigi ríkisvaldið að fjölga störfum. „Það er stefna ríkisstjórnarinnar að fjölga störfum úti á landi en það hefur ekki gerst.“ Hann bendir á að fjöldi opinberra stofnana hafi starfsemi á Vestfjörðum og hana megi efla og útvíkka. „Ég tel að fjölga megi störfum við Fjölmenningarsetur Vestfjarða, hjá Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu, Matís, Veðurstofunni og hjá sýslumannsembættunum,“ segir Halldór og vill að hundrað ný opinber störf verði til á Vestfjörðum á næstu tveimur árum.

Hann leggur jafnframt ríka áherslu á að flutningskostnaður verði lækkaður. „Þannig verður samkeppnisstaða fyrirtækjanna bætt sem er réttlætismál. Ég hef aldrei skilið hvaða rök búa að baki því að Reykjavíkurhöfn fái allar tekjur af inn- og útflutningi.“



**HÖFNIN Á ÍSAFIRÐI** Bæjarstjóri Ísafjarðar segir óskiljanlegt að Reykjavíkurhöfn fái allar tekjur af inn- og útflutningi. Hann leggur jafnframt ríka áherslu á að flutningskostnaður verði lækkaður. MYND/HALLDÓR



**GEIR H. HAARDE**



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Forsvarsmenn sveitarfélaga á Vestfjörðum gengu á fund ríkisstjórnarinnar í byrjun febrúar og gerðu ráðherrum grein fyrir þróun mála. Síðan þá hefur Marel afráðið að loka starfsstöð sinni á Ísafirði. Fjölmennur borgarafundur um atvinnu- og byggðamál var haldinn á Ísafirði á sunnudag.

Spurður hvort tími sértækra björgunaraðgerða í byggðamálum sé ekki liðinn, svarar Geir H. Haarde því til að ekki sé endilega verið að tala um slíkar aðgerðir. „Við erum að velta þessu fyrir okkur á almennari grundvelli en þó þannig að það nýtist Vestfirðingum.“ Spurður hvort til greina komi að ráðast í frekari samgöngubætur en þegar eru áformaðar segir Geir að mikið átak sé framundan á því sviði og varla hægt að gera mikið meira í þeim efnum í bili. **bjorn@frettabladid.is**

Sólveig Pétursdóttir:

# Þingi frestað fyrir helgi

**STJÓRNMÁL** Stefnt er að þingfrestun á morgun eða föstudag þó enn bíði fjöldi mála afgreiðslu þingsins. Starfsáætlun gerir ráð fyrir að þingi verði frestað á morgun.



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR**

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, segir stöðuna kunnuglega, alltaf bíði mörg mál afgreiðslu en engu að síður stefni hún á að ljúka störfum fyrir helgi. Dagur til eða frá skipti ekki málið.

Spurð hvort í hönd fari umfangsmiklar samningaviðræður við stjórnarandstöðuna um meðferð mála segist Sólveig funda reglulega með öllum þingflokksformönnum, sambandið sé því ágætt. **- bþs**

Snjóflóðahætta á Vestfjörðum:

# Ótrygg snjóalög

**NÁTTÚRUHAMFARIR Enn er varað við snjóflóðum víðsvegar á Vestfjörðum og þeir Bolvíkingar sem þurftu að rýma hús sín á mánudag hafa ekki fengið að snúa aftur heim.**

**Að sögn Arnar Ingólfssonar snjóflóðaeftirlitsmanns á Ísafirði eru víða ótrygg snjóalög sem geta farið af stað. Snjóleðamenn eru því varaðir við að vera á ferðinni á fjöllum. Sól og blíða var fyrir vestan síðdegis í gær en búist var við úrkomu með kvöldinu. - þo**

## ALÞINGI

**Eldhúsdagur í dag**

Almennar stjórnmálaumræður fara fram á Alþingi í kvöld. Ekki verða þingfundir í dag en nefndir funda. Umræðum kvöldsins verður sjónvarpað í Ríkissjónvarpinu.


**BÍLL DAGSINS**

**FORD FOCUS C-MAX**

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Bæjarstjórar á Vestfjörðum segja ríkisstjórnina sóa tíma í byggðamálum:

# Nefnd sem á að teygja lopann

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst tóm tímasóun að setja málið í nefnd í mánuð þegar tillögurnar eru til staðar,“ segir Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík um stofnun vinnuhóps á vegum ríkisstjórnarinnar sem falið er að skoða hvernig styrkja megi atvinnulíf á Vestfjörðum.



**GRÍMUR ATLASON**

„Sveitarstjórnarmenn á öllum Vestfjörðum hittu ríkisstjórnina í byrjun febrúar og lögðu fram tillögur um úrbætur. Nú er verið að teygja lopann með því að stofna enn eina nefndina til þess að skoða málið í staðinn fyrir að taka upp tillögurnar og byrja að vinna með þær.“



**RAGNAR JÖRUNDSSON**

Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri í Vesturbyggð, segist hjartanlega sammála Grími. „Það er einkennilegt þegar við erum búnir að fara á fund með ríkisstjórn þar sem við lögðum fram tillögur og hugmyndir, að nú eigi að skipa aðra nefnd sem ætlað er að skila tillögum og hugmyndum. Þetta lyktar eins og það sé verið að tefja málið þannig að það náist ekki að afgreiða það fyrir kosningar.“



**BOLUNGARVÍK** Bæjarstjórinn segir tóma tímasóun að setja málið í nefnd þegar tillögurnar séu til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR ÞÓR HALLDÓRSSON

Hann segist einnig undrandi á að heyra Geir H. Haarde forsætisráðherra segja að samgöngumál skipti ekki mestu máli heldur atvinnumál. „Við lítum svo á að forsenda atvinnuuppbyggingar séu samgöngur,“ segir Ragnar. **- sþs**


TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA
Þú gætir unnið MacBook fartölvu eða iPod shuffle
Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það.
Leggðu 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn og þú færð 5.000 kr. til viðbótar frá Landsbankanum. Dregið verður úr þátttakendum sem geta unnið MacBook fartölvu eða iPod shuffle.
Landsbankinn
GOTT FÓLK / Myndskreyting: Þórdís Claessen

## GENGIÐ 13.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,14 | 67,46 |
| Sterlingspund | 129,49 | 130,110 |
| Evra | 88,39 | 88,89 |
| Dönsk króna | 11,863 | 11,933 |
| Norsk króna | 10,928 | 10,992 |
| Sænsk króna | 9,508 | 9,564 |
| Japanskt jen | 0,5719 | 0,5753 |
| SDR | 100,85 | 101,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,8574

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsókn lögreglu á málum meintra barnaníðinga á lokastigi:

# Meira barnaklám í tölvunum

**LÖGREGLUMÁL** Við leit í tölvubúnaði tveggja grunaðra barnaníðinga hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fundið klámefni til viðbótar því sem fannst skömmu eftir að rannsókn hófst. Annar mannanna sem um ræðir, Ágúst Magnússon, afplánar nú dóm á Litla-Hrauni, en hinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann gengur nú laus. Þessir tveir, bitu ásamt þremur öðrum á agnið þegar fréttaskýringaþátturinn Kompás setti fyrir þá tálbeitur á spjallrás á netinu.

Í tölvubúnaði síðarnefnda mannsins fundust meðal annars myndbrot, þar sem fullorðinn karlmaður hefur samfarir við stúlkubarn og lætur unga stúlku hafa munnmök við sig. Grunur leikur á að þarna hafi maðurinn sjálfur verið að verki. Mál mannanna tveggja er enn til rannsóknar.



**BARNANÍÐINGAR** Ritstjóri Kompáss tók á móti meintum níðingum í kjallaraíbúð.

Mál þriðja mannsins sem kærður hefur verið fyrir að áreita fjórar ungar stúlkur í Vogunum er enn í rannsókn. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. mars. Búist er við að mál hans fari til embættis ríkissaksóknara í vikunni. Lögreglan sendi DNA-sýni úr manninum og fimm ára stúlkubarni, sem hann var grunaður um að hafa áreitt við Laugalæk, til rannsóknar í Noregi. Niðurstöður þeirrar rannsóknar, sem beinist að því hvort um snertingar hafi verið að ræða, liggja fyrir.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst ekki vilja greina frá niðurstöðum rannsóknarinnar. - jss

Hæstiréttur í Frakklandi:

# Ógilti hjónaband homma

**FRAKKLAND, AP Hæstiréttur í Frakklandi ógilti í gær fyrsta og eina hjónaband samkynhneigðra sem hafa verið vígðir saman í Frakklandi á þeim grundvelli að það væri ólöglegt. Mennirnir tveir voru vígðir í hjónaband árið 2004 í Bordeaux-héraðinu og lýstu stjórnvöld því samstundis yfir að hjónabandið væri ólöglegt. Parið fór í mál og hefur tapað á öllum dómstigum. Hefur meðal annars verið úrskurðað að „samkvæmt frönskum lögum er hjónaband sáttmáli milli manns og konu“.**

**Parið hefur sagst munu fara með málið til Mannréttindadómstóls Evrópu.** - sdg



**ÁLVERIÐ Á REYÐARFIRÐI** Álverið hefur nú fengið fullt starfsleyfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Álver Alcoa Fjarðaráls:

# Starfsleyfi öðlast endanlegt gildi

**REYÐARFJÖRÐUR** Starfsleyfi Alcoa Fjarðaráls hefur öðlast endanlegt gildi. Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfið 25. janúar síðastliðinn og tilkynning um það birtist í Stjórnartíðindum 9. febrúar. Frá þeim degi var tveggja vikna lögboðinn kærufrestur, en engar kærur bárust að þessu sinni.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í byrjun árs 2005 að nýtt mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við byggingu álvers Alcoa skyldi fara fram. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu skömmu síðar. Útgáfa hins nýja starfsleyfis bindur enda á lögbundið ferli leyfisins innan stjórnsýslunnar. - þsj

## REYKJAVÍK

### Hjólför á Arnarhóli

Grasflötin á Arnarhóli í Reykjavík er töluvert skemmd eftir að ökumaður keyrði yfir hann þveran. Djúp hjólför liggja upp brekkuna við Þjóðmenningarhúsið og svo vestur yfir sjálfan hólinn. Ekki er ljóst hver var að verki.

### kristinn.is komin í lag

Rafmagnsbilun á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar eldingar um helgina varð þess valdandi að tölvubúnaðurinn sem hýsir heimasíðu Kristins H. Gunnarssonar þingmanns, kristinn.is, hrundi og var síðan óvirk í á annan sólarhring. Hún er nú komin í lag.

# Telja uppfærslu kerfis ekki útboðsskylda

**Forsvarsmenn Neyðarlínunnar segja uppfærslu á tækjabúnaði vegna uppsetningar Tetra-kerfisins ekki hafa verið útboðsskylda. Innihald samnings Neyðarlínunnar og Motorola hefur ekki verið opinberað. Allt eðlilegt, segir lögmaður.**

**KÆRUMÁL** Forsvarsmenn Neyðarlínunnar töldu útboð vegna tækjakaupa í tengslum við uppsetningu Tetra-kerfis á landinu með öllu óþarft. Stefnt er að því að taka kerfið í notkun 1. maí næstkomandi.

Einkum var horft til þess að um uppfærslu á búnaði frá Motorola væri að ræða og því þyrfti ekki að bjóða viðskiptin út. Ríkiskaup fékk málið til umfjöllunar en taldi ekki þarft að bjóða viðskiptin út, eftir að hafa farið yfir málið, að sögn Þórhalls Ólafssonar forstjóra Neyðarlínunnar.

Arnar Þór Jónsson, lögmaður Logos lögmannsþjónustu, sem vinnur að málinu fyrir hönd Neyðarlínunnar, segir eðlilega hafa verið staðið að öllum málum. „Þegar ákvörðun var tekin um að endurnýja og stækka fjarskiptakerfi það sem Neyðarlínan notar voru sérfræðingar fengnir til að framkvæma sérstaka skoðun á hagkvæmustu lausn mála og voru þar höfð í huga ákvæði laga um opinber innkaup og þær tæknilegu aðstæður sem hér voru fyrir hendi. Leiddi athugun í ljós að hagkvæmara væri að ganga til samninga við Motorola um uppfærslu búnaðarins.“



**NEYÐARLÍNAN** Stefnt er að því að taka Tetra-kerfið í notkun á landsvísu 1. maí en það er einkum notað í störfum lögreglu og allra sem koma að björgunarstörfum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Arnar segir EADS hafa verið ljóst frá upphafi málsins á hvaða forsendum forsvarsmenn Neyðarlínunnar ræddu við félagið um uppfærslu kerfisins. „Athugasemdir EADS við framgang málsins komu fyrst fram eftir að ljóst varð að ekki yrði af umræddum samningum. Málið er nú hjá kærunefnd en Neyðarlínan hefur hafnað athugasemdum EADS.“

Forsvarsmenn Neyðarlínunnar hafa ekki viljað gefa upp hvað felst í samningi Neyðarlínunnar og Motorola, þar á meðal um hvaða fjárhæðir er að ræða. Fram hefur komið, í áliti lögmanna Neyðarlínunnar, að eldri búnaður hafi verið látinn ganga upp í kaupin á nýjum búnaði, en það jafngilti um 200 milljóna króna lækkun.

Odd Erik Kaløkken, viðskiptaþróunarstjóri Evrópudeildar þýska fyrirtækisins Rohde & Schwarz, sendi fyrirspurn 23. nóvember í fyrra til samgönguráðuneytisins þar sem hann spyr að því hvort það geti verið að gengið hafi verið frá umræddum viðskiptum án útboðs, en ekki með útboði eins og EES-lögin gera ráð fyrir að hans mati. Bréfinu hefur enn ekki verið svarað.

Kristrún Lind Birgisdóttir, aðstoðarmaður Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra, segir bréfið ekki finnast innan ráðuneytisins en útilokaði ekki að það hefði borist. Hún svaraði fyrir málefni ráðuneytisins í fjarveru Sturlu sem staddur er í Bandaríkjunum.

magnush@frettabladid.is

### UM FYRIRTÆKIÐ EADS

EADS Secure Networks Oy er öryggisþjónustudeild innan EADS. Helstu vörur fyrirtækisins eru Airbus flugþotur, herþotur, þyrlur, flugskeyti, gervihnettir ásamt ýmsum smærri hlutum. Einnig sinnir fyrirtækið ýmsum smærri verkefnum á svæði öryggisþjónustu, meðal annars rekstri öryggiskerfa.



**SÝNINGARSVÆÐIÐ** Ólafur Ragnar Grímsson var einn af þeim fimmtán þúsund sem litu inn á sýninguna um helgina.

Tækni og vit um síðustu helgi:

# 15 þúsund á tæknisýningu

**TÆKNI** Fimmtán þúsund manns heimsóttu sýninguna Tækni og vit 2007 sem haldin var í Fífunni í Kópavogi um seinustu helgi. Tölvugerðar teiknimyndir, rafræn skilríki og eldflaug var meðal þess sem fagaðilar og almenningur gátu kynnt sér á sýningunni. Yfir hundrað fyrirtæki og stofnanir sýndu þar vörur sínar og þjónustu.

Geir H. Haarde forsætisráðherra opnaði sýninguna á fimmtudagskvöld og lauk henni á sunnudag. Kristinn Jón Arnarson, kynningarfulltrúi sýningarinnar, segist mjög ánægður með aðsóknina og hvernig til hafi tekist. - sþs

Tveir menn handteknir:

# Stálu tölvum og peningakassa

**LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn voru handteknir á mánudagskvöld eftir að hafa brotist inn í fyrirtæki í austurborginni og stolið þaðan peningakassa og tölvubúnaði.**

**Mennirnir fluttu síðan fenginn í annað hverfi í borginni. Að sögn lögreglu urðu heiðarlegir borgarar varir við að mennirnir reyndu að brjóta upp peningakassann með ýmsum verkfærum og tilheyrandi hávaða og létu vita af atferlinu. Mennirnir eru báðir á þrítugsaldri og hafa komið áður við sögu lögreglunnar.** - þsj


FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi




**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

*Verð aðeins 7.950 kr.*

ORÐABÓKAÚTGÁFAN


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVIÐUKENNT VESTAN TIL**

Það eru horfur á nokkuð vindasömu veðri á landinu í dag með rokum allra vestast, einkum í námunda við fjöll. Vindur verðu þó sýnu hægastur norðaustan til. Sé rýnt í veðrið um helgina eru horfurnar ekki góðar. Hvassviðri eða jafnvel stormur samfara lægðakomu á laugardag og hvöss norðanátt á sunnudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðvestan 8-10 m/s með skúrum eða éljum. Hiti 1-4 stig.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C | léttskýjað | London | 14°C hálfskýjað | | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 10°C | skúrir | París | 14°C heiðskírt | | Mallorca | 16°C heiðskírt |
| Osló | 8°C | hálfskýjað | Frankfurt | 14°C heiðskírt | | Algarve | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C | léttskýjað | Friedrichshafen | 14°C léttskýjað | | Krít | 13°C skúrir |
| Gautaborg | 6°C | hálfskýjað | Berlín | 13°C heiðskírt | | Las Palmas | 10°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- **80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina***
- **20% Viðbótarlán til íbúðakaupa**
- **Námslokalán – allt að 3 milljónir****
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Gullkreditkort**
- **Persónulegur þjónustufulltrúi**
- **Tryggingar**
- **Lífeyrissparnaður**

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift. Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

**Kaupþing vex með þér**

KAUPÞING

*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fara til útlanda um páskana?*

| | |
|---|---|
| Já | 14% |
| Nei | 86% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Keyrir þú oft yfir hámarkshraða?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Foreldrar ungra barna á Akranesi eru uggandi vegna skorts á leikskólaplássum:

# Dagforeldrar anna ekki eftirspurn

**SKÓLAMÁL** Foreldrar á Akranesi eru uggandi vegna skorts á leikskólaplássum í bænum. Verði ekki gripið til aðgerða fljótt má búast við að stór hluti tveggja ára barna komist ekki inn á leikskóla í haust. Dagforeldrar anna ekki eftirspurn og ekki hefur verið tekin ákvörðun um byggingu nýs leikskóla.

„Ástandið núna er ásættanlegt en ef við horfum fram á haustið stefnir í vandamál,“ segir Helga Gunnarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála hjá Akranesbæ.

Fram til þessa hafa öll börn á öðru ári verið tekin inn í leikskóla að hausti en vegna fjölgunar í bænum munu fjölmörg börn ekki komast inn á leikskóla í haust.



**ÚRRÆÐALEYSI** Dagforeldrar á Akranesi ná ekki að anna eftirspurn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við þurfum að byggja nýjan leikskóla og erum nú að kanna hvort við getum reist einingahús í sumar og tekið nýjan leikskóla í notkun í haust,“ segir Helga sem vonast til þess að komin verði niðurstaða í lok mánaðarins. Foreldrum í bænum þykir heldur seint í rassinn gripið. Mikið hefur verið byggt í bænum og íbúum hefur fjölgað um 522 frá því í desember árið 2000.

Komist tveggja ára börnin ekki inn á leikskóla í haust veldur það vandræðum hjá dagforeldrum sem ekki geta tekið við nýjum börnum. Nú þegar ná dagforeldrar ekki að anna eftirspurn og dæmi eru um að foreldrar hafi samband við dagmæður og láti taka frá pláss strax og vitað er um þungun. - þo

Danska ríkisútvarpið:

# Þrjú hundruð missa vinnuna

**DANMÖRK, AP** Yfirstjórn ríkisútvarpsins í Danmörku ætlar að segja upp 300 starfsmönnum, en það eru meira en tíu prósent af starfsmannafjölda útvarpsins.

„Sem stendur er Danmarks Radio í afar erfiðri stöðu, það verður að viðurkennast,“ sagði Kenneth Plummer útvarpsstjóri á blaðamannafundi í gær.

Með uppsögnunum er vonast til þess að spara megi verulega í rekstri útvarpsins, sem heldur úti tveimur sjónvarpsrásum og fjórum útvarpsrásum. Árið 2005 var hundrað starfsmönnum sagt upp hjá danska ríkisútvarpinu til þess að draga úr útgjöldum. - gb


BOÐEIND — TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA
Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sale@bodeind.is

Fermingartilboð á www.bodeind.is

Staðgreiðsluverð nú kr. 24.900,-
Asus VW192S 19” LCD skjár
5ms - Upplausn:1440x900
Contras ratio: 800:1 - Birta:330 cd/m²
innbyggðir hátalarar
~~Verð kr. 29.900,-~~



Staðgreiðsluverð nú kr. 40.900,-
Asus PG191 19” LCD skjár - 2ms
SRS TruSound - Birta:320 cd/m²
hátalararkerfi með bassakeilu
Upplausn:1280x1024
Contrast ratio: 800:1
~~Verð kr. 44.900,-~~



Staðgreiðsluverð nú kr. 49.900,-
Asus MW221U 22” LCD skjár
2ms - Upplausn:1680x1050
Hlutföll: 16:10 / HDCP
Birta: 300 cd/m² - Hátalarar
Contrast ratio 700:1
~~Verð kr. 59.900,-~~



Staðgreiðsluverð nú kr. 56.900,-
Asus PW201 22” LCD skjár
Glare type - háskerpuskjár - 2ms
Upplausn: 1680x1050 - Hátalarar
Hlutföll: 16:10 / HDCP - vefmyndavél
Birta: 300 cd/m² - Contrast ratio 700:1
Mikilir tengimöguleikar t.d. S-video
~~Verð kr. 59.900,-~~





ótrúleg fartölvutilboð á Bodeind.is
Verð áður kr. 104.900,- / Almennt verð kr. 101.679,-
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Öflug fartölva í skólann, á heimilið eða í vinnuna!
kemur með innbyggðir vefmyndavél og hljóðnema

Skjár: 15,4” WXGA Glare Type háskerpuskjá
Upplausn: 1280x800
Örgjöri: Intel Pentium M Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2 / stækkanleg í 2GB
Hljóðkort: Intel High definition
Netkort: 10/100/1000 LAN - Þráðlaust 802.11 a/b/g
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixla & hljóðnemi
Helstu tengi: Kortalesari, 4x USB 2.0
1x FireWire, 1x S-Video, 56k modem
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Hugbúnaður:
Norton Systemworks vírusvörn / Eldveggur
Nero 6 skrifarahugbúnaður/Asus DVD hugbúnaður
Rapid Recovery - Endursetur tölvuna á einfaldan
hátt - Asus Director Pro - Media@ show - o.fl.
Fartölvutaska og laser mús fylgir með




**TÍMAHRAK** Tímasetningar á vitnaleiðslum hafa hingað til staðist nokkuð vel, en í gær fóru yfirheyrslur á lögreglumönnum langt fram úr áætlun, og þurftu sækjandi og verjendur að endurskoða áætlanir. Vegna þessa þurfti meðal annars að fresta vitnaskýrslum Jónínu Benediktsdóttur og Jóns H. B. Snorrasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikill tími í ábendingar

## Engin ástæða var til að rannsaka ábendingar sakborninga um Simon‘s Agentur segja lögreglumenn. Augljóst að þetta átti að rannsaka segja verjendur.

**BAUGSMÁL** Gagnrýni verjenda tveggja sakborninga í Baugsmálinu kristallaðist í ítarlegum spurningum sem þeir lögðu fyrir tvo lögreglumenn sem komu fyrir dóminn í gær. Lögreglumennirnir sögðu mikinn tíma hafa farið í að rannsaka ábendingar sakborninga og vitna.

Þeir Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Sveinn Ingibert Magnússon lögreglufulltrúi unnu báðir að rannsókninni á Baugsmálinu og svöruðu spurningum sækjanda og verjenda þegar þeir komu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem vitni í gær.

Bæði Arnar og Sveinn sögðu mikinn tíma lögreglu hafa farið í að rannsaka ábendingar sakborninga og vitna og fullyrtu að lögreglan hefði á öllum stigum gætt jafnt að því að rannsaka atriði sem sýnt gætu fram á sekt og sakleysi sakborninga í málinu.

BAUGS MÁLIÐ

Þetta dró Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, í efa og benti meðal annars á tvær yfirheyrslur yfir umbjóðanda sínum þar sem hann sagði mánaðarlegar greiðslur Baugs til Nordica eiga sér hliðstæðu í viðskiptum Baugs við fyrirtækið Simon‘s Agentur í Danmörku. Jón Ásgeir er ásamt Tryggva Jónssyni sakaður um fjárdrátt með því að hafa látið Baug greiða mánaðarlega til Nordica til að fjármagna hlut Fjárfestingafélagsins Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs, í skemmtibátnum Thee Viking.

Sveinn Ingibert sagði aðspurður að þrátt fyrir ábendingar um að hliðstæðar greiðslur hafi runnið til Nordica og Simon‘s Agentur hafi lögregla metið það svo að ekki væri rétt að rannsaka viðskipti Baugs við danska fyrirtækið. Arnar var á sama máli og sagði að með tilliti til þess sem undir var í þessari rannsókn hafi ekki verið talin ástæða til þess.

Arnar var einnig spurður um húsleit hjá Kaupþingi Lúxemborg árið 2004, en framkvæmdastjóri bankans í Lúxemborg bar fyrir dómi fyrr við meðferð málsins að blaðamaður Morgunblaðsins hefði hringt í sig snemma morguns þegar aðeins þröngur hópur lögreglumanna vissi af henni.

„Ég tel alveg ljóst að þarna hefur einhver brotið trúnað, hver svo sem það hefur verið,“ sagði Arnar aðspurður, en sagði lögreglu hafa kannað hvort lekinn hafi getað komið frá þeim, án þess að komast að því hver lak.

Frásögn Sveins var með talsvert öðrum blæ en frásögn Magnúsar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Kaupþings Lúxemborg. Sveinn tók þátt í húsleit á heimili Magnúsar og sagðist hafa komið þangað um klukkan sjö að morgni. Magnús sagði blaðamann hafa hringt í sig um 7.30. Sveinn sagði að Magnús hefði virkað nývaknaður og ekki minnst á símtal frá Morgunblaðinu fyrr en daginn eftir þegar hann var yfirheyrður.

Gestur Jónsson spurði Svein einnig um tölvupóst sem kom úr tölvu Tryggva, en nýverið var lagðir fram tölvupóstur sem virðist renna stoðum undir framburð Jóns Ásgeirs, sem Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, fann fyrir tilviljun.

„Þetta var gríðarlegt magn af pósti, held ég hafi aldrei séð pósthólfið hjá manni sem hefur notað póstinn jafnmikið og Tryggvi Jónsson. Þarna voru þúsundir bréfa,“ sagði Sveinn. Vegna þessa mikla magns hafi einhver bréf sem máli skiptu farið framhjá rannsakendum og ekki hægt að útiloka að enn leynist þar póstur sem geti komið málinu við. brjann@frettabladid.is

## ORÐRÉTT



*„Þetta er algerlega úr lausu lofti, klárlega. [...] Svona hluti bara geri ég ekki.“*

Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn kannaðist ekki við lýsingar vitnis sem yfirheyrt var hjá lögreglu. Fyrir dómi sagði vitnið að Arnar hafi við upphaf yfirheyrslu lesið upp nafn, kennitölu og heimili, spurt svo hvort viðkomandi hafi verið handtekinn, og svarað sér sjálfur að það væri ekki ennþá komið, og glott.



*„Enn er vitnið komið á hálar brautir, svo ekki sé meira sagt.“*

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, gerði athugasemd þegar Arnar Jensson sagði vitni hafa viljað draga gögn til baka í miðri yfirheyrslu, og minnti Jakob á að ekkert sé bókað um það í skýrslu lögreglu.



*„Það er eins með mig eins og þig, það er svo mikið af skjölum í málinu að ég man ekki eftir þeim öllum.“*

Arnar Jensson svaraði Gesti Jónssyni, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, en þeir mundu hvorugur hvort aðili sem um var rætt hefði sent lögreglu skriflega yfirlýsingu sem finna mætti í gögnum málsins.



*„Viljið þið ekki bara fara í eitthvað sem þið munið?“*

Arngrími Ísberg dómsformanni var lítt skemmt þegar Gestur og Arnar ræddu hvort skjal hefði borist lögreglu eða ekki og stöðvaði þær umræður að lokum.



*„Það myndi aldrei hvarfla að okkur að halda honum matarlausum.“*

Sveinn Ingibert Magnússon lögreglufulltrúi svaraði ásökunum sem Tryggvi Jónsson hafði sett fram fyrir dómi um að lögregla hafi haldið honum án matar í tæpan sólarhring.



*„Er það afstaða þín að það sé hlutverk sakborninga að sýna fram á sakleysi sitt?“*

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, var ósáttur við þau orð Sveins Ingiberts að sakborningar hefðu ekki bent á ákveðinn tölvupóst, sem settur ríkissaksóknari fann fyrir tilviljun.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Nokkuð rask hefur orðið á vitnalistanum vegna gærdagsins, en í dag er gert ráð fyrir því að meðal þeirra sem komi fyrir dóminn verði Einar Þórisson hjá Aðföngum og Gunnar Snævar Sigurðsson, sem sá um að ganga frá kauprétti æðstu stjórnenda Baugs.

ENNEMM / SÍA / NM26680

VELKOMNAR Á

# KONUKVÖLD

í SMÁRALIND

**Í kvöld bjóðum við allar konur sérstaklega velkomnar í Smáralind og yfir 30 verslanir munu hafa opið frá kl. 19.00- 23.00. Mikil dagskrá verður í göngugötunni allt kvöldið, dekur fyrir konur, tískusýning, spákonur, lifandi tónlist, léttar veitingar í verslunum, spennandi tilboð, kynningar á nýjungum og margt fleira. Happdrætti með glæsilegum vinningum.**

**Njóttu þín í leikandi og léttri kvennastemningu í Smáralind í kvöld!**

## DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 19.00 | Húsið opnað |
| 20.00 | Sýning hefst í göngugötunni – Helga Braga kynnir |
| 20.00 | Skemmtun á vegum Léttbylgjunnar hefst í Vetrargarðinum |
| 20.15 | Tískusýning í göngugötunni |
| 20.45 | Jazzdúett tekur nokkur lög |
| 21.00 | Sigríður Klingenberg spámiðill |
| 21.20 | Skemmtun lýkur í Vetrargarðinum |
| 21.30 | Tískusýning í göngugötunni |
| 23.00 | Verslanir loka í Smáralind |

Dregnir út vinningar í risahappdrætti reglulega allt kvöldið.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

„... svo takk fyrir mig!“

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„... og ég get barasta sagt að ég var alveg ofsalega ánægð með þjónustuna sem ég fékk, mjög elskulegt viðmót og ekki yfir neinu að kvarta. Svo takk fyrir mig!“

Með bestu kveðju, Ásdís Jónsdóttir

**Ánægjuvog tryggingafélaga 2006**




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.




TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is


Íslendingar hafa tekið á móti 421 flóttamanni frá 1956:

# Von er á 25 til 30 flóttamönnum í ár

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra um að taka á móti 25 til 30 flóttamönnum á þessu ári. Einnig var ákveðið að sami fjöldi flóttamanna komi til landsins árlega næstu ár.

Kostnaður við mótttöku flóttamanna hefur verið greiddur af félagsmálaráðuneytinu en verður eftirleiðis greiddur af utanríkisráðuneytinu. Félagsmálaráðuneytið mun eftir sem áður annast móttökuna í samstarfi við flóttamannanefnd og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Á árunum 1996-2006 komu 217 flóttamenn til landsins. Á fjórum áratugum þar á undan, 1956-1996, voru þeir 204. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hvorki hefur verið ákveðið hvaðan flóttamennirnir koma né hvar á landinu þeir setjast að.

Síðast komu flóttamenn til Íslands 2005 og voru það einstæðar mæður og börn þeirra frá Kosovo og Kólumbíu.

Valgerður Sverrisdóttir segist hlynt því að nú verði staðið að málum með svipuðum hætti og þá. 35 milljónir króna eru ætlaðar til verkefnisins í ár.

Valgerður segir verklag við móttöku flóttamanna á síðustu árum hafa vakið eftirtekt og til skoðunar sé hvernig Íslendingar geti miðlað af þekkingu sinni og reynslu til annarra þjóða. **- bþs**

# Meirihluti andvígur skatti á nagladekk

**Aðeins fleiri eru mótfallnir því að skattleggja nagladekk, en þeir sem eru því fylgjandi. Stuðningsmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs eru helst fylgjandi slíkri skattlagningu, en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks helst á móti.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Alls 53,5 prósent telja að ekki eigi að skattleggja nagladekk sérstaklega til að minnka svifryksmengun. 46,5 prósent segjast vera slíkri skattlagningu fylgjandi. Umræður um svifryksmengun hafa verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum upp á síðkastið, vegna þess að svifryk mældist yfir hættumörkum í frosti og stillum í Reykjavík og á Akureyri.

Allmargir svarendur í könnuninni tóku þó fram að slík skattlagning ætti einungis að gilda fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, en ekki á landsbyggðinni þar sem ökumenn þyrftu frekar á því að halda að aka á nagladekkjum, öryggisins vegna. Einnig var nokkur fjöldi svarenda sem taldi að banna ætti nagladekk, þótt þeir væru ekki eins margir og töldu að skattlagningin ætti að vera búsetutengd.

Karlmenn eru frekar fylgjandi því að skattleggja nagladekk en konur. 50,5 prósent karla eru því fylgjandi en 42,3 prósent kvenna. Þá eru íbúar höfuðborgarsvæðisins frekar fylgjandi slíkri skattlagningu, 46,0 prósent þeirra, en íbúar landsbyggðarinnar. 33,8 prósent íbúa utan landsbyggðarinnar voru því fylgjandi.

Ef litið er á stuðning við skattlagningu á nagladekkjum eftir stuðningi við stjórnmálaflokka er mestur stuðningur við slíka skattlagningu meðal stuðningsmanna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, 60,7 prósent þeirra styðja skattlagningu á nagladekk til að sporna við svifryki. 52,4 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokks styðja slíka skattlagningu og 50,6 prósent stuðningsmanna Samfylkingar. Minnihluti annarra styður slíka skattlagningu, 48,0 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins og 41,6 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins. 43,5 prósent óákveðinna styðja slíka skattlagningu.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 10. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: „Á að skattleggja nagladekk til að sporna við svifryki?“ 88,4 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

**svanborg@frettabladid.is**

**Á AÐ SKATTLEGGJA NAGLADEKK TIL AÐ SPORNA VIÐ SVIFRYKI?**




Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 10. mars.





SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

# *Við þökkum traustið*




Smásöluverslun (meðaltal): 64,2 stig.

***BYKO er með ánægðustu viðskiptavinina á smásölumarkaði samkvæmt íslensku ánægjuvoginni 2006. Við þökkum traustið og munum áfram leggja okkur fram um að standa undir væntingum neytenda.***

capacent

*Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Capacent Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum, og tryggð viðskiptavina.*

BYKO

**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**

# Tilboð á burstum!

15% AFSLÁTTUR*

Vikan hygiene system

**BAKKABURSTI**

Tilvalinn til þrifa á bökkum og öðrum ílátum.



**BURSTI Í KVERKAR**

Hentar vel til að þrífa undir borð og tæki



**TANKBURSTI**

Nær að þrífa vel í hornum án þess að rispa, frábær t.d til að þrífa heitu pottana.



**HANDSKRÚBBUR**

Fer mjög vel í hendi og tilvalinn til að þrífa vinnuborð ofl.



* Tilboð gildir til 30. mars eða á meðan birgðir endast.

Suðurlandsbraut 26
Reykjavík
Sími: 510 0000

Miðási 7
Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Brekkustíg 39
Njarðvík
Sími: 420 0000

Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími: 430 0000

BESTA
www.besta.is


Fyrirhuguð framboð hægri grænna og aldraðra og öryrkja til alþingiskosninga:

# Taka fylgi frá stjórnarandstöðunni

**STJÓRNMÁL** Framboð aldraðra og öryrkja annars vegar og hægri grænna hins vegar mun klárlega taka mest fylgi frá stjórnarandstöðunni, segir Úlfar Hauksson stjórnmálafræðingur.

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins, sem sagt var frá í gær, segja tæp þrettán prósent að framboð öryrkja og aldraðra myndi hafa áhrif á atkvæði sitt en rúm tíu prósent að framboð Ómars Ragnarssonar og Margrétar Sverrisdóttur hefði áhrif. Framboðin hefðu einna minnst áhrif á Sjálfstæðisflokk en meiri áhrif á stjórnarandstöðuflokkana, Samfylkingu, Vinstrihreyfinguna-grænt framboð og Frjálslynda flokkinn.

„Það er borðliggjandi að nýju framboðin taka fylgi frá stjórnarandstöðunni," segir Úlfar. „Af þeim óákveðnu sem munu íhuga að kjósa þessi nýju framboð, þá er þar á eftir líklegast að þeir kjósi stjórnarandstöðuna. Komi framboðin ekki til sögunnar lenda atkvæði þeirra frekar hjá andstöðunni en stjórnarflokkunum."



**FUNDAÐ UM MÁL ALDRAÐRA** Úlfar segir niðurstöðurnar í takt við það sem kosningarannsóknir sýna fram á.

Hann segir niðurstöður könnunarinnar ekki koma á óvart. „Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf haft sterkasta fastafylgið en hjá Samfylkingu, og vinstri flokkunum almennt, er fylgið lausara og líklegra að kjósendur skipti um skoðun á milli kosninga." **- sþs**



**FELLD TRÉ** Skógarhöggsmaður í Bosníu sinnir starfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ástand skóga á Vesturlöndum:

## Eyðing skóga er úr sögunni

**RÓM, AP** Víðast hvar á Vesturlöndum heyrir eyðing skóga sögunni til og hefur skóglendi þar aukist nokkuð, en víða í þróunarlöndum eru skógar enn að eyðast svo um munar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Verst er ástandið í fátækum löndum, einkum í hitabeltinu. Skógar í Afríku minnkuðu um níu prósent frá 1990 til 2005. Alls er skóglendi á um það bil 30 prósent af öllu landsvæði á jörðinni. **- gb**

# Ill meðferð á hermönnum

**Yfirlæknir í bandaríska hernum hefur sagt af sér vegna frétta af meðferð á fyrrverandi hermönnum. Í Bretlandi eru svipuð mál að skjóta upp kollinum.**

**BANDARÍKIN, AP** Kevin C. Kiley, yfirlæknir bandaríska hersins, sagði af sér í gær í kjölfar frétta af slæmri meðferð sem bandarískir hermenn, sem barist höfðu í Írak, fengu á hersjúkrahúsinu Walter Reed í Washington.

Kiley, sem var forstjóri sjúkrahússins á árunum 2002 til 2004, er sá þriðji í röðinni af háttsettum yfirmönnum í bandaríska hernum sem segir af sér vegna þrýstings út af þessu máli.

Walter Reed-hersjúkrahúsið í Washington þykir eitt það besta sem herinn hefur upp á að bjóða. Áfallið er því meira þegar í ljós kemur að fyrrverandi hermenn, sem mikil virðing er borin fyrir í Bandaríkjunum, hafa ekki fengið þá þjónustu sem þeir eru taldir eiga rétt á.

Hermennirnir fyrrverandi og ættingjar þeirra höfðu kvartað undan vanrækslu, slæmum aðbúnaði og gríðarlegri skriffinnsku sem þeir áttu erfitt með að ráða við. Svipaðar sögur hafa borist frá sjúkrahúsum víðar í Bandaríkjunum.

Samkvæmt nýrri rannsókn hefur um fjórðungur þeirra hermanna sem börðust í Afganistan eða Írak þurft að gangast undir læknismeðferð vegna geðrænna vandamála eftir heimkomuna.

Öll þessi mál hafa komið sér illa fyrir ríkisstjórn George W. Bush forseta, sem fyrir átti erfitt með að verja óvinsælan stríðsrekstur sinn í Írak.

Svipað mál er komið upp í Bretlandi þar sem varnarmálanefnd þingsins sagðist í gær ætla að rannsaka ásakanir um að hermenn, sem snúa aftur eftir herþjónustu í Afganistan eða Írak, hafi fengið óviðunandi meðferð á sjúkrahúsum eftir heimkomuna.



**KEVIN C. KILEY** Yfirlæknir bandaríska hersins sat fyrir svörum þegar fyrstu fréttir af illri meðferð hermanna á virtu sjúkrahúsi í Washington birtust fyrir nokkrum vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stór hluti breskra hermanna hefur þurft að leita meðferðar vegna geðrænna vandamála eftir heimkomuna frá Írak. Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda eru þeir rúmlega 2.100 talsins, en það eru um tvö prósent allra breskra hermanna sem sendir hafa verið til Íraks. Breskir fjölmiðlar hafa hins vegar á síðustu dögum sagt vandann enn víðtækari og fullyrða að margir þessara hermanna hafi engan veginn hlotið viðunandi meðferð. **gudsteinn@frettabladid.is**


Námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða

# Heimsóknavinir óskast!



Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum á öllum aldri og af báðum kynjum, karlmenn eru þó sérstaklega hvattir til að skrá sig.

Undirbúningsnámskeið verður haldið 20. mars kl. 18–20:30 hjá Reykjavíkdurdeild Rauða kross Íslands á Laugavegi 120, 4. hæð.

Heimsóknarvinur veitir félagsskap m.a. með því að spjalla, lesa eða fara í göngu- og ökuferðir.
Heimsóknir eru að jafnaði einu sinni í viku í klukkustund.

Námskeiðin eru ókeypis og opin öllum áhugasömum.

Reykjavíkudeild Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, sími 545 0400, Heimsóknarþjónusta RRKÍ, beinn sími 545 0409.

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

Einnig hægt að sækja um beint á Netinu:
www.redcross.is/reykjavikurdeild/Ég vil gerast sjálfboðaliði


Rannsókn kynferðisbrotadeildar lögreglunnar:

## Sjö konur hafa kært nauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Sjö nauðganir hafa verið kærðar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá áramótum, auk einnar nauðgunartilraunar.

Síðasta nauðgunarkæran barst til lögreglunnar um nýliðna helgi. Þá kærði kona nauðgun eftir að hafa farið með manni í heimahús í Reykjavík.

Af þessum sjö kærum bárust þrjár í síðasta mánuði og tvær nauðganir hafa verið kærðar það sem af er þessum mánuði. Öll þessi mál hafa farið í rannsóknarferli hjá kynferðisbrotadeildinni, að sögn Björgvins Björgvinssonar yfirmanns deildarinnar.

Að sögn Björgvins er forsaga nauðgunarkæra oftast með þeim hætti, að tveir einstaklingar hittast á skemmtistað og fara saman heim til annars hvors þeirra á eftir. Ekki er alltaf um að ræða að þvingun til samræðis hafi í för með sér aðra líkamlega áverka en merki um átök, þótt slíkt komi fyrir. Hitt er mun sjaldgæfara að kærð sé árás á konu á förnum vegi og nauðgun í framhaldi af því.

„Þessi mál geta verið býsna margþætt," segir Björgvin. Aðspurður segir hann að yfirleitt eigi ungt fólk þarna hlut að máli. **- jss**



# Kringlukast

FINUCCI
collezione

## SKYRTUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~8.980~~
MARGAR GERÐIR
**VERÐ NÚ KR. 5.980**

strellson

## PÓLÓBOLIR-BOLIR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~5.980 OG 6.980~~
MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR
**VERÐ NÚ KR. 3.980**

FINUCCI
collezione

## JAKKAFÖT

VERÐ ÁÐUR KR. ~~44.980~~
MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR
**VERÐ NÚ KR. 26.980**

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234



## Aðalfundur Bakkavör Group

23. mars 2007

Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn föstudaginn 23. mars 2007, kl. 17:15 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar síðastliðins reikningsárs.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðendafélags.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum:
   - a) Breyting á 1. gr. - Breyting á heimilisfangi félagsins.
   - b) Breyting á 3. gr. - Heimild til stjórnar til hækkunar á hlutafé félagsins um allt að 2.000.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.
   - c) Breyting á 3. gr. - Heimild til stjórnar til útgáfu hlutafjár félagsins í sterlingspundum.
   - d) Breyting á 13. gr. - Rafræn þátttaka á hluthafafundum og rafrænir hluthafafundir.
   - e) Breyting á 18. gr. - Tillögur um starfskjarastefnu verði viðbótarliður á dagskrá aðalfundar.
   - f) Breyting á 19. gr. - Upplýsingar í framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.
8. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast umrædd gögn á vefsíðu félagsins, www.bakkavor.com, og vefsíðu Kauphallar Íslands, frá sama tíma.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

*Stjórn Bakkavör Group hf.*

BAKKAVÖR
www.bakkavor.com

TUNGLIÐ


Rice segir Rorbert Mugabe miskunnarlausan:

# Skapar þjáningu

**SIMBABVE, AP** Leiðtogi helsta stjórnarandstöðuflokksins í Simbabve, Morgan Tsvangirai, var fluttur á sjúkrahús úr réttarsal í gær. Tsvangirai er talinn hafa verið pyntaður í haldi lögreglunnar sem handtók hann á sunnudag fyrir að hafa skipulagt bænafund ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum, kirkjum og borgaralegum samtökum undir yfirskriftinni Björgum Simbabve. Einn var skotinn til bana.



**MORGAN TSVANGIRAI** Virtist ráðvilltur þegar var á leið á sjúkrahúsið.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði forseta Simbabve, Robert Mugabe, bera ábyrgð á öryggi og velferð þeirra sem handteknir voru á bænafundinum. „Alþjóðasamfélaginu hefur enn á ný verið sýnt að stjórn Roberts Mugabe er miskunnarlaus og kúgandi og veldur fólkinu í Simbabve aðeins þjáningum.“ **- sdg**

Skýrsla Evrópunefndar Alþingis kynnt:

# Nálgast málið með ólíkum hætti

**STJÓRNMÁL** „Þrátt fyrir ólíka nálgun nefndarmanna að viðfangsefnum tengdum Evrópumálum í nefndarstarfinu þá tel ég framlag nefndarinnar afar mikilvægt og til þess að fallið að skýra ýmis álitamál,“ sagði Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og formaður Evrópunefndar, er skýrsla nefndarinnar var kynnt í gær.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu skiluðu fulltrúar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Sjálfstæðisflokks, Katrín Jakobsdóttir, Ragnar Arnalds, Einar K. Guðfinnsson og Björn Bjarnason, sameiginlegu áliti þar sem skýr afstaða gegn aðild að sambandinu er tekin. Er sérstaklega vitnað til þess að „engar líkur“ séu á að samist geti um milli Íslands og Evrópusambandsins, „að 200 mílna efnahagslögsagan umhverfis Ísland verði í heild sinni viðurkennd sem sérstakt fiskveiðistjórnarkerfi undir stjórn Íslendinga“ eins og orðrétt segir í sameiginlegu áliti flokkanna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson og Össur Skarphéðinsson, skiluðu séráliti þar sem þeir telja mikilvægt fyrir Íslendinga að horfa til aðildar að Evrópusambandinu með opnum hug, sérstaklega sé upptaka evrunnar mikilvæg fyrir íslenskt efnahagslíf.



**FRÁ FUNDINUM** Afrakstur nefndarstarfs, sem staðið hefur yfir frá 8. júlí 2004, var kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fulltrúar Framsóknarflokks, Hjálmar Árnason og Jónína Bjartmarz, segja í áliti sínu að samband Íslands við Evrópu sé mikilvægasta alþjóðasamstarf þjóðarinnar og að því þurfi að hlúa.

Fulltrúi Frjálslynda flokksins, Brynjar Sindri Sigurðsson, byggir álit sitt öðru fremur á því að aðild að Evrópusambandinu sé óraunhæfur kostur að svo stöddu, þar sem hún gengur gegn hagsmunum íslensks sjávarútvegs. **- mh**





## Kópavogsbær tekur einarða afstöðu gegn heimilisofbeldi

Öll heimili í Kópavogi hafa fengið send póstkort með yfirskriftinni *“Það byrjar oft með öskri en má aldrei enda í þögn”* en á bakhliðinni má finna upplýsingar um hvert er hægt að leita hjálpar.

Bæjarfélagið vill vekja athygli íbúa á heimilisofbeldi, böli sem hvílir eins og skuggi á sumum heimilum bæjarins. Sérstaklega er vakin athygli á að margar konur búa við meiri hættu á heimili sínu en utan þess.

**Þekkt er að:**

- Ofbeldi gagnvart mæðrum hefur undantekningarlaust slæm og varanlega áhrif á börn þeirra.
- Ofbeldi gagnvart konum hafa í öllum tilfellum slæm áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra.
- Ofbeldi gagnvart konum takmarkar verulega eðlilega þátttöku þeirra í samfélaginu.
- Í mörgum tilfellum vita vinir og vandamenn um ofbeldið og taka þátt í þögninni.
- Ofbeldi getur verið sálarmorð.

**Tökum höndum saman og rjúfum þögnina!**

Félagsþjónusta Kópavogs - www.kopavogur.is

Vegarkafli við gljúfur gaf sig:

# Rútan steyptist niður 180 metra

**INDLAND, AP** Rúta með brúðhjónum og brúðkaupsgestum steyptist niður í gljúfur í fjallendi í norðurhluta Indlands á mánudagskvöld. Að minnsta kosti átján manns létust og 28 slösuðust að sögn yfirvalda.

Rútan féll 180 metra eftir að hluti vegarins gaf sig undan henni eftir að henni hafði verið lagt. Nokkrir farþegar voru að færa hnullunga af veginum sem þeir höfðu fallið á veginn í aurskriðum í kjölfar rigninga undanfarið.

Þrettán manns dóu samstundis og meiðsli drógu fimm í viðbót til dauða. Hinir 28 slösuðu voru allir



**GLÓBRYSTINGUR** Algengur í Evrópu en sjaldséður hér á landi.

Framandi flækingar:

# Sjaldséðir gestir á Vestfjörðum

**NÁTTÚRA** Lífríkinu á Vestfjörðum hefur bæst óvæntur liðsauki að undanförnu. Meðal fugla sem hafa komið yfir haf í fylgd þeirra farfugla sem Vestfirðingum eru að góðu kunnir eru svartþröstur, glóbrystingur, mistilþröstur, vepja, æðarkóngur og æðardrottning.

Böðvar Þórisson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða, segir líklegast að fuglarnir hafi flækst til landsins frá Norðurlöndum og Bretlandi. Þótt hann telji fuglana kærkomna gesti telur hann ólíklegt að nokkrir þeirra eigi eftir að koma ungum á legg. - kdk

Ráðherra hefji undirbúning:

# Trjáræktarsetur verður í Eyjum

**STJÓRNMÁL** Landbúnaðarnefnd Alþingis vill að landbúnaðarráðherra hefji undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum. Hafi setrið það að markmiði að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Guðjón Hjörleifsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, lagði málið fram í vetur. Það fer nú fyrir aðra umræðu þingsins. - bþs


www.volkswagen.is




## Caddy – góður vinnufélagi

Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn: ASR spólvörn, ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Fjöldi véla í boði: 1,4 l bensín 80 hö., 1,6 l bensín 102 hö., 2,0 l SDI 70 hö., 1,9 l TDI® 105 hö. (fáanlegur með sjálfskiptingu) og 2,0 l EcoFuel 109 hö.

**Verð frá 1.810.000 kr. með vsk**
**eða 28.970 kr. á mánuði***

* Miðað við bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is





Vinstri græn á ferð um landið
Fundur í Reykjanesbæ í kvöld

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Ragnheiður Eiríksdóttir, Alma Lísa Jóhannsdóttir og Árni Þór Sigurðsson spjalla við kjósendur á Flughótelinu, Hafnargötu 57, klukkan 20:00.

**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum

## „ORÐRÉTT“

### *Blessað kvótakerfið*

**„Kvótasala olli mestu byggðaröskun lýðveldissögunnar og sér alls ekki fyrir endann á henni enn þann dag í dag.“**

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON ER EKKI HRIFINN AF STJÓRNARSKRÁRBREYTINGUM SEM FESTA KVÓTAKERFIÐ Í SESSI.

**Blaðið 13. mars.**

### *Kirkjan eða Pepsi Max*

**„Það er áhugavert að í dag er það ekki lengur kirkjan sem minnir okkur á samviskubitið heldur Pepsi Max. En samviskubitið er í blóðinu, það stjórnar okkur.“**

LISTAMAÐURINN RAGNAR KJARTANSSON ER FULLUR AF SAMVISKUBITI.

**Morgunblaðið 13. mars.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON FJÖLMIÐLAMAÐUR

## *Frumsýnir heimildarmynd í apríl*

„Það er allt fínt að frétta, þakka þér fyrir að spyrja,“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson fjölmiðlamaður. „Undanfarið hef ég verið að vinna að heimildarmynd sem ég tók úti í Dublin um þetta leyti í fyrra. Hún heitir The Bohemians og fjallar um 130 ára söngfélag karla þar í borg, þetta eru aðallega menn á sjötugs- og áttræðisaldri. Ég er að leggja lokahönd á myndina og stefni á að frumsýna hana í apríl, sennilega í bíó.“

Þorsteinn sagði starfi sínu í Íslandi í dag lausu í desember og hætti eftir heimsmeistaramótið í handbolta. „Ég hef getað sett meiri kraft í sjónvarpstímaritið mitt, thorsteinnj.is, sem er í raun og veru mín vinnustofa. Ég er meira í því en að spá í kosningarnar í vor og það er í einu orði sagt stórfínt.“ Spurður hvernig honum líki Ísland í dag eftir að hann kvaddi segist Þorsteinn ekki hafa séð þáttinn oft. „En ég treysti að þeim gangi vel og óska þeim auðvitað góðs gengis og velfarnaðar.“



Hann segir að lykillinn að heimildarmyndagerð, og allri fjölmiðlun, sé að hafa augu og eyru alltaf opin. „Eins og ég hef sagt við nemendur í fjölmiðlafræði sem ég hef kennt við Háskóla Íslands og á Akureyri, eru hugmyndir úti um allt, það er undir okkur komið að spyrja spurninga og finna fréttina.“

## ÍSLENSKI HUNDURINN:
### GÓÐUR FÉLAGI



■ Íslenski hundurinn er jafngamall búsetu á landinu. Landnámsmennirnir tóku hann með sér frá Noregi og þar á hann fjarskylda ættingja. Um miðja síðustu öld munaði litlu að hann dæi út og aðeins voru örfáir hundar eftir þegar hafist var handa við markvissa ræktun hans árið 1967. Íslenski hundurinn er góður smalahundur. Hann þolir nánast hvaða veðráttu sem er og er þolgóður og fimur. Hann er líka góður félagi og einstaklega tryggur og barngóður.

## SJÓNARHÓLL
### VERÐLÆKKANIR Á VEITINGAHÚSUM



**MARGRÉT KRISTÍN HELGADÓTTIR**
Varabæjarfulltúi á Akureyri.

## *Þörf á aðlögunartíma*

„Það er vissulega áhyggjuefni ef veitingahúsin standa sig ekki í stykkinu með því að lækka matarverð. Þessar lækkanir eiga að skila sér til neytenda,“ segir Margrét Kristín Helgadóttir háskólanemi og varabæjarfulltrúi á Akureyri. Virðisaukaskattur á matvælum lækkaði um síðustu mánaðamót en tölur frá Hagstofu Íslands sýna að veitingastaðir hafa ekki staðið við sitt.

„Það er sjálfsagt að veita þeim einhvern aðlögunartíma og sjá hvort þeir ranki ekki við sér. En ef ekkert verður að gert þá verður að grípa í taumana,“ segir Margrét.

„Kaffið hefur lækkað um heilar fimm krónur í Háskólanum á Akureyri sem er vissulega fagnaðarefni. En að öðru leyti finn ég ekki mikið fyrir lækkuninni. Það er kannski vegna þess að þær vörur sem ég reyni að forðast að kaupa lækkuðu hvað mest,“ segir Margrét og bætir því við að vissulega hafi það verið gott framtak að lækka loksins matvælaverðið. „Það er þó umhugsunarefni að það sem lækkaði mest var sælgæti, kex og gos. Samfélagið stríðir í auknum mæli við offitu og sjúkdóma tengda heilsuleysi, ættum við þá ekki frekar að leggja okkur fram við að lækka verð á ávöxtum og grænmeti?” spyr Margrét.

# Dýr aflífuð áður en farið er í frí

**Dýralæknar á höfuðborgarsvæðinu gruna gæludýraeigendur um að lóga dýrum sínum af litlu sem engu tilefni. Stundum til að komast í frí.**



**SIF TRAUSTADÓTTIR** Sif gerði rannsókn á aflífunum hunda og katta á Íslandi. Það kom henni á óvart hversu margir létu lóga dýrum sínum vegna breyttra heimilisaðstæðna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sif Traustadóttir, hjá Dýralæknamiðstöðinni í Grafarholti, rannsakaði orsakir fyrir aflífunum hunda og katta á Íslandi árið 2002. Það kom henni á óvart hversu margir létu lóga dýrum sínum vegna breyttra heimilisaðstæðna. Gilti það um 31 prósent tilvika katta, en sex prósent hunda.

„Munurinn getur stafað af því að hundaeigendur eru meðvitaðri um vinnu og kostnað við dýrahald en kattaeigendur, þar sem erfiðara og dýrara er að eignast hunda en ketti,“ segir Sif. „Þeir leggi því meira á sig til að halda hundunum.“

Eftir rannsóknina tók Sif eftir því að aflífanir sveiflast eftir árstíðum. „Ég uppgötvaði að dýrum, og þá sérstaklega köttum, er mest lógað í desember og á sumrin,“ segir hún. „Ég hef enga haldbæra skýringu á aukningunni sem verður, en grunar að fólk láti svæfa dýrin sín til að komast í frí.“

Guðbjörg Þorvarðardóttir hjá Dýralæknastofu Dagfinns hefur svipaða sögu að segja. „Ofnæmi er oftast nefnt sem ástæða skyndilegrar aukningar á aflífunum sem verður á þessum árstíma. Tilfellin aukast svo mikið að sá illi grunur læðist að manni að ofnæmið sé stundum afsökun til að losa sig við dýrin. Enginn viðurkennir þó slíkt.“

Sif og Guðbjörg eru sammála um að kostnaður ráði því helst að fólk lætur lóga dýrunum í stað þess að vista þau á dýrahótelum. Til samanburðar má geta að á meðan aflífun og urðun fyrir ketti í fjöldagröf kostar á bilinu 5.500-8.000 krónur, kostar nóttin í Kattholti 800 krónur. Grunngjald fyrir aflífun hunda er hins vegar á bilinu 4.800-7.100 krónur, að frátöldu lyfja- og urðunargjaldi sem reiknast í kílóverði. Nótt á Hundahótelinu á Leirum kostar 1.500 kr. Því er ódýrara fyrir eigendur að láta svæfa dýrin heldur en að borga vist fyrir þau ef farið er í langt frí.

Þá segja dýralæknarnir að til sé í dæminu að gæludýraeigendur láti kostnað stöðva sig í að leita meðferðarúrræða fyrir dýr með hegðunarvandamál og láti frekar lóga þeim. Árásargirni hunda og umgengni katta eru algengustu vandamálin. Sif segir þau yfirleitt stafa af öryggisleysi og megi laga með þjálfun eða lyfjagjöf. „Til mín kom kona sem vildi lóga högna vegna samskiptaörðugleika við nágrannakött. Ég benti henni á að vönun gæti hjálpað. Hún vildi ekki borga fyrir hana og lét lóga kettinum.“

Dýralæknar segja að aflífunum dýra vegna aðstæðna eigenda hafi fækkað. „Hugsanlega hefur bætt efnahagsástand eitthvað með það að gera,“ segir Helga Finnsdóttir, dýralæknir á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur. „Ég held að aukið gæludýrahald hérlendis sé að breyta viðhorfum manna til dýra,“ segir Sif. „Menn líta nú á dýr sem fjölskyldumeðlimi en ekki bara dýr.“

Rekstraraðilar Kattholts og Hundahótelsins á Leirum finna ekki fyrir þessari viðhorfsbreytingu þar sem óskiladýrum fjölgar. Einkum í Kattholti þar sem óskilaköttum fjölgaði um 74 frá 2005 til 2006 og voru þeir samtals 651. „Aukið dýrahald gæti ráðið fjölguninni,“ segir Sigríður Heiðberg hjá Kattholti. „Svo þarf heldur ekki að borga fyrir aflífunina ef dýrið er skilið eftir.“

roald@frettabladid.is



**ÓVÆNTUR KOSTNAÐUR** Dýralæknarnir telja að gæludýraeigendur átti sig ekki alltaf á kostnaði við dýrahald. Greiða þarf árlega fyrir bólusetningu, ormahreinsun og hundaleyfi. Eyrnamerking og örmerking, fóðurkostnaður og tilfallandi útgjöld eins og tannhreinsun bætast svo ofan á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


FLASH

Flash er vinsælt margmiðlunarforrit og notað við gerð auglýsinga og hvers kyns kynningarefnis sem þarf að vera lifandi og með hreyfimyndum.

Þetta grunnnámskeið hentar fólki sem vill læra að blanda saman hljóði, myndum og texta og setja það svo saman í eina heild. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði forritsins og verði færir um að setja saman efni til birtingar á vef, t.d. auglýsingaborða.

Þátttakendur þurfa að hafa góða almenna tölvuþekkingu, kostur að þekkja til Photoshop.

Lengd. 21 kennslustund. Verð kr. 28.000,-
Kennt er mán. og mið. kl 18 - 21.30.
Kennsla hefst 19. mars og lýkur 28. mars.



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210




**YFIR BRÚNA** Umhverfið við Elliðavatn hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma, nýjar byggingar spretta upp í Vatnsendahverfinu og nýleg mannvirki setja svip sinn á landslagið. Unga stúlkan á myndinni brosti til ljósmyndara Fréttablaðsins þar sem hún gekk yfir göngubrú í hverfinu. Kannski styttir brúin leiðina heim úr skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


...fyrir góðan dag!
Bragð sem allir elska
KS lambalæri
frosið kílóverð nú:
879 KR.
Merkt verð 1098KR.
KS lambabógur
frosinn kílóverð nú:
559 KR.
Merkt verð 699KR.
20% afsláttur við kassann
Íslenskt lambakjöt
á góðu verði!
Bónustilboð í 11. viku 2007
EKKERT BRUDL
FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Lambalundir
KS lambahryggur
frosinn kílóverð nú:
999 KR.
20% afsláttur við kassann
Lamba fille
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Bónus býður betur!
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS
ERAN/Landlist

## Svona erum við

Árleg neysla á kindakjöti á íbúa í kílóum.




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NORÐUR-ÍRLAND

# *Deilur mótmælenda og kaþólikka*

Stærstu stjórnmálaflokkar andstæðra fylkinga mótmælenda og kaþólikka fengu mest fylgi í þingkosningunum á Norður-Írlandi í síðustu viku. Stjórnvöld á Bretlandi og Írlandi hafa gefið flokkunum frest til 26. mars til að mynda stjórn ella verði þingið leyst upp.

**Hver er uppruni Norður-Írlands?** Írland tilheyrði áður Bretlandi og voru íbúar eyjunnar kaþólskir. Sýslan Ulster skar sig þó úr þar sem mótmælendur voru margir.

Þegar að Írland fékk sjálfstæði frá Bretlandi varð til sérstakt ríki í Ulster, Norður-Írland, þar sem mótmælendur réðu ríkjum.



**Afhverju deila mótmælendur og kaþólikkar?** Mótmælendur hafa verið nefndir sambandssinnar því þeir vilja viðhalda sambandinu við bresku krúnuna. Kaþólikkar eru nefndir þjóðernissinnar. Þó að ekki vilji þeir allir rjúfa tengsl við Bretland og sameinast Írlandi hefur sú krafa þó verið mest áberandi meðal fulltrúa þeirra seinustu áratugi.

**Hvernig hefur sambúð mótmælenda og kaþólikka verið?** Þegar Norður-Írland var stofnað árið 1920 voru mótmælendur 62 prósent og kaþólikkar 38 prósent. Mótmælendur sem fóru með völd á Norður-Írlandi lögðu áherslu á að treysta völd sín með því að varna því að kaþólikkar gætu reynt að sameina Írland í eina heild og héldu kaþólikkum niðri. Á sjöunda áratugnum risu kaþólikkar upp gegn misréttinu og það sem byrjaði sem friðsamleg mannréttindahreyfing leiddi til ofbeldisfullra átaka á milli mótmælenda og kaþólikka um árabil. Eftir „Blóðuga sunnudaginn" árið 1972, þegar lögregla skaut þrettán óvopnaða kaþólikka, settu bresk stjórnvöld stjórnina á Norður-Írlandi af.

**Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands**

## SPURT & SVARAÐ

**LITLAR VERÐLÆKKANIR VEITINGAHÚSA**

### *Áhrif á ferðaþjónustu*



**ERNA HAUKSDÓTTIR**
Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Verð á veitingum hefur lækkað um 3,2 prósent í stað 8,8 prósenta frá því að virðisaukaskattur var lækkaður 1. mars, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Erna Hauksdóttir er framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

**Heldur þú að lækkunin geti haft góð áhrif á ferðamannaiðnaðinn?**
Nú þegar höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð frá aðilum sem koma að ferðaþjónustu.

**Hvers vegna lækka veitingahús ekki verðið hjá sér?**
Hef enga skýringu á því en mjög mörg veitingahús hafa lækkað verðið hjá sér og því kemur mér þetta á óvart.

**Verður bent á þá veitingastaði sem ekki hafa lækkað verðin?**
Ugglaust verður viðskiptavinum bent á það með einhverjum hætti. Neytendasamtökin hafa til að mynda greint frá því að þau muni koma upplýsingum um þessi mál á framfæri við neytendur.




# Konur á flokkaflakki

**Vinstri græn hafa bætt við sig verulegu fylgi frá alþingiskosningunum 2003. Fylgi þeirra er 192 prósentum meira, ef miðað er við síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins. Hlutfallslega hefur Framsóknarflokkurinn tapað mest af sínu fylgi, 47,5 prósent.**

Það sem helst stendur upp úr nýlegum skoðanakönnunum er hve sterk staða Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs er, nú tveimur mánuðum fyrir næstu alþingiskosningar. Ef miðað er við síðustu könnun Fréttablaðsins, sem birtist sunnudaginn 11. mars, þar sem Vinstri græn mælast með 25,7 prósenta fylgi, hefur flokkurinn 192,0 prósenta meira fylgi en í alþingiskosningunum 2003, þegar 8,8 prósent greiddu flokknum atkvæði sitt.

Á sama tíma hefur Framsóknarflokkurinn misst tæplega helming fylgis síns, 47,5 prósent. Samfylking hefur nú 37,9 prósenta minna fylgi, Frjálslyndir hafa 23,0 prósenta minna fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig. Fylgi hans er nú 15,4 prósentum meira.

### Missa landsbyggðaratkvæðin

Framsóknarflokknum, sem á þessu ári fagnar 90 ára afmæli sínu, hefur ekki gengið vel í skoðanakönnunum á þessu ári. Fylgið virðist þó aðeins vera að aukast og í könnun Fréttablaðsins um síðustu helgi sögðust 9,3 prósent myndu kjósa flokkinn. Það er tæplega helmingur kjörfylgisins, en flokkurinn hlaut 17,7 prósent atkvæða í kosningunum 2003.

**BREYTINGAR Á FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA FRÁ MAÍ 2003**

Samkvæmt skoðanakönnunum Fréttablaðsins




Mest hefur fylgið dregist saman í landsbyggðarkjördæmunum og er það nú 47,0 prósentum minna en það mældist í könnun blaðsins í maí 2003; úr 27,0 prósentum í 14,3 prósent. Fylgið á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist saman um fjórðung; úr átta prósentum niður í sex.

Hlutfallslega hefur karlmönnum fækkað meira meðal stuðningsmanna en konum, á sama tíma. Fylgi meðal karla hefur dregist saman um 42,3 prósent. Það voru 15,6 prósent sem sögðust ætla að kjósa flokkinn í könnun Fréttablaðsins í maí 2003, en nú eru það 9,0 prósent. Fylgi meðal kvenna hefur dregist saman um 37,2 prósent á sama tímabili, úr 15,6 prósent í 9,8 prósent.

### Minnstar breytingar

Fylgi Sjálfstæðisflokksins virðist hafa breyst minnst, hlutfallslega, frá síðustu kosningum. Í könnun blaðsins um helgina sögðust 38,9 prósent myndu kjósa flokkinn, en hann hlaut 34,7 prósent atkvæða í síðustu kosningum og er fylgið því 15,4 prósentum meira nú.

Ef fylgi Sjálfstæðisflokksins nú er borið saman við fylgi flokksins í könnun Fréttablaðsins frá því í maí 2003, hefur aukningin verið minnst meðal karlmanna. 9,5 prósentum fleiri karlmenn segjast nú myndu kjósa flokkinn en í maí 2003, þegar 38,0 prósent þeirra studdu Sjálfstæðisflokkinn. Nú segjast 41,6 prósent karlmanna myndu kjósa flokkinn. Mest hefur fylgisaukningin hins vegar verið meðal kvenna, hefur aukist um 13,9 prósent. 31,0 prósent kvenna sagðist myndu kjósa flokkinn í maí 2003, en voru 35,3 prósent þeirra um síðustu helgi.

12,8 prósentum fleiri íbúar á landsbyggðinni segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn en fyrir fjórum árum. Þá sögðust 29,0 prósent þeirra myndu kjósa flokkinn, en nú segjast 32,7 prósent íbúa á landsbyggðinni kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Aukningin á höfuðborgarsvæðinu hefur verið heldur meiri. 13,2 prósentum fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn nú en fyrir fjórum árum þegar fylgið í höfuðborgarkjördæmunum þremur var 38,0 prósent, en er nú 43,0 prósent.

### Konur yfirgefa Frjálslynda flokkinn

23,0 prósent færri segjast nú myndu kjósa Frjálslynda flokkinn en atkvæði til flokksins voru í kosningunum 2003. Flokkurinn hlaut 7,4 prósent atkvæða en nú segjast 5,7 prósent myndu kjósa flokkinn.

Mest er breytingin meðal kvenna og segjast nú 65,0 prósentum færri konur ætla að kjósa flokkinn en í könnun Fréttablaðsins í maí 2003 þegar fylgi þeirra var 8,0 prósent. Nú segjast 2,8 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn. Þá hefur fylgi flokksins dregist saman um 39,2 prósent meðal karlmanna. Í maí 2003 sögðust 13,0 prósent þeirra myndu kjósa frjálslynda, en nú er fylgi meðal karla 7,9 prósent.

Þá hefur fylgi flokksins dregist saman um 58,5 prósent á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma; úr 10,6 prósentum í 4,4 prósent nú. Fylgi flokksins á landsbyggðinni hefur minnkað minna, eða um 27,4 prósent; úr 10,6 prósentum í maí 2003 í 7,7 prósent um síðstu helgi.

### Minnkar á höfuðborgarsvæðinu

Fylgi Samfylkingar er nú 37,9 prósentum minna en í kosningunum 2003, þegar flokkurinn hlaut 30,9 prósent atkvæða. Nú segjast 19,2 prósent myndu kjósa flokkinn.

Mest dregst fylgið saman, hlutfallslega, á höfuðborgarsvæðinu, um 42,1 prósent. Í könnun Fréttablaðsins í maí 2003 sögðust 33,0 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa Samfylkingu, en nú er hlufallið 19,1 prósent. Fylgi flokksins minnkar mun minna á landsbyggðinni, úr 22,5 prósentum í 19,4 prósent nú. Þetta er samdráttur um 13,8 prósent.

Fylgi meðal kvenna dregst mun meira saman en fylgi meðal karla. Nú segjast 41,2 prósentum færri konur myndu kjósa Samfylkingu en fyrir fjórum árum þegar 34,0 prósent þeirra studdu flokkinn. Nú er fylgi flokksins meðal kvenna 20,0 prósent.

Fylgi flokksins meðal karla minnkar um rúman fjórðung, eða 25,6 prósent. Úr 25,0 prósent karla í 18,6 prósent þeirra.

### Þrefaldast að stærð

Miðað við þær skoðanakannanir sem birst hafa að undanförnu er Vinstri hreyfingin - grænt framboð hástökkvari þessara kosninga. Frá kosningunum 2003, þegar flokkurinn hlaut 8,8 prósent atkvæða, þar til nú þegar 25,7 prósent segjast myndu kjósa flokkinn, hefur fylgi flokksins aukist um 192,0 prósent.

Frá könnun Fréttablaðsins í maí 2003 hefur fylgi kvenna aukist mest, um 252,9 prósent. Fyrir fjórum árum sögðust 8,7 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn, en nú eru það 30,7 prósent þeirra. Fylgi meðal karlmanna hefur hins vegar aukist um 151,7 prósent, úr 8,7 prósentum í 21,9 prósent.

Þá hefur fylgi við vinstri græn aukist meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu segjast 208,0 prósentum fleiri myndu kjósa vinstri græn nú, en fyrir fjórum árum þegar 8,7 prósent studdu flokkinn. Nú er fylgið á höfuðborgarsvæðinu 26,8 prósent. Á landsbyggðinni hefur fylgi flokksins aukist um 175,9 prósent á sama tímabili. fyrir fjórum árum sögðust 8,7 prósent íbúa á landsbyggðinni myndu kjósa flokkinn, en nú eru það 24,0 prósent íbúar landsbyggðarinnar.

### Fleiri konur í pottinum en karlar

Mun fleiri karlar hafa ákveðið sig hvaða flokk þeir myndu kjósa, yrði gengið til kosninga nú, en konur, samkvæmt könnun Fréttablaðsins 10. mars. 22,8 prósent karla segjast nú óákveðnir í hvaða flokk þeir myndu kjósa, en 35,5 prósent kvenna.



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## VIÐ FELLSMÚLA

## KASTARADAGAR




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**OPIÐ ALLA DAGA**
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umhverfismálin eru að breiða úr sér, frá vinstri til hægri.

# Græna byltingin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ekki er nokkur ástæða til að velkjast í vafa um að ævintýraleg fylgisaukning vinstri grænna stafar fyrst og síðast af vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um mikilvægi umhverfismála. Sambærileg græn bylting er að eiga sér stað meðal annarra Evrópuþjóða. Fyrir vikið keppast nú stjórnmálamenn víða um álfuna við að sýna á sér grænar hliðar.

Síðastliðinn föstudag innsigluðu leiðtogar Evrópusambandsins metnaðarfulla áætlun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda allra 27 ríkja sambandsins. Og í gær lagði David Miliband, umhverfisráðherra Bretlands, fram fyrsta lagafrumvarp sinnar tegundar um hvernig Bretar ætla að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifum á komandi áratugum. Lýsti Miliband því yfir að hann reiknaði með að fjölmörg önnur lönd myndu fylgja í fótspor Bretlands á næstunni og setja lög sem skuldbinda ríkisstjórnir framtíðarinnar til að leita leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfismálin hafa lengi tilheyrt vinstri væng stjórnmálanna. Hingað til hafa hægrimenn, sama hvar þeir eru í sveit settir, almennt til dæmis verið fremur neikvæðir í garð þess að íþyngja stórfyrirtækjum með kröfum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

*Umhverfismálin hafa lengi tilheyrt vinstri væng stjórnmálanna.*

Í Bandaríkjunum hafa hvorki repúblíkanar né demókratar, sem eru að mörgu leyti til hægri við flesta evrópska hægriflokka, verið tilbúnir til þess að skuldbinda landið í þeirri baráttu. Undantekningin er ein, Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, sem hefur komið á koppinn reglum í evrópskum anda.

Það sem gerir frumkvæði Breta frá því í gær sérstaklega merkilegt er að þverpólitísk sátt er um frumvarp ráðherra Verkamannaflokksins. Er það án efa ákveðinn vegvísir um hvaða mál breskir stjórnmálamenn reikna með að verði í brennidepli í næstu kosningum þar í landi. Ganga breskir fjölmiðlar jafnvel svo langt að tala um að keppni sé hafin þeirra á milli um hver sé grænastur.

Tony Blair, leiðtogi Verkamannaflokksins, sagði í gær við gesti í Downingstræti að barátta núverandi kynslóða gegn loftslagsbreytingum væri jafn mikilvæg og barátta fyrri kynslóða gegn kommúnisma og fasisima. Arftaki hans, Gordon Brown, hefur heldur ekki látið sitt eftir liggja, og David Cameron foringi Íhaldsflokksins, hefur gengið svo langt að boða nýja skatta á farþegaflug til verndar umhverfinu. Þykir það sýna þunga málsins því fátt hefur í fortíð strokið kjósendum íhaldsflokksins óþyrmilegar öfugt, en hugmyndir um aukna skattheimtu.

Auðvitað eru þeir svo enn til sem aðhyllast kenningar danska tölfræðingsins Björns Lombord sem segir að hlýnun jarðarinnar af mannavöldum sé tóm steypa. En eins og Steingrímur J. og félagar finna á eigin skinni liggur straumurinn í hina áttina; kjósendur vilja láta umhverfið njóta vafans.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lokað vegna sumarleyfa

Ritstjóri danska Fréttablaðsins, Nyhedsavisen hefur tilkynnt að blaðið fari í sumarfrí í júlí, líkt og og 24 timer mun gera. Þá er talið líklegt að Dato fari einnig í sumarfrí í júlí. Helsta ástæðan fyrir þessum sumarlokunum er víst ekki að gefa starfsfólki frí á mesta sumarleyfistíma Dana, heldur er verið að huga að lesendum, eða réttara sagt þeim lesendum sem ekki eru heima hjá sér. Útgefendur þar ytra óttast mjög lög gegn dreifingu óumbeðins pósts, sem myndi takmarka dreifingu blaðanna og óttast væntanlega að krafa um slík lög yrði mjög háværþegar Danir koma heim úr sumarleyfum og þurfa að klífa fjöll af dagblöðum áður en þeir komast inn í húsið.

### Lokað vegna rafmagnsleysis

Eldingin sem sló niður aðfaranótt sunnudags hafði víða áhrif, allt niður á Alþingi. Alþingismaðurinn Kristinn H. Gunnarsson lenti í því að vefsíða hans hrundi í kjölfar eldingarinnar, því rafmagnsbilunin á höfuðborgarsvæðinu sem fylgdi varð þess valdandi að netþjónninn sem hýsir síðuna hans hrundi.

### Bið á rauðu ljósi



Fyrstu umræðu um auðlindaákvæði stjórnarskrár lauk snarlega í gærmorgun, en umræðan kláraðist í raun aðfaranótt þriðjudags. Einungis atkvæðagreiðsla fór því fram í gærmorgun. Það er ekki þar með sagt að engin verkefni hafi beðið þingmanna, því 53 mál voru á dagskrá þingsins í gær. Þar á meðal frumvarp menntamálaráðherra um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans og frumvarp dómsmálaráðherra um að veiting íslensks ríkisborgararéttar verði meðal annars háð prófi í íslensku. Það málefni sem snertir þó væntanlega flesta er síðast á dagskrá. Það er frumvarp Hjálmars Árnasonar sem er stutt og laggott: ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang. **svanborg@frettabladid.is**

# Kynfrelsi á eigin forsendum



ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

**Í DAG** | Kynlíf og kynfrelsi

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með öllu því sem fólki hefur verið eignað í klámumræðunni undanfarið. Þar hefur margt skolast til. Það er rangt sem haldið var fram að ekki sé hægt að skilgreina klám því upplifun hvers og eins sé persónubundin. Þetta er rakið til bandaríska dómarans Potters Stewart sem sagði að erfitt væri skilgreina klám „en ég þekki það þegar ég sé það“. Sjálfur sá hann ekki mikið klám, enda eru þetta gjarnan rök þeirra sem verja tjáningarfrelsi klámframleiðenda.

Fjölmargar skilgreiningar eru til á klámi. Sumar aðgreina gróft klám frá mjúku, aðrar erótík frá klámi. Sumar taka til kvenna og/eða barna, jafnvel dýra, aðrar eru kynhlutlausar. Þær spanna allt frá siðsemis- eða blygðunarsemisrökum til hlutgervingar, valdatengsla og ofbeldis. Dæmi um blygðunarsemisrök er að finna í skýrslu Nauðgunarmálanefndar dómsmálaráðherra frá 1992 þar sem vísað er í „lostugar lýsingar á kynfærum, kynferðislegum stellingum, athöfnum eða hugsunum“ með áherslu á „hið lostavekjandi eða eitthvað afbrigðilegt eða ýkt og þar af leiðandi hneykslanlegt samkvæmt almennu siðamati í kynferðismálum“. En það er ekki rétt að kvennahreyfingin hafi haldið slíkum viðhorfum á lofti og femínistar í dag gera það ekki.

Fræðingar hafa stutt skilgreiningar sínar ýmsum rökum, m.a. Mannréttindayfirlýsingu SÞ um að hver maður sé borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum, og hugmyndum heimspekinga eins og Immanuels Kant um sjálfræði og mannlega virðingu. Hann taldi að líta bæri á hvern einstakling sem markmið í sjálfu sér en ekki tæki til að ná eigin markmiðum, en í klámiðnaðinum eru konur gjarnan hlutgerðar sem leiktæki fyrir karla. Þá má nefna hugmyndir um mannlega göfgi, að mennska sé fólgin í að meta sjálfsvirðingu og skynja sársauka þótt hugtökin séu menningarlega skilgreind. Í framsetningu klámiðnaðarins biðja konur oft beinlínis um ofbeldi og sársauka, nauðganir og ofbeldisþemu fara vaxandi og algengt er að fórnarlambið njóti ofbeldisins í lokin. Sú mynd sem þarna er dregin upp af kynverund kvenna og karla er hæpin í ljósi ofangreindra hugmynda. Að sjálfsögðu fylgir því ákveðinn vandi að heimfæra skilgreiningar upp á raunveruleikann og draga mörk, en það gildir um allar skilgreiningar og þarf ekki að hindra vitræna umræðu á þessu sviði fremur en öðrum.

Það er líka rangt að fólk sem berst gegn klámi og klámvæðingu sé á móti nekt eða kynlífi. Þetta er barnaleg og einfeldningsleg afstaða. Þvert á móti hafa kvenfrelsissinnar verið í fararbroddi í baráttunni fyrir auknu kynfrelsi kvenna í óþökk veraldlegra og kirkjulegra yfirvalda og rótgróinna samfélagsstofnana. Victoria Woodhull, fyrsti kvenforsetaframbjóðandi Bandaríkjanna (1872) boðaði frjálsar ástir og mótmælti af hörku hinu tvöfalda siðgæði sem einkenndi hjónabönd og kynferðismál með frelsi karla en ófrelsi kvenna. Þá má nefna Alexöndru Kollontaj, Emmu Goldman og Katrínu Thoroddsen. Það er bein lína frá þessum konum til kvennahreyfinga 8. áratugarins sem börðust gegn tvískinnungi og afturhaldi. Þær kröfðust getnaðarvarna og fóstureyðinga, kynfrelsis og ásta – á eigin forsendum en ekki annarra. Nýi kvennafræðarinn var gefinn út 1982 einmitt til að konur gætu kynnst líkama sínum og breikkað kynlífsreynslu sína. Þessar konur ögruðu borgaralegri hræsni og álitu að kynlíf væri hollt, líka fyrir konur.

Í dag er baráttan fyrir kynfrelsi kvenna á Vesturlöndum ekki háð gegn kirkjulegum eða veraldlegum yfirvöldum sem vilja hafa forræði yfir kynverund fólks, heldur klámiðnaði sem veltir stjarnfræðilegum upphæðum og varinn er af ákvæðum tjáningarfrelsis. Í honum endurspeglast samfélagslegt valdamisræmi, hann nærir og endurskapar hlutgervingu kvenna og hugmyndir um þjónustuhlutverk þeirra við karla, sem framsæknir karlar hafna. Margt fleira skiptir hér máli en sjálft klámefnið, t.d. bein og óbein áhrif þess. Klámvæðing (e. porn chic, pornophication) er sífellt mikilvægara hugtak í umræðunni en það er þegar daðrað er við táknmyndir og tilvísanir klámsins í dægurefni (myndböndum, auglýsingum o.fl.). Mörkunum er stöðugt ögrað svo þolið vex og þarna eru ungar stúlkur varnarlaus markhópur.

Í lokin nokkur orð um Radisson SAS. Vafasöm markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja undanfarin ár, með beinum og óbeinum fyrirheitum um „lauslátar“ konur, hefur átt þátt í að byggja upp ímynd af landinu sem frumstæðri næturlífsparadís. Í þessu ljósi sýndi hótelið ekki uppgjöf heldur frumkvæði sem nútímalegt framsækið fyrirtæki með skilning á samfélagslegri ábyrgð sinni. Það þorði að ögra ímynd sem er vafasöm, ekki bara fyrir konur þessa lands heldur líka dætur okkar og syni sem erfa munu landið, vonandi sem jafningjar sem bera

# Sextán útskriftir úr einu námi?

UMRÆÐAN

Fjölmiðlanám



STEFÁN HELGI VALSSON

Skóli 365-miðla í samvinnu við Háskólann í Reykjavík-Símennt útskrifaði í síðustu viku nemendur úr hagnýtu námskeiði í fjölmiðlun sem fjallaði um undirstöðuatriði fréttamennsku en áður hafði sami skóli útskrifað hóp nemenda af námskeiði í rannsóknarblaðamennsku.

Því miður er fáum kunnugt að Háskóli Íslands hefur frá árinu 2005 boðið uppá tveggja ára meistaranám í blaða- og fréttamennsku sem er bæði hagnýtt og fræðilegt.

Margt færasta fjölmiðlafólk landsins hefur komið að hagnýtum hluta námsins. Þar má nefna Þór Jónsson, Þorfinn Ómarsson, Sigmund Erni Rúnarsson, Ólaf Þ. Stephensen, Önnu Kristínu Jónsdóttur, Boga Ágústsson, Sigrúni Stefánsdóttur, Ómar Ragnarsson, Þorstein J. Vilhjálmsson, Örnu Schram og fleiri.

Í fræðilegum hluta námsins njóta nemendur handleiðslu Þorbjarnar Broddasonar sem er einn virtasti prófessor heims á sínu fræðasviði. Fjölmargar ritrýndar greinar eftir hann hafa birst í öllum helstu fræðiritum um fjölmiðlun, m.a. birtist grein eftir hann í 20 ára úrvalsriti European Journal of Communication.

Meðal námskeiða í MA-náminu í HÍ eru fréttamennska, vinnubrögð og siðareglur blaðamanna, málfar og stíll, skapandi textar og viðtalstækni, sjálfbær fréttamennska net og nýmiðlun, fjölmiðlun og leikreglur samfélagsins, máttur boðskiptanna og alþjóðasamvinna og staða Íslands í alþjóðakerfinu, sjónvarpsþættir og heimildarmyndir, almannatengsl, útvarp og þáttagerð. Í námskeiðinu dagblöð og tímarit var sérstaklega fjallað um rannsóknarblaðamennsku.

Þótt námið í HÍ eigi sér stutta sögu hafa nemendur þaðan haslað sér völl í fréttum og Kastljósi Sjónvarpsins, Stöð 2, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Rúv, útgáfufélaginu Birtingi og fleiri miðlum.

Metnaður þátttakenda og stjórnanda námskeiða 365 skólans er bersýnilega mikill og er það vel. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort það sé raunhæft fyrir Háskóla Íslands að útskrifa nemendur frá skólanum í hvert sinn sem þeir ljúka einstökum námskeiðum.

*Höfundur er MA í blaða- og fréttamennsku frá Háskóla Íslands.*

**EYÐIMERKURAKSTUR**

Grétar Sölvason og félagar ferðuðust á mótorkrosshjólum frá Los Angeles í gegnum hinn alræmda dal dauðans og skelltu sér síðan í spilavíti í Las Vegas.

FERÐIR 4



**LITAVAL**

DuPont fékk Leatrice Eiseman, höfund bókarinnar „Color Answer“, til að segja hvað vinsælustu bílalitirnir vestanhafs segðu um eigendur sína.

BÍLAR 2





## ALLT HITT

**[ NÁM BÍLAR FERÐIR ]**

**Námskeið** um Toscana-héraðið á Ítalíu hefst 21. mars næstkomandi hjá símenntun Mímis. Tekin verður fyrir saga og menning héraðsins þar sem fjallað verður um hugsuði og listamenn eins og Leonardo da Vinci, Dante Alighieri, Petrarca, Galileo Galilei, Piero della Francesca, Michelangelo og Medici-ættina. www.mimir.is



**Airbus** sýningin „Flugvélin: Hvernig virkar hún“ stendur nú yfir í Háskóla Íslands - Öskju. Sýningin er opin fimmtudaga og föstudaga frá klukkan 12.00-18.00 og laugardaga frá kl.10-16. Sýningin stendur til 31. mars.

**Ferðalög** erlendis geta orðið óskemmtileg reynsla ef vegabréfið og önnur ferðagögn týnast. Áður en lagt er í hann, einkum til fjarlægra landa, er gott ráð að athuga hvar íslenski ræðismaðurinn er að finna í því landi sem ferðast á til. www.utanrikisraduneyti.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 14. mars, 73. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.51 | 13.37 | 19.25 |
| Akureyri | 7.37 | 13.22 | 19.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Nína segist hafa fundið sig í þroskaþjálfanáminu í Kennaraháskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Efla einstaklinginn

***Nína Kjartansdóttir lærir þroskaþjálfun við Kennaraháskóla Íslands.***

„Ég vissi voða lítið hvað þroskaþjálfar gerðu þangað til ég kom suður í starfskynningu þegar ég var í Menntaskólanum á Akureyri. Þá heimsótti ég Öskjuhlíðarskóla og sambýli hérna og áhugi minn á málefnum fatlaðra kviknaði,“ segir Nína sem er nemandi í þroskaþjálfun við Kennaraháskólann í Reykjavík.

Nína segir að hún hafi strax fundið sig í þroskaþjálfanáminu. „Námið er mjög skemmtilegt og fjölbreytt. Við lærum hinar ýmsu aðferðir til að koma til móts við börn og fullorðna með sérþarfir, ráðgjöf og viðtalstækni, heilmikið um stjórnsýsluna, tákn með tali, bliss og þessar óhefðbundnu tjáskiptaaðferðir og hvernig má nýta sér tæknina. Við lærum líka heilmikið um hugmyndafræði fötlunarfræða en í þeim er lögð mikil áhersla á sjálfsákvörðunarrétt og réttindi fatlaðra og við þroskaþjálfar eigum því að vera eins og ráðgjafar sem reyna að efla einstaklinginn til sjálfstæðis í lífinu.“

Að námi loknu er margt sem þroskaþjálfar geta gert að sögn Nínu. „Starfsvettvangur þroskaþjálfa er alltaf að verða breiðari og það eru margir þroskaþjálfar í dag inni í grunnskólunum, í framhaldsskólum, á sambýlum og í þjónustumiðstöðvum.“

Nína klárar námið í vor og flytur þá aftur til Akureyrar. „Mig langar að sækja um á hæfingarstöð þar til að byrja með og sjá svo til hvað ég geri. Ég stefni á frekara nám í framtíðinni en hvað það verður nákvæmlega er ég ekki alveg viss um, það er svo margt spennandi í boði.“ *emilia@frettabladid.is*

**Ert þú að komast yfir lesefnið?**

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**
"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**
"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, krefjandi, skemmtilegt, góð þjónusta.

**Fermingargjöf með æviábyrgð – uppl. á www.h.is**
**6 vikna námskeið hefst 17. apríl (20 - 22)**
**3 vikna hraðnámskeið hefst 13. apríl (17-20)**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



**Tilboð dagsins!**
Silungur í Appelsínulíkjör
á aðeins
760 kr./500.gr

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is



**Gokart-brautin** í Reykjanesbæ er í framkvæmdabúning en stefnt er að brautin verði tilbúin fyrir íslandsmeistaramótið í sumar. www.icelandmotopark.com

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**



Silfurlitur er algengasti liturinn á nýjum bílum, enda merki um siðfágun.

# Hvað segir litavalið um þig?

***DuPont fékk höfund bókarinnar „Color Answer“ Leatrice Eiseman til að segja hvað vinsælustu bílalitirnir vestanhafs segðu um eigendur sína.***

Þó seint sé hægt að færa rök fyrir því að litur bíls geti sagt nákvæmlega til um persónugerð eiganda má alltaf reyna. DuPont fékk þess vegna litafræðinginn Leatrice Eiseman til að búa til grófa lýsingu á bíleigendum sem valið höfðu sér einn af 15 vinsælustu litum fyrirtækisins. Vart þarf að taka fram að þetta er gert meira til gamans og á algjörlega óvísindalegan hátt.

Silfurlitur er langvinsælasti bílaliturinn, en þriðjungur nýrra bíla er silfraður. Þar á eftir koma hvítir bílar og rauði liturinn er í þriðja sæti. Svona lítur allur listinn út og svona eru eigendurnir:



Þeir sem eiga gyllta bíla eru mikið fyrir lúxus og tilbúnir að borga fyrir hann.



Rauður er litur ástríðunnar.

- **Silfraður:** Fágaður, svalur og hugsar mikið um framtíðina.
- **Hvítur:** Vandlátur.
- **Rauður:** Kynþokkafullur, kraftmikill og mikið fyrir hraða.
- **Ljósblár:** Rólegur, trúr og þögull.
- **Dökkblár:** Sjálfsöruggur og áreiðanlegur.
- **Ljósbrúnn:** Með einfaldan, sígildan smekk.
- **Svartur:** Klassískur, mikið fyrir munað og sjálfstæður.
- **Grár:** Praktískur og veraldlega þenkjandi.
- **Dökkgrænn:** Hefðbundinn og í jafnvægi.
- **Ljósgrænn:** Líflegur og hvatvís.
- **Gylltur:** Gáfaður og hlýr, elskar lúxus.
- **Gulur:** Glaðvær og ungur í anda.
- **Dökkbrúnn:** Jarðbundinn og hreinskilinn.
- **Appelsínugulur:** Málglaður og elskar lífið.
- **Dökkfjólublár:** Skapandi, frumlegur og duglegur.

LEIKURINN VINSÆLI ER HAFINN Á BYLGJUNNI
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TUGI ÞÚSUNDA


GOTT FÓLK McCANN
FALL EÐA FJÁRSJÓÐUR
ALLA VIRKA DAGA
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Áhugamenn um Honda-bíla ættu að kíkja á www.vtec.is.

## Hondavefur

OPNAÐUR HEFUR VERIÐ NÝR VEFUR, WWW.VTEC.IS, TILEINKAÐUR HONDA-BÍLUM.

Honda á sér fjölmarga aðdáendur um allan heim og þar eru Íslendingar engin undantekning. Nú hefur verið opnaður íslenskur vefur, www.vtec.is, sem sérstaklega er tileinkaður Honda-bílum.

# 225 milljónir í árekstri

***Bugatti Veyron hefur lent í fyrsta bílslysinu sínu. Bíllinn er dýrasti götubíll sögunnar.***

Hægt er að fá Bugatti Veyron hingað til lands fyrir 225 milljónir ef maður pantar hann á netinu hjá Sparibíl. Hljómar furðulega en það er hægt. Þessir bílar eru framleiddir í fáum eintökum, erfitt er að nálgast þá og þeir kosta stórfé. Þeir eru hins vegar ágætis fjárfesting því flestir eru sammála um að með tímanum muni þeir einungis hækka í verði. Nema auðvitað að maður klessi þá.

Hingað til er einungis vitað til þess að Veyron hafi lent í einu slysi, og það henti er verið var að prófa bílinn á Laguna Seca-kappakstursbrautinni áður en hann var settur á markað. Slysið núna er því hið fyrsta á almennum vegum,



Tvö hundruð tuttugu og fimm klesstar milljónir. Einhver er ekki í góðu skapi núna.

en það varð í Bretlandi. Tildrög slyssins eru óljós en svo virðist sem ökumaður hafi misst stjórn á bílnum í bleytu. Hann hefur ekki nýtt hestöflin 1.001 til fulls en þá hefði lítið verið eftir af bíl og ökumanni. Maður verður samt að spyrja: Hver fer á 225 milljóna króna bíl sínum í hraðakstur í úrhelli? Greinilegt að peningar og gáfur fara ekki alltaf saman. *- tg*

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá



Bíll keyrður inn á forgreiningarbekkinn sem metur hjól, hemla, dekk og dempara. Heildarskoðun tekur um tíu til fimmtán mínútur.

# Bekkir og tölvur sem greina ástand bifreiðanna

***Tæki sem greina ástand hemla, dekkja, dempara og stýrisbúnaðar bifreiða heyra til nýjunga á verkstæðum. Slíkan búnað er að finna hjá Heklu í Brautaholtinu.***

„Það hefur orðið bylting í tækni sem leitar að bilunum í bílum og metur ástand þeirra, þó ekki sé um löggilda bifreiðaskoðun að ræða,“ segir Magnús Halldórsson, verkstæðisformaður hjá Heklu er hann sýnir blaðamanni búnaðinn. Þar verður fyrst fyrir forgreiningarbekkur með mottu sem les hvort hjólastilla þurfi bifreiðina eða ekki, einnig prufar hann hvort dempararnir og bremsurnar séu í lagi. Inni í bremusprufubúnaðinum er innrautt ljós sem sér dýptina á dekkjamynstrinu og gerir athugasemd ef dekkin eru slitin.



Tölvan les úr öllum prófum og hægt er að færa bera skjáinn með sér um verkstæðið ef henta þykir.

Við hlið forgreiningarbekkjarins er fljótvirk lyfta og inni í henni millilyfta sem meðal annars lyftir bílnum þannig að öll dekk séu laus. Þar er líka hristari til að skoða stýrisbúnað og slitfleti kringum hann og ein nýjungin enn er ljósastillingartæki. Magnús grípur líka vasaljós eitt voldugt og auk þess að lýsa með því fleti sem hann sá ekki áður, notar hann það sem fjarstýringu fyrir önnur tæki.

Allur þessi búnaður er svo festur við tölvu þannig að hægt er að skoða útkomuna þar. „Við getum prentað niðurstöður prófanna út úr tölvunni og viðskiptavinurinn fengið að vita hvernig þessum atriðum er háttað í bifreiðinni hverju sinni,“ útskýrir verkstæðisformaðurinn og heldur áfram. „Allir bílar sem fara í gegnum þrjátíu þúsund kílómetra skoðun hjá okkur fara í svona prufur, það tekur svona tíu til fimmtán mínútur.“

Ekki er allt búið enn því að lokum sýnir Magnús tæki sem stungið er í samband við bílinn og hjálpar til að finna bilanir, hvers kyns sem þær eru. „Við eigum bilanagreini fyrir nýjustu bílana af þeim tegundum sem við seljum.



Þessi mælir getur greint hina ýmsu sjúkdóma sem hrjáir bifreiðina ef hún er af nýlegri árgerð.

Það eru komin fullkomin forrit í árgerðirnar frá 2003 til dagsins í dag og ef þær koma inn til viðgerðar byrja þær á að fara í svona greini. Við tökum til varahlutina í framhaldi af skoðuninni og þetta sparar mikinn tíma. Ef búið er að greina bilunina er líka hægt að gefa viðskiptavininum upp viðgerðarkostnaðinn fyrirfram svo þróunin er öll í rétta átt.“

*gun@frettabladid.is*



Hammon var ekki hrifinn af Mustang. Mustang er heldur ekki mjög hrifinn af Hammon.

# Top Gear í ruglinu?

***Atriði úr síðasta þætti Top Gear hefur verið mikið gagnrýnt fyrir rangfærslur. Einföld mistök segja sumir.***

Í síðasta þætti af nýjustu seríu Top Gear (ekki þessarar árs gömlu á SkjáEinum) er fjallað um Ford Mustang GT500. Richard Hammon, eða hraðskreiðasti hamstur heims, gagnrýnir bílinn fyrir slæma aksturseiginleika og slæmar ákvarðanir Ford við framleiðsluna. Hann mælir einnig hestaflafjöldann og segir það „aðeins of snyrtilegt“ að bíllinn sé nákvæmlega 500 hestöfl. Útkoman er 447 hestöfl, hamstrinum til mikilla vonbrigða.

Þarna gerði hamsturinn mistök. Bíllinn er vissulega 447 hestöfl, en hann er líka 500 hestöfl. Ruglingslegt að öllu leyti. Mæling hestafla er tvenns konar, annars vegar hestöfl úr vél, og hins vegar hestöfl í hjól. Hammond mældi hið síðarnefnda, en algengt er að 10 til 20 prósent hestafla tapist í núning flreinar frá vél og út í hjól. Sú tala sem framleiðendur gefa upp er alltaf úr vél og miðað við tíu prósenta tap ætti hestaflafjöldinn að vera 450 í hjólum GT500, sem er ansi nálægt 447.

Þessi mistök, ef mistök skyldi kallast, eru olía á eld þeirra sem gagnrýnt hafa þáttinn fyrir að hafa fjarlægst upptök sín. Gagnrýnisraddirnar segja að þátturinn sé orðinn of mikill skemmtiþáttur á



Það er ekki sama Jón og séra Jón, heldur ekki hestöfl og hestöfl. Því fékk Hammon að kynnast í síðasta þætti Top Gear.

kostnað áreiðanleika.

Enn fremur stendur nokkur styr um athugasemd Jeremys Clarkson þess efnis að Top Gear myndi ekki snúa aftur í sumar, eins og áður hafði verið tilkynnt. Ekki er vitað hvort hann átti við að hann sjálfur væri að hætta, eða hvort nýr þáttur yrði einfaldlega ekki tilbúinn í sumar. Talsmenn BBC segja að þeir muni gera sérstakan sumarþátt, en ef Stóri-Bretinn Clarkson verður ekki með verður það eins og að keyra bíl án vélar. *-tg*

allt bílar
Alla laugardaga



**Telemark-helgin** fer fram í Hlíðarfjalli við Akureyri 16.-18. mars næstkomandi. Þar verður keppt á telemark-skíðum og fjallaskíðum. Í fyrsta skipti í mörg ár hafa aðstandendur engar áhyggjur af snjóleysi. www.utivera.is















Gallarnir og hjólin voru klár þegar Grétar og félagar komu til Kaliforníu, þar sem tekið var á móti þeim með virktum.

# *Eftir endilöngum dal dauðans*

***Grétar Sölvason og félagar ferðuðust á mótorkrosshjólum frá Los Angeles í gegnum hinn alræmda dal dauðans og skelltu sér síðan í spilavíti í Las Vegas.***

„Upprunalega vorum við á leiðinni á steypusýningu í Las Vegas en langaði að gera meira úr ferðinni. Við fundum ferðaskrifstofuna Admotours, sem sérhæfir sig í mótorhjólaferðum í Kaliforníu, og slógum til,“ segir Grétar Sölvason mótorhjólakappi, sem fór nýverið ásamt sjö félögum sínum í fjögurra daga ferð á Enduro-mótorkrosshjólum frá Los Angeles til Las Vegas.

Grétar og félagar hafa hjólað mikið saman innanlands en ferðin til Kaliforníu var sú fyrsta út fyrir landsteinana. „Við fengum hjólin ásamt öllum útbúnaði á leigu hjá ferðaskrifstofunni. Fæði og húsnæði var einnig innifalið, ásamt fararstjórn,“ segir Grétar.

Félagarnir átta voru þeir einu sem fóru í þessa ferð en Grétar segir að aðstandendur ferðarinnar taki í mesta lagi átta í hverja ferð og minnst tvo.

Ferðin hófst í Los Angeles á fyrsta degi og þaðan lá leiðin inn í hinn alræmda Death Valley. Þeir félagarnir fetuðu í spor landnema og gullgrafara sem sumir hverjir áttu ekki afturkvæmt, enda fer hitinn stundum vel yfir fimmtíu gráður á sumrin.

„Við hjóluðum frá morgni til kvölds ásamt trússbíl sem fylgdi okkur með vistir svo það væsti ekki um okkur í dalnum,“ segir Grétar.

Núna er þar stærðarinnar golfvöllur ásamt hóteli sem er vinsælt meðal ferðamanna og sú tíð þegar fólki stafaði hætta af ferð um dalinn er löngu liðin.

Ferðinni lauk í Las Vegas þar sem þeir félagarnir fóru á stærstu steypusýningu í heimi, The World of Concrete, og kíktu á spilavítin. Grétar segir ferðina hafa verið einstaklega vel heppnaða og er þegar byrjaður að skipuleggja aðra ferð til Kaliforníu þar sem nýjar leiðir verða lagðar undir hjól. Ferðaskrifstofan Admotours www.admotours.com

*rh@frettabladid.is*



Grétar Sölvason fór í eftirminnilega ferð á mótorkrosshjóli um dal dauðans í Kaliforníu og getur ekki beðið eftir að komast aftur í sólina á hjólinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Náttúran var mikilfengleg í hinum alræmda dal dauðans þar sem félagarnir hvíldu lúin bein á leið sinni til Las Vegas.



Hitinn í Death Valley getur farið vel yfir fimmtíu gráður.



Anna Dóra Sæþórsdóttir segir rannsókn að hefjast á því hvað Lakasvæðið þoli marga ferðamenn, án þess að láta á sjá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stórbrotnar minjar

***Skipulag við Lakagíga í Skaftárhreppi var rætt á ráðstefnu á Klaustri um síðustu helgi.***

„Lakagígar eru stórbrotnar náttúruminjar sem þola takmarkaðan ágang ferðafólks nema umhverfið þar verði manngert að einhverju leyti,“ segir Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræðum við HÍ. Hún var meðal frummælenda á ráðstefnu um skipulag Lakasvæðisins og lýsir sínu innleggi þar nánar.

„Ég bar saman tvö nágrannasvæði við Laka, annars vegar Landmannalaugar og hinsvegar Lónsöræfi og lagði áherslu á muninn á aðgenginu að þeim. Við Landmannalaugar er svo mikið af mannvirkjum en Lónsöræfin eru enn erfitt landslag að fara um, ekki búið að höggva tröppur og annað þvíumlíkt. Útfrá samanburði á þessum tveimur svæðum bað ég fólk að hugsa um Lakasvæðið og lýsti fyrirhugaðri rannsókn á þolmörkum þess. Hún gengur meðal annars útá að spyrja ferðamenn sem stoppa í Laka í sumar hvernig þeim finnist aðgengið eiga að vera.“

Anna Dóra segir hafa komið til tals að bæta veginn inn að Laka eða byggja upp nýjan og hringleið upp með Þverá og frá Laufdalavatni yfir á Galta hafi verið rædd. „Ferðaþjónustuaðilar heima í héraði telja að með bættum vegi lengist ferðamannatímabilið en á ráðstefnunni var líka fulltrúi Fjallaleiðsögumanna sem gera út á það að ganga í marga daga án þess að sjá nokkurt mannvirki, hvað þá að vera í vélvæddri umferð.“

Laki tilheyrir nú Skaftafellsþjóðgarði og Anna Dóra segir áhuga er innan ferðaþjónustunnar á að stækka hann vestur yfir Langasjó og Fögrufjöll og yfir hraunið í austur. „Með því að gera göngubrú yfir Skaftá væri komið víðfeðmt svæði til að ganga um - Landmannalaugar, Sveinstindur, Langisjór, Laki,“ bendir hún á. „Allt eru þetta hugmyndir sem verið er að viðra og eru bara á umræðustigi.“

*gun@frettabladid.is*



Tjarnargígur er einn Lakagíga. Í honum nær vatnið 12 metra dýpt.












## Aldrei uppselt - opið allan ársins hring

FERÐASKRIFSTOFAN FERD.IS ER NÝ ÍSLENSK FERÐASKRIFSTOFA Á NETINU MEÐ FERÐIR ÚT UM ALLAN HEIM OG ÞAÐ ER ALDREI UPPSELT.

Ferðamáti Íslendinga hefur breyst mikið síðastliðin ár. Við ferðumst öðruvísi og lengra en fyrr og margir vilja öðruvísi frí en áður. Ekki bara strönd og hótel á Spáni.

Íslenska ferðaskrifstofan Ferð.is býður upp ferðir til allra horna heimsins og er opin allan sólahringinn, allan ársins hring.

Skrifstofan skipuleggur ferðir fyrir einstaklinga og hópa með mismunandi markmið, bæði viðskiptaferðir, fjölskylduferðir, íþróttaferðir og stórborgarferðir og að sögn skrifstofunnar er aldrei uppselt.

Ferðaskrifstofan er eingöngu á netinu og samskipti við viðskiptavini er í gegnum síma eða netsamtöl.

Allar ferðirnar hefjast á Íslandi og eru um 4000 áfangastaðir í boði víðsvegar um heiminn. Flugverðin eru að sögn skrifstofunnar óvenjuhagstæð.

Nánari upplýsingar: www.ferd.is

*-rh*




Ástralía býður upp á nýstárlega reynslu fyrir íbúana á fróni sem vilja láta fara vel um sig hinum megin á hnettinum.


Leiguíbúðir í Kaupmannahöfn





Bjóðum upp á tvær glæsilegar 160 fm íbúðir til viku- eða helgarleigu á Vesterbrogade í **Kaupmannahöfn**. Hentar fjölskyldum, vina- og vinnuhópum afar vel.

**Nánari upplýsingar að finna á: www.come2scandinavia.com**

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

COME 2

Sími: +45 33 25 64 25 - Netfang: info@come2scandinavia.com

NOTAÐIR BÍLAR

# Nýttu þér tilboðin

Lægra verð. Lægri afborgun*
Aðeins 58 bílar til laugardagsins 17. mars.
Komdu í Brimborg. Komdu strax.

Tökum notaðan uppí notaðan

Opið kl. 9-18 virka daga
og kl. 12-16 laugardaga

*Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.


VW Passat 2,0 FSI, skrd.10/2005, e:19.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr Tilboð 2.699.000 kr S:515-7000


Hyundai Getz, skrd.10/2004, e:31.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr Tilboð 799.000 kr S:515-7000


Ford Mondeo Ghia, skrd.06/2003, e:44.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.790.000 kr Tilboð 1.450.000 kr S:515-7000


Citroen Berlingo Van, skrd.10/2003, e:61.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr Tilboð 699.000 kr S:515-7000


Volvo V50 2,4l, skrd.08/2004, e:72.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.590.000 kr Tilboð 2.190.000 kr S:515-7000


Citroen Berlingo Van, skrd.10/2003, e:61.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr Tilboð 699.000 kr S:515-7000


Citroen C4 SX, skrd.11/2005, e:16.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.790.000 kr Tilboð 1.590.000 kr S:515-7000


Ford Mondeo Ghia, skrd.09/2002, e:55.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000 kr Tilboð 1.390.000 kr S:515-7000


Toyota Yaris, skrd.01/2005, e:48.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 1.450.000 kr Tilboð 1.299.000 kr S:515-7000


Citroen C5 SX, skrd.08/2002, e:115.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.240.000 kr Tilboð 1.090.000 kr S:515-7000


Ford Focus Trend, skrd.03/2006, e:21.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.750.000 kr Tilboð 1.490.000 kr S:515-7000


Ford Focus Trend, skrd.08/2004, e:69.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.350.000 kr Tilboð 1.090.000 kr S:515-7000


Hyundai Trajet, skrd.05/2005, e:45.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr Tilboð 1.650.000 kr S:515-7000


Ford Focus Ghia, skrd.03/2006, e:12.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr Tilboð 1.650.000 kr S:515-7000


VW Bora, skrd.09/1999, e:151.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 690.000 kr Tilboð 590.000 kr S:515-7000


Ford Mondeo Ghia, skrd.02/2005, e:22.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.350.000 kr Tilboð 2.090.000 kr S:515-7000


Ford Focus Trend, skrd.11/2005, e:18.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.920.000 kr Tilboð 1.790.000 kr S:515-7000


Citroen Berlingo Van, skrd.06/2001, e:123.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 620.000 kr Tilboð 499.000 kr S:515-7000


Ford Focus Trend, skrd.05/2005, e:17.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr Tilboð 1.690.000 kr S:515-7000


Suzuki Jimny, skrd.05/2003, e:78.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr Tilboð 890.000 kr S:515-7000


Suzuki Grand Vitara, skrd.03/2000, e:145.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr Tilboð 880.000 kr S:515-7000


Ford Focus Trend, skrd.12/2005, e:8.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr Tilboð 1.790.000 kr S:515-7000


Citroen Berlingo Van, skrd.07/2004, e:60.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr Tilboð 890.000 kr S:515-7000


Isuzu Trooper, skrd.06/2000, e:167.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Diesel. Ásett verð 1.590.000 kr Tilboð 1.290.000 kr S:515-7000


Lincoln Aviator Luxury, skrd.12/2005, e:7.000 km, 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr Tilboð 4.690.000 kr S:515-7000


Ford Galaxy Ghia, skrd.07/2003, e:51.000 km, 2800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr Tilboð 2.350.000 kr S:515-7000


Volvo XC90, skrd.11/2004, e:41.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.750.000 kr Tilboð 4.290.000 kr S:515-7000


Ford Focus High Series, skrd.11/2001, e:80.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 980.000 kr Tilboð 880.000 kr S:515-7000


Subaru Legacy, skrd.08/2000, e:103.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr Tilboð 890.000 kr S:515-7000


Toyota Rav4, skrd.10/2003, e:81.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.090.000 kr Tilboð 1.890.000 kr S:515-7000


Ford Explorer XLT, skrd.12/2003, e:37.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.890.000 kr Tilboð 2.690.000 kr S:515-7000


Volvo V50, skrd.05/2004, e:60.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.690.000 kr Tilboð 2.490.000 kr S:515-7000


Ford Focus Trend, skrd.12/2003, e:62.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr Tilboð 1.150.000 kr S:515-7000


Ford Mondeo Trend, skrd.11/2004, e:32.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.220.000 kr Tilboð 1.990.000 kr S:515-7000


Ford Mondeo Trend, skrd.11/2001, e:90.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr Tilboð 990.000 kr S:515-7000


Ford Fusion Trend, skrd.12/2003, e:27.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.070.000 kr Tilboð 970.000 kr S:515-7000

Þig vantar bíl.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.
Kíktu á netið. Komdu núna.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsgögn

Til sölu borðstofuborð, sófaborð, 2 skenkar og 2 skápar. Fæst á góðu verði. Upplýsingar í síma 840-5701

Til sölu nýleg koja án dýna, ásamt aukahlutum. Uppl í s. 562 5521, 848 8959 & 847 7434.

## Dýrahald

**Alþjóðleg hundasýning Íshunda**
**verður haldin helgina 14-15 apríl n.k. í reiðhöll Fáks í Víðidal.**
**Skáning er hafin í síma 577 2474 & 863 8596 og á ishundar.is Allir hundar velkomnir. Skráningarfrestur er til 23.mars.**

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**
**Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is**

Til sölu glæsilegur gulur Labrador rakki, 9 vikna gamall. Uppls í sima 864-5686

## Byssur

**Skotveiðimenn - Villibráðarkvöld**
**Villibráðarkvöld Skotvís og Skotreynar verður haldið laugardagskvöldið 17. mars n.k.**
**Nánari upplýsingar á skotvis.is og skotreyn.org**
**Stjórnir Skotvís og Skotreyn**

## HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Óska eftir lagerplássi**
Óska eftir lagerplássi, c.a 50-60fm. Miðsvæðis í Rvk. S. 694 2150, Hildur.

## Húsnæði í boði

Til leigu falleg 2 herb. 60 fm. íbúð í lyftuhúsi í Heimunum , svæði 104. Laus strax. Áhugasamir sendi póst á skulimag@simnet.is

**Stúdíóherbergi til leigu**
Með eldhúsi og aðg. að wc og þvottah. Á svæði 110. 40þ. á mán. Uppl. í s. 822 8430.

## Húsnæði óskast

Reglusamt, reyklaust par óskar eftir 3. herb. íbúð nálægt miðbæ RVK. S. 694 4307.

Vantar íbúð í Hafnarfirði STRAX Í NOKKRA MÁNUÐI. Birna sími 8699637.

Einstæður faðir óskar eftir íbúð frá og með 1 apríl. 100 % Meðmæli ef þess er óskað. Uppl. í s. 662 3146 & 840 2991.

## Fasteignir

**Spánn - fyrir þig!**
Viltu eignast heimili í sólinni? Kynning á Grand Hótel 18. mars kl. 14, http://www.lalunahus.com

## Sumarbústaðir




Sumarbústaðalóðir. Stórar glæsilegar lóðir í kjarrivöxnu landi á suðurlandi. Glæsilegt útsýni og skjólgott. Uppl. www.hrifunes.is / hrifunes@hrifunes.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Viltu vinna hjá góðu og rótgrónu fyrirtæki?**
**Okkur vantar starfsfólk í veitingasal. Fullt starf í boði eða aukavinnu starf um helgar. Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða s. 893 2323.**

**Aktu Taktu**
**Aktu Taktu Skúlagötu og Aktu Taktu Garðabæ leitar eftir rösku og heiðarlegu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Vaktavinna í boði. Skemmtilegt starf á skemmtilegum vinnustað. Atvinnuumsóknir á www.aktutaktu.is.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Starfsfólk óskast!**
**Kornið Hjallarbrekku 2. 200 Kópavogi óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í bakaríinu. Vinnutími frá 07.00 - 13.00. Hentar mjög vel eldra fólki. Nánari uppl. í s. 864 1585. Dagbjartur.**

**Lækjargata.**
**Óskum eftir afgreiðslufólki frá 11:00 - 18:00 alla virka daga. Nánari uppl. í s. 864 1585. Dagbjartur.**

**Góðar tekjur...!! Góðar tekjur...!!**
**Vantar sölufólk til þess að selja áskriftir frá kl. 18:00 til 21:30 Upplýsingar í síma 414 9411**

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í verslun okkar að Bæjarlind 1-3. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Hreingerning**
**Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um hreingerningar, ræstingar og bónvinnu. Íslenskukunnátta æskileg. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Glæsibæ óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is**

**Conditor - Bakari**
**Bakarameistarinn óskar eftir að ráða góðan conditor eða bakara í tertudeild okkar. Við bjóðum upp á góð laun og gott vinnuumhverfi. Þarf að geta byrjað eftir 1 - 2 mánuði. Leitum eftir reglusömum og duglegum manni sem á gott með að starfa í hóp. Góður vinnutími. Uppl. í s. 864 7733 Óttar.**

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast.**
**Upplýsingar í síma 897 4433.**

**Veitingahúsið Vegamót**
**óskar eftir þjónum og barþjónum í fullt starf og hlutastarf. Uppl. á staðnum eða á vegamot@vegamot.is**

**Störf á Pizza Hut**

**Vaktstjóri í sal á Pizza Hut Hótel Nordica**
Um er að ræða 100% starf. Starfið felst í: Stjórnun vakta og þjónustu. Hæfniskröfur: Þjónustund, samviskusemi, reglusemi & hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 24 ár. Nánari uppl. veitir Björgvin veitingastjóri í síma 696-3817 eða á nordica@pizzahut.is.

**100% starf í sal á Pizza Hut Hótel Nordica**
Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi & reglusemi. Lágmarks aldur er 18 ár. Nánari uppl. veitir Björgvin veitingastjóri í síma 696-3817 eða á nordica@pizzahut.is.

**Hlutastörf í símaveri**
Um er að ræða hlutastörf í símaveri á kvöldin og um helgar. Tilvalið fyrir skólafólk. Lágmarks aldur er 18 ár. Nánari upplýsingar hjá Þórey veitingastjóra í síma 822-3642 eða á sprengisandur@pizzahut.is

**Smiðir**
**Óska eftir trésmið í vinnu við frágang innanhúss. Uppl. í s. 893 3322. Þil ehf. Byggingarfélag.**

**Trésmiðir**
**Óskum eftir smiðum og vönum byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 660 9797 - Íbyggð ehf.**

**PÍTAN**
**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf á grilli. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur. Umsóknir á www.pitan.is**

**American Style í Kópavogi**
**Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American style í Kópavogi málið. ?**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa.Helga gefur frekari upplýsingar í sima:699-5423 eða netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Efnalaug Grafarvogs**
Starfskraftur óskast í efnalaug. Uppl. í s. 892 3423.

**Bakarí-Bístró Ármúla**
Óskum eftir starfskrafti í almennt vetinga- og afgreiðslustarf, 20 ára og eldri, bílpróf kostur. Uppl í s. 898 1779.

Óska eftir málara eða manni vönum sandsparsli og málingu. Uppl. í s. 660 3830.

Óska eftir mönnum til byggingarvinnu í Færeyjum. Uppl. í s. 899 8916.

**Veitingahúsið Hornið.**
Vill ráða snyrtilega og reglusama þjóna í sal. Reynsla æskileg. Um er að ræða 70% vaktavinnu og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan.**
**Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

**INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK**

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

**INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri**
**Hafðu samband í síma 517 4530**
INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

2 smiðir óska eftir vinnu. Vanir gips, parketi o.fl. Vilja mikla vinnu. S. 893 5908.

32 ára karlmaður óskar eftir vinnu. Meirapróf. Uppl. í s. 820 1974.

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## FASTEIGNIR






**RE/MAX MJÓDD**

# Lækjarvað 9

110 Reykjavík
Opið hús í dag kl: 19:00 – 19:30

**Verð: 39.900.000**
Stærð: 172 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 27.590.000
Bílskúr: já

Glæsileg efri sérhæð, alls Glæsileg efri sérhæð, alls 173 fm (bílsk innifalinn) í glæsilegu nýl. húsi í Norðlingaholtinu. Sérinngangur. Sjónvarpshol með útgengt á stórar (ca 60 fm) svalir. Stór og björt stofa. Eldhús og borðstofa eru opin í eitt rými. Glæsilegar innréttingar í eldhúsi og öll tæki. Þvottahús. Flísalagt baðh. m hita í gólfi, upphengt salerni, baðkar og sturta. Þrjú stór svefnherbergi með skápum. Allar innréttingar og skápar eru frá Innex úr kirsuberjavið. Að utan er húsið steinsallað og sléttpúss

Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550

Heimir Bergmann Sölufulltrúi **822 3600** heimir@remax.is

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## GALTALIND 3 - KÓP. 3JA HERB.

Frum



Glæsileg 89 fm endaíbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli (5 íbúða húsi) 2 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari flísalagt í hólf og golf. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu. Þvottahús með glugga. Stórar suð-vestur svalir, útsýni. Góð staðsetning. Eign í sérflokki.
**Verð 22,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## Vesturholt, Hafnarfjörður

Frum



Afar glæsilegt og vel staðsett 213,8fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr og auka íbúð á endalóð innst í botnlanga á frábærum útsýnisstað. Aðalhæðin skiptist í: Forstofu, hol, 3 herbergi, baðherbergi, eldhús og borðstofu með útgangi út á svalir og þaðan á sólverönd með skjólgirðingum. Efri hæðin er stofa með fallegum þakgluggum og miklu útsýni. Frá miðhæðinni er hringstigi niður í hol, fataherbergi og stóran bílskúr. Aukaíbúðin skiptist í: forstofu, eldhús, bað og stórt rými sem nýtist sem stofa og herbergi. Húsið er teiknað af Vífill Magnússyni. Óskað er eftir tilboðum í eignina. (4206)

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.490 **-0,97%** **Fjöldi viðskipta:** 566 **Velta:** 7.507 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | +2,03% | **Hampiðjan** | -9,76% |
| **Teymi** | +0,98% | **Atorka** | -2,05% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,80% | **Landsbankinn** | -1,83% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,62 -1,09% ... Actavis 69,60 -0,43% ... Alfesca 4,70 -0,42% ... Atlantic Petroleum 630,00 +0,80% ... Atorka 6,69 -2,05% ... Bakkavör 64,00 -0,78% ... Eimskipafélagið 34,80 -1,42% ... FL Group 30,30 -0,98% ... Glitnir 27,20 -1,09% ... Kaupþing 1.033 -1,05% ... Landsbankinn 32,20 -1,83% ... Marel 75,50 +2,03% ... Mosaic Fashions 15,90 -0,63% ... Straumur-Burðarás 20,20 -1,46% ... Össur 126,00 -0,79%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Rafræn skilríki tekin í gagnið

Fyrsta rafræna skilríkið var tekið í notkun á ráðstefnu forsætis- og fjármálaráðuneytis „Nýtum tímann – notum tæknina“ fyrir helgi. Er því spáð að á næsta ári verði meirihluti landsmanna kominn með rafræn skilríki.

Ráðstefnan var haldin í tengslum við UT-daginn, en rafræn skilríki voru áberandi í dagskránni og á sýningunni Tækni og viti 2007 í Fífunni sem lauk á sunnudag. Skilríki voru meðal annars kynnt á vegum Auðkennis, Landsbankans og fjármálaráðuneytisins.

Um fimmtán þúsund gestir heimsóttu Tækni og vit 2007 en þar kynntu rúmlega 100 fyrirtæki vörur sínar og þjónustu.

Geir H. Haarde forsætisráðherra opnaði sýninguna á fimmtudag en að því loknu héldu þeir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, og Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, ávörp.

Þá heimsótti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sýninguna í boði Samtaka iðnaðarins en hann gróðursetti sprota á Sprotatorgi samtakanna. Samtökin stóðu auk þess að ráðstefnu um samband fjárfesta og sprotafyrirtækja á föstudag.

Sprotatorgið kom frekar við sögu á sýningunni um helgina en það var valið athyglisverðasta svæðið á sýningunni. Önnur verðlaun hlaut fyrirtækið CAOZ en hugbúnaðarfyrirtækið Rue de Net og hönnunarfyrirtækið H2 hönnun deildu með sér þriðju verðlaununum. - jab



**SÝNINGIN FORMLEGA OPNUÐ** Geir H. Haarde forsætisráðherra opnaði stórsýninguna Tækni og vit í Fífunni.



**ASTON MARTIN** Klassískt eintak af sportbílnum sem hefur leikið stórt hlutverk í mörgum myndum um njósnarann James Bond.

## Framleiðsla Aston Martin seld

Bandaríski bílaframleiðandinn Ford hefur ákveðið að selja framleiðslu á bresku eðalsportbílunum Aston Martin til hóps fjárfesta.

Hópinn leiða Dave Richards, fyrrverandi rallíkappi og forsvarsmaður kappakstursliðs Aston Martin, og John Sinder, ákafur unnandi Aston Martin-bíla og bílasafnari. Gert er ráð fyrir að kaupin gangi í gegn á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

Verðmiðinn fyrir Aston Martin er 479 milljónir punda, jafnvirði 62,8 milljarða króna. Fjármálastofnanir í Bandaríkjunum og Kúveit fjármagna kaupin. - jab

## Fyrsta tapár Airbus að baki

Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus tapaði 572 milljónum evra, jafnvirði 50,7 milljarða íslenskra króna, í fyrra. Tapárið er það fyrsta í sögu félagsins.

Louis Gallois, annar af tveimur forstjórum flugvélaframleiðandans, segir árið hafa verið eitt það versta í sögu fyrirtækisins.

Airbus greindi á árinu í tvígang frá töfum á afhendingu á A380 risaþotum frá félaginu. Inn í afkomuna spilar einnig aukinn þróunarkostnaður við A350 XWB þotuna, gengissveiflur á Bandaríkjadal gagnvart evru og kostnaður við endurskipulagningu á rekstri Airbus sem felur meðal annars í sér uppsagnir á 10.000 manns og sölu á nokkrum verksmiðjum.

Tapreksturinn dró niður afkomu móðurfélagsins EADS en hagnaður þess nam 99 milljónum evra á árinu. Þetta jafngildir rétt tæplega 8,8 milljörðum króna samanborið við 1.676 milljóna evra, 148,6 milljarða króna, hagnað árið 2005. - jab

## Margir sitja um sænskan vodka

Þrír alþjóðlegir risar á áfengismarkaðnum eru sagðir hafa hug á að kaupa sænska ríkisfyrirtækið Vin & Spirit, sem framleiðir hinn geysivinsæla Absolut vodka. Þetta staðhæfir talsmaður sænsku ríkisstjórnarinnar, sem hefur farið með allt hlutafé í áfengisframleiðandanum í 90 ár.

Á stefnuskrá stjórnarinnar er að losa um eignir sænska ríkisins, þar á meðal áfengisframleiðsluna. Vonast stjórnin til þess að með einkavæðingunni komi um 150 milljarðar sænskra króna, jafnvirði rúmra 1.400 milljarða íslenskra króna, í ríkiskassann. - jab



**HELGA VALA HELGADÓTTIR ER 35 ÁRA Í DAG**

*„Ég er frekar munaðarseggur en meinlætaseggur – ég læt aðra um það.“*

***Bæjarstjórafrúin og laganeminn fæddist þennan dag árið 1972.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. MARS

## *Albert prins kemur í heiminn*



Þennan dag árið 1958 fæddist prinsinn Albert af Mónakó. Albert var sonur hjónanna Rainiers III prins og Grace prinsessu sem er betur þekkt sem kvikmyndastjarnan Grace Kelly. Albert var annar í systkinaröðinni en tók þó króntignina af Karólínu systur sinni sem var eins árs þegar hann fæddist.

Ætlunin var að tilkynna fæðingu prinsins á hefðbundinn hátt en það gekk ekki eftir þar sem heimurinn frétti af fæðingunni þegar óþekkt kona kallaði út um hallargluggann: „Þetta er drengur, þetta er drengur.“ Stuttu eftir fæðinguna birtist svo fjölskyldan á hallarsvölunum og veifaði til fjöldans. „Þetta er vænn, vænn prins,“ voru orð prinsessumóðurinnar, frú Kelly, um fæðingu afkomandans.

Mikil veisla var haldin í Mónakó þennan dag enda mikið haldið upp á að loksins væri fullvíst að ríkið þyrfti ekki að sameinast Frakklandi vegna skorts á ríkiserfingjum. Hleypt var af hundrað og einu skoti fyrir framan höllina, fánar og blóm voru sett upp um allt ríkið og daginn eftir fæðinguna var öllum landsmönnum gefið frí frá vinnu og skóla. Einnig náðaði Rainier prins alla sex fangana í Mónakó en ekki fylgir sögunni fyrir hvað þeir sátu inni.

Eftir huggulega æsku í Mónakó við nám í prinsafræðum flutti Albert til Bandaríkjanna og lærði stjórnmálafræði í Massachusetts. Hann tók við ríkisstjórastóli föður síns við lát hans árið 2005.

## MERKISATBURÐIR

**1489** Katrín Kornaro, drottningin á Kýpur, selur konungdæmi sitt til Feneyja.

**1911** Kristján Jónsson verður ráðherra Íslands og situr fram í júlí sama ár.

**1969** Leikritið „Fiðlarinn á þakinu“ er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu en verkið nýtur meiri vinsælda en nokkuð annað leikrit á undan því.

**1978** Hersveitir Ísraelsmanna ráðast inn í Suður-Líbanon með þeim afleiðingum að minnst hundrað þúsund Líbanar þurfa að flýja svæðið og að minnsta kosti tvö þúsund láta lífið.

**1987** Barðinn strandar við Dritvík á Snæfellsnesi og bjargar þyrla Landhelgisgæslunnar níu manns.



✝

*Elskulegur sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bergur Bárðarson**

málarameistari, hjúkrunarheimilinu Eir,

lést 9. mars sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 16.mars kl. 13.00.

**Sigríður Eiríksdóttir**
**Einar Bragi Bergsson** — **Guðrún Bernódusdóttir**
**Guðrún Ásta Bergsdóttir**
**Margrét Bergsdóttir** — **Reynir Pálsson**
**Hjördís Inga Bergsdóttir**
**Bárður Arnar Bergsson** — **María Valsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Jón Þorbergur Guðmundsson**

sem lést miðvikudaginn 7. mars, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 15. mars kl. 15.00.

**Guðrún Jónsdóttir** — **Aron Árnason**
**og barnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Eysteinsson**

Vesturgötu 17, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að morgni laugardagsins 11. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 16. mars, kl. 11.00.

**Alda Jónsdóttir**
**Jónas Eggert Ólafsson** — **Guðrún Ármannsdóttir**
**Sigurður Marjón Ólafsson** — **Guðrún Karí Aðalsteinsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

*Vegna jarðarfarar*

**Torfa B. Tómassonar**

verður fyrirtækið lokað eftir kl. 13.00 í dag, miðvikudaginn 14. mars.

**TÓTEM heildverslun**
**Vínlandsleið 2-4 Reykjavík**



Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson — Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990






**TITUS LIVY** Guðni Þór Guðnason, Magnús Skúlason og Eyþór Sigmundsson úr Iðnskólanum í Reykjavík skipuðu sveitina Titus Livy sem hlaut fyrstu verðlaun.

FORRITUNARKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA: HALDIN Í SJÖTTA SINN

# Fleiri stelpur vantar í forritun

Forritunarkeppni framhaldsskólanna var haldin í sjötta skipti um síðustu helgi á vegum tölvunarfræðisviðs Háskólans í Reykjavík. Keppt var í þremur deildum, Alfa, Beta og Delta, og tóku átján lið þátt frá tíu framhaldsskólum.

Lið Iðnskólans í Reykjavík, Titus Livy, hlaut fyrstu verðlaun í Alfadeildinni, sem er fyrir þá sem eru lengst komnir. Var liðið skipað þeim Guðna Þór Guðnasyni, Magnúsi Skúlasyni og Eyþóri Sigmundssyni. Frumlegustu lausnina hlaut The Union frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. Keppendur völdu flottasta lógó liðanna og var það 3Minds frá Iðnskólanum í Reykjavík sem hlaut þau verðlaun.

„Þetta gekk rosalega vel. Það er gaman að sjá hvað áhuginn er mikill fyrir þessari keppni,“ segir Hrund Steingrímsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Háskólanum í Reykjavík. „Kannski verður þessi keppni til að virkja forritunarkennslu í framhaldsskólum landsins sem virðist vera dálítill skortur á. Það skiptir miklu máli að kennararnir nái að virkja nemendurna,“ segir hún.

Samhliða forritunarkeppninni var haldin lógókeppni. 25 lógó voru send inn og hlaut Arnar Már Hall Guðmundsson fyrstu verðlaun. Verður lógóið hans notað sem hluti af kynningarefni keppninnar skólaárið 2007-2008. Hörður Helgi Tryggvason lenti í öðru sæti og Margrét Lára Höskuldsdóttir í því þriðja. Þau eru öll nemendur af upplýsinga- og fjölmiðlabraut Iðnskólans í Reykjavík.

Aðeins tvær stelpur tóku þátt í keppninni í þetta sinn. „Þetta er svolítil strákakeppni en við viljum fá fleiri stelpur. Það er spurning hvað þarf að gera til að virkja stelpur. Kannski þarf að breyta ímynd forritarans. Það eru margir sem hugsa að tölvunarfræði sé bara forritun en það er svo margt annað í henni. Síðan er til þessi ímynd að forritari sé sveittur karl úti í horni í netabol að drekka kók en það er ekki ímyndin sem við viljum hafa,“ segir Hrund.

**freyr@frettabladid.is**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hólmfríður Sigurðardóttir**

(Lilla Lúthers frá Fosshóli)

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. mars kl. 13.30.

**Svava Sigurðardóttir** — **Hilmar Sæmundsson**
**Sif Sigurðardóttir** — **Rúnar Jóhannesson**
**Sigurður Lúther Gestsson** — **Valgerður Kr. Guðbjörnsdóttir**
**Guðbjörg Birgisdóttir** — **Guðmundur G. Norðdahl**
**og ömmubörn.**

*Vegna jarðarfarar samstarfsmanns okkar*

**Skarphéðins Guðjónssonar**

verður lokað milli 12 - 16 í dag 14. mars.

**Starfsfólk Landvéla**


Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



*15% afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum*



**Englasteinar**
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is







Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




# STUÐ MILLI STRÍÐA Femínismi í stórsjó

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** VELUR ÚR VARALITAHILLUNNI



Femínismi er margslungið fyrirbæri. Hugtakið er eitt af þeim sem kalla á viðbrögð hjá hverjum sem það heyrir, og viðbrögðin eru jafn mismunandi og áheyrendur eru margir. Með reglulegu millibili skýtur eitthvað álitamál sem tengist femínisma eða femínistum upp kollinum í samfélagi okkar, og öldugangurinn sem af því hlýst er yfirleitt með því mesta sem gerist. Svo mikill, í raun, að sjóveiki gerir fljótt vart við sig hjá sæförum í samfélaginu, og fólk keppist við að kasta upp orðræðu eftir orðræðu út yfir borðstokkinn. Mér sýnist að einhvers staðar hafi komið babb í bátinn, og femínismi orðið að einhvers konar skammaryrði í hugum margra.

Í mínum skilningi er femínismi afar vítt hugtak og á honum eru geysimargar hliðar. Mér finnst ég til dæmis geta rifist hástöfum um óréttláta kynferðisbrotadóma án þess að þurfa að þrífa af mér varalitinn fyrst. Ég get rökrætt um launamuninn á rölti um Laugaveginn, þó að ég sé í háhæluðum skóm. Mér finnst gaman að kaupa föt, og dáist á stundum að fallegu fyrirsætunum á opnum tískublaðanna. Ég áskil mér samt rétt til að röfla yfir fótósjoppi og óraunhæfum fyrirmyndum. Ég er ekki sammála Femínistafélagi Íslands í einu og öllu, en ég skil hugsjónina og hverju það vill fá áorkað.

Mér leiðist óskaplega þegar allir femínistar, eða femínisminn sjálfur, er afskrifaður vegna þess að fólk er ekki sammála einhverjum talsmanni stefnunnar. Það þykir mér vera eins og að „hata“ djass, eftir að hafa hlýtt á eina tónleika þar sem flutningurinn var manni ekki að skapi. Ég tók ekki undir með doktornum í fjölmiðlafræði sem gagnrýndi forsíðuna á Smáralindarblaðinu hér á dögunum, en ég held samt áfram að kalla mig femínista. Og ég held líka áfram að nota varalitinn minn. Femínismi útilokar ekki varalit og varalitur ekki femínisma. Litbrigðin innan hreyfingarinnar, ef svo skal kalla, eru jafn mörg, ef ekki fleiri, og í snyrtivörudeildinni í Hagkaupum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MAX
Bond er kominn
Kemur út í dag á DVD
CASINO ROYALE
2-DISC WIDESCREEN EDITION
1.999 kr.
Þú kaupir Casino Royale og færð eldri Bond smelli á kr. 999 pr. stk.
Allar Bond myndirnar eru með íslenskum texta.
PS3
Heimsins flottasta leikjavél!
Komdu strax í MAX og tryggðu þér Playstation 3 leikjavél
VERÐ GETUR LÆKKAÐ ÁN FYRIRVARA
4.869 kr. á mánuði*
*meðalverð á mánuði miðað við 17 mánaða raðgreiðslur.
Þú greiðir 10.000 kr. innborgun og verður með þeim fyrstu sem fær afhenta þessu mögnuðu vél þann 23. mars 2007
6 dósir
3 dósir
Með hverri PS3 tölvu sem er keypt í forsölu fylgir Casino Royale Blue Ray diskur, PS3 derhúfa, PS3 diskahulstur, PS3 glas, 6 Burn og 3 Pringles
Þessi aukapakki verður afhentur samtímis tölvunni 23. mars.
Fullt verð kr. 67.999
Tilboð gilda til 23. mars eða meðan birgðir endast.
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**Frumsýning fim. 21. mars kl. 20**
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
GLITNIR
**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


Stóra sviðið kl. 20:00
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 18/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17.00**, sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus. Sýningum lýkur í apríl!**
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
4. sýn. í kvöld mið. 14/3 **uppselt**, 5. sýn. fim. 15/3 **uppselt**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **örfá sæti laus, mið. 28/3, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3, lau. 31/3 örfá sæti laus**.
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**
**ÍMYNDUNARVEIKIN** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3 nokkur sæti laus.
Kúlan
**PÉTUR OG ÚLFURINN** - **Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 17/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**.
**Síðustu sýningar!**
**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR
SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900
VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 17/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20
MEIN KAMPF
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Allra síðasta sýning
HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar
Mán 2/4 kl. 20 Miðaverð 3.100
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20
Sun 1/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20
LADDI 6-TUGUR
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Þri 3/4 kl. 20
Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30
Fim 5/4 kl.20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14
Fim 19/4 kl. 17 Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Þri 20/3 kl kl. 20 Allra síðasta sýning
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 17/3 kl. 20 UPPS. Fim 22/3 kl.20 UPPS.
Fös 23/3 kl. 20 Fim 29/3 kl. 20
Fös 30/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20
DAGUR VONAR
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Sun 25/3 kl. 20
Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14
Síðustu sýningar
KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Fim 22/3 kl. 20
Fös 23/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20
KARÍUS OG BAKTUS
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
FEBRÚARSÝNING Íd
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 25/3 kl. 20
Síðasta sýning
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**Kl. 21.30**
*Hljómsveitirnar Sprengjuhöllin og Hjaltalín leika á Hressó. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð tímaritsins Grapevine, Smekkleysu og Thule.*

**menning**
menning@frettabladid.is

## Að klæðast bók



Unnur Guðrún Óttarsdóttir sýnir bókverk á myndlistarsýningunni „Bókalíf“ í ReykjavíkurAkademíunni.

Öll höfum við ákveðnar hugmyndir um bækur, útlit þeirra og áferð. Bækur eru formfastir hlutir en á sýningu Unnar eru þær gæddar lífi með því að brjóta upp hið hefðbundna. Á sama tíma er leitast við að vekja hughrif svipuð og framkallast við hefðbundinn bókalestur. Heimilt að handfjatla og „lesa“ bækurnar á sýningunni því bækur Unnar fela í sér möguleika á nokkurs konar tilfinninga- og myndlæsi.

Reykjavíkur-Akademían er til húsa á fjórðu hæð í JL-húsinu við Hringbraut 121 en þar er opið milli kl. 9-17 alla virka daga.

Í dag kl. 12.10 mun Unnur leiða gesti um sýninguna og sýna hvernig klæðast má bók.

Á sama stað stendur yfir sýningin „Að mynda orð“ en hún samanstendur af nýjum og eldri verkum myndlistarmanna og ljóðskálda sem notast bæði við texta og myndræna þætti í verkum sínum.

# Fjórar óperur í vinnslu

**Það er kippur hlaupinn í óperusviðsetningar í Reykjavík: á næstu fjórum vikum verða fjórar óperur fluttar af söngnemum og fullburða söngvurum, þrjár í Íslensku óperunni og ein í Salnum. Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs frumflytur óperuna Acis and Galatea eftir Georg Friedrich Händel á Íslandi um aðra helgi, 17. og 18. mars. Hin geisivinsæla ópera Cavalleria Rusticana eftir Mascagni verður frumsýnd í Íslensku óperunni á annan í páskum.**



**ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** Ræðst í að setja stóra og mannmarga óperu á svið í samstarfi við Íslensku óperuna.



**INGÓLFUR NÍELS ÁRNASON** Setur upp þrjár óperur á skömmum tíma.



**ANNA JÚLÍANA SVEINSDÓTTIR** Sextánda uppfærsla hennar með nemendum Tónlistarskóla Kópavogs.

Uppsetningin er samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Óperukórs Hafnarfjarðar og syngur Elín Ósk Óskarsdóttir, stjórnandi kórsins, hlutverk Santuzzu. Elín fagnar tuttugu ára starfsafmæli sínu í ár. Þá er frumsýning á tveimur óperum í þríleik Puccinis fyrirhuguð 21. mars í Óperunni við Ingólfsstræti á vegum Óperustúdíós Íslensku óperunnar á Systur Angelicu og Gianni Schicchi.

Stóru tíðindin er sviðsetningin á Cavalleria: þar er samankominn glæsilegur hópur einsöngvara, þau Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Hrönn Hrafnsdóttir og Þórunn Stefánsdóttir. Tæplega sjötíu félagar úr Óperukór Hafnarfjarðar taka þátt ásamt yfir fjörutíu manna hljómsveit Íslensku óperunnar.

Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky og leikstjóri Ingólfur Níels Árnason. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslenska óperan setur Cavalleria á svið en hún var sýnd í Þjóðleikhúsinu fyrir rúmlega fimmtíu árum.

Ástir og afbrýðisemi eru meginefni í þessari vinsælu óperu sem gerist á Sikiley. Tónlistin úr óperunni hefur notið mikilla vinsælda frá því hún var frumflutt árið 1890, bæði á sviði sem í kvikmyndum og ýmiss konar sjónvarpsefni og flestir kannast við brot úr verkinu. „Páskakórinn“ svokallaði úr Cavalleria Rusticana er reglulega fluttur af kórum um allt land á páskahátíðinni en óperan gerist einmitt á páskadag. Margir kannast við óperuna úr þriðja hluta Guðföðurins eftir Coppola þar sem sviðsetning á óperunni er klippt saman við uppgjör á andstæðingum Corleones yngri með eftirminnilegum hætti. Þá var fyrir mörgum árum flutt sviðsetning á óperunni á Stöð 2 með Kristján Jóhannsson í aðalhlutverki sem mörgum er eftirminnileg. Aðeins verða fjórar sýningar á Cavalleria og eins gott fyrir áhugamenn um þennan viðburð að tryggja sér miða sem fyrst.

Yfir sjötíu nemendur í söng og hljóðfæraleik verða í uppfærslu Óperustúdíósins á Systur Angelicu og Gianni Schicchi eftir Puccini sem frumsýndar eru 21. mars. Þetta er fjórða árið í röð sem Íslenska óperan stendur fyrir Óperustúdíói og er þetta fjölmennasta uppfærslan til þessa. Glitnir kemur að kostun verkefnisins þriðja árið í röð. Söngnemendurnir sem taka þátt í verkefninu koma úr ýmsum áttum, þó stunda flestir þeirra nám við tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason, en hann hefur nýverið lokið námi í hljómsveitarstjórnun frá Tónlistarháskólanum í Freiburg. Leikstjóri er Ingólfur Níels Árnason. Leikmynd og búninga hannar Hlín Gunnarsdóttir og ljósahönnuður er Jóhann Bjarni Pálmason. Óperustúdíóið frumsýnir þessar tvær vinsælu óperur, Systur Angelicu og Gianni Schicchi, eftir Puccini 21. mars og er aðeins gert ráð fyrir 3-4 sýningum.

En fyrst á viðburðaskránni er flutningur söngvaradeildar Tónlistarskóla Kópavogs á Acis and Galatea undir styrkri hendi Önnu Júlíönu Sveinsdóttur. Þetta er frumflutningur óperunnar á Íslandi en þetta er eina ópera meistarans sem er samin við enskan texta. Með helstu hlutverk fara Fjóla Kristín Nikulásdóttir, Ragnar Ólafsson, Elín Arna Aspelund sem einnig semur eigin dansatriði og dísa sem eru fimm. Sýningar verða aðeins tvær, laugardaginn 17. mars kl. 20.00 og sunnudaginn 18. mars k. 16.00 í Salnum. Það er Krystyna Cortes sem leikur undir á píanóið. Óperan er í raun samin við masque-formið og er efnið sótt í Ovid: um ástir hjarðsveins og sjávardísar. Þær stöllur hafa fimmtán sinnum ráðist í sviðsetningar á óperum við píanóundirleik með nemendum sínum og þetta því sextánda verkefni þeirra með nemendum. Væntanlegar sýningar á óperum næstu vikurnar eru til vitnis um kraftinn í íslenskri söngmennt.

-pbb

## LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær var sagt frá háskólatónleikum Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur, Hrólfs Sæmundssonar og Valgerðar Guðrúnar Guðnadóttur. Tónleikarnir sem fara áttu fram í dag falla niður en verða haldnir 21. mars.

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport
Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is
17. mars kl. 20.00
22. mars kl. 20.00
23. mars kl. 20.00
29. mars kl. 20.00
30. mars kl. 20.00
31. mars kl. 20.00


SÆMUNDUR FRÓÐI
frumsýning mið. 14. mars kl. 20:00 uppselt
2. sýn. sun 18. mars kl. 14:00 laus sæti
3. sýn. Þm. 22. mars kl. 12:15 uppselt
4. sýn sun. 25. mars kl. 14:00 laus sæti
5. sýn. þri. 27. mars kl. 10 uppselt
6. sýn. þri. 27. mars kl. 12:30 uppselt
LANGAFI PRAKKARI
lau. 17. mars kl. 13:00 uppselt
sun. 18. mars kl. 16:00 laus sæti
þri. 20. mars kl. 9:30 og 13:00 uppselt
Þm. 22. mars kl. 10:00 uppselt
fös. 23. mars kl. 10:00 uppselt

Miðapantanir í s. 562 5060 - Möguleikhúsið
möguleikhúsið

Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*
***Frumsýning***
**16.mars föstudagur kl. 20:00**
**22.mars fimmtud. 2.sýn kl. 20:00**
**23.mars föstud. 3.sýn kl. 20:00**
**24.mars laugard. 4.sýn kl. 20:00**
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

## NÝJAR BÆKUR



Út er komin ný bók eftir sagnfræðinginn **Hrafnkel Lárusson** um áhrif frumstæðs ritmiðils á hugarheim landsmanna á tímum róttækra samfélagsbreytinga um aldamótin 1900. Bókin nefnist: **Í óræðri samtíð með óvissa framtíð. Íslensk sveitablöð og samfélagsbreytingar um aldamótin 1900.** Á ofanverðri nítjándu öld voru víða um land gefin út svokölluð sveitablöð, handskrifuð blöð sem hvert um sig hafði skýrt og afmarkað útgáfusvæði. Í þau skrifaði almúgafólk um það sem það taldi skipta sig og sitt samfélag mestu eða taldi gott til afþreyingar. Hvert sveitablað gefur því ákveðna mynd af hugarfari fólks á útgáfusvæði blaðsins. Sveitablöðin voru fjölbreytt útgáfuform og sver sig á ýmsan hátt í ætt við blaða- og tímaritaútgáfu samtímans, handritagerð fyrri tíma og jafnvel við bloggið. Lengi vel hefur söguritun um aldamótin 1900 verið ofin í kringum sjálfstæðisbaráttuna og hetjuímyndir hennar en minna hefur farið fyrir umfjöllun um hvað var efst á baugi hjá hinum venjulega Íslendingi þessa tíma. Bók Hrafnkels er sú fyrsta í nýrri ritröð sem ber heitið: Meistaraprófsritröð Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands.



Bækurnar Skyndibitar fyrir sálina og Fleiri skyndibitar fyrir sálina eftir **Barböru Berger** hafa notið gífurlegra vinsælda hjá Íslendingum síðustu ár. Nú er þriðja bókin eftir sama höfund komin út hjá Bókaútgáfunni SÖLKU sem heitir **Hugræn tækni og andleg lögmálin tíu**. Hér skýrir höfundur út 10 lögmál sem hægt er að nota eins og lykla að hugsunum okkar. Með þeim getum við stjórnað eigin huga og beint honum í jákvæðari farveg. En höfundur lætur okkur ekki einungis lyklana í té heldur líka tæknina til að nota þá. Ef við náum tökum á hugrænni tækni þá getum við virkjað mannshugann betur og víkkað út skilning og andlega getu. Anna Sigurðardóttir þýddi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

11 12 13 **14** 15 16 17

### Miðvikudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 19.00 Hljómsveitin **Mannakorn** heldur tónleika í **Þorlákshöfn** Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni „Tónar við hafið“, sem menningarnefnd Ölfuss stendur fyrir. Á tónleikunum mun hljómsveitin, með Magnús Eiríksson og Pálma Gunnarsson í broddi fylkingar, flytja lög sín sem flest eru orðin vel þekkt meðal bæði eldri og yngri tónlistarneytenda. Þarna munu hljóma hressar dægurflugur, tregablandnar melódíur og allt þar á milli. Tónleikarnir verða í **Versölum, ráðhúsi Ölfuss**.

☐ 21.30 Kvartett **Andrésar Þórs** leikur á **Kaffi Rósenberg** miðvikudaginn 14. mars. leikur hefst um 21.30 og koma þeir félagar til með að leika lög úr smiðju Andrésar auk þess sem nokkrir vel valdir húsgangar verða kannaðir. Kvartettinn skipa auk **Andrésar** sem leikur á gítar, þeir **Sigurður Flosason** á altósaxafón, **Scott McLemore** á trommur og **Þorgrímur Jónsson** á kontrabassa.

#### SÝNINGAR

☐ 19.00 Yfirlitssýning á verkum myndlistakonunnar **Rúrí** stendur yfir í **Gerðubergi**. Sýningin **Tími-Afstæði-Gildi** er opin virka daga frá 11-17 og milli 13-16 um helgar. Sýningin stendur til 15. apríl.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Glíma Sæmundar og kölska

Flestir kannast við sögurnar af Sæmundi fróða og glímu hans við sjálfan fjandann. Nú lifna þjóðsögurnar við í Möguleikhúsinu sem frumsýnir nýtt leikrit um kappann í kvöld.

Sæmundur fór til náms í Svartaskóla þar sem kölski sjálfur réð ríkjum. Með klókindum tókst hinum fróða að sleppa úr klóm lærimeistarans og hrökk þá upp úr honum máltækið „þar skall hurð nærri hælum“ þegar rammgerð skólahurðin skelltist á eftir honum og skrattinn varð eftir inni. Eftir þá uppákomu var Kölski sífellt á hæla Sæmundi og eru til af því ótal sögur hvernig galdramaðurinn sneri á hinn síðarnefnda enda reyndi þar mjög á klókindi og dirfsku hans.



**HVUR FJÁRINN?** Pétur Eggerz er höfundur og einn leikara í sýningu Möguleikhússins um Sæmund fróða. MYND/MÖGULEIKHÚS

Höfundur leikritsins er Pétur Eggerz en hann leikur einnig í sýningunni ásamt Öldu Arnardóttur og Bjarna Ingvarssyni. Pétur hefur samið fjölda leikverka fyrir Möguleikhúsið, þar á meðal jólaleikritið sívinsæla Smiður jólasveinanna og leikrit um umferðarálfinn Mókoll. Leikstjóri sýningarinnar er Þórhallur Sigurðsson, tónlist og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson og leikmynd og búningar eru eftir Messíönu Tómasdóttur.

Sýningin er ætluð áhorfendum frá átta ára aldri, en auk þess að vera sýnd í Möguleikhúsinu er sýningin ferðasýning sem sýnd verður í skólum. Sýningin í kvöld hefst kl. 20 en sýnt er í húsnæði Möguleikhússins við Hlemm.


**Ráðstefna um breyttar áherslur í þjónustu við eldri borgara**

verður haldin á Grand Hótel Reykjavík 20. mars kl 8.30-15.00



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson

**Njótum lífsins – ævina út**

Á ráðstefnunni verður varpað nýju ljósi á hvernig auka megi öryggi eldri borgara í eigin búsetu og hvernig efla megi samskipti þeirra og rjúfa einangrun með tækninýjungum og fjölbreyttara þjónustuframboði.

**Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson flytur ávarp.**

***Samþætt heimaþjónusta og einkaframkvæmd***
**Angela Joan Anderson og Mary Lonergan,** framkvæmdastjórar White Oak í Ástralíu, en fyrirtækið býður upp á samþætta heimaþjónustu

***Tækifæri í bættum samskiptum og þjónustu fyrir eldri borgara í eigin búsetu***
**Jan Ringenier,** markaðsstjóri ASCOM í Hollandi, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í tækninýjungum fyrir eldri borgara

***Aðstaða eldri borgara á Íslandi, hver er hin raunverulega þörf á þjónustu í dag?***
**Salóme Þorkelsdóttir,** fyrrverandi forseti Alþingis

***Lífskjör eldri borgara***
**Ellert B. Schram,** fyrrverandi ritstjóri og alþingismaður

***Hagfræði og áherslur í þjónusta við eldri borgara***
**Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir,** heilsuhagfræðingur og aðjúnkt við Háskóla Íslands

***Njótum lífsins á efri árum***
**Lovísa Ólafsdóttir,** verkefnastjóri Þyrpingar og mastersnemi í heilsuhagfræði

***Frelsi til að velja - áherslur í lífeyrismálum***
**Halldóra Guðmarsdóttir,** sérfræðingur í lífeyrismálum Kaupþings

***Hverjar eru væntingar komandi kynslóða varðandi þjónustuframboð?***
**Ragnheiður Elín Árnadóttir,** aðstoðarmaður forsætisráðherra

***Hvernig verður þjónustu við eldri borgara háttað árið 2025?***
**Gunnar Einarsson,** bæjarstjóri í Garðabæ

Í lokin verða pallborðsumræður með þátttöku fyrirlesara og annarra.

Skráning og afhending ráðstefnugagna hefst kl 8.30. Ráðstefnan hefst stundvíslega kl 9.00 og lýkur kl 15.00. Þátttökukostnaður er 9.600 kr. Innifalin eru ráðstefnugögn, kaffiveitingar og hádegisverður. Ráðstefnan er öllum opin en athugið að sætafjöldi er takmarkaður. Skráningu lýkur 19. mars. Hægt er að skrá sig á **www.congress.is**



Jan Ringenier



Salóme Þorkelsdóttir



Lovísa Ólafsdóttir



Ragnheiður Elín Árnadóttir



Sigmundur Ernir Rúnarsson, fundarstjóri



Angela Joan Anderson



Ellert B. Schram



Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir



Halldóra Guðmarsdóttir



Gunnar Einarsson

Þeir sem standa að ráðstefnunni eru:

ÞYRPING KAUPÞING vodafone SELTJARNARNES REYKJANESBÆR HÁSKÓLI ÍSLANDS MOSFELLSBÆR SECURITAS SJÓVÁ GARÐABÆR

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Law á leiðinni til Reykjavíkur aftur

Breski sjarmörinn Jude Law er fallinn fyrir landi og þjóð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er leikarinn væntanlegur aftur til landsins í lok þessa mánaðar og þá verða engin börn með í för heldur nánir vinir leikarans. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mun Jude ætla að sýna félögum sínum næturlífið í Reykjavík og hefur þegar pantað hinn sívinsæla Óliver fyrir sig og sína. Ekki er ólíklegt að stjarnan velji 101 Hótel sem næturstað enda stutt þaðan í miðnæturbrölt miðborgarinnar. Arnar Þór Gíslason, framkvæmdastjóri Óliver, vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið innti hann eftir svörum en meðal helstu vina Law er skoski stórleikarinn Ewan McGregor og hinn enski Johnny Lee Miller.

Þetta verður í fjórða sinn sem Law kemur hingað til Íslands. Síðast var hann hér ásamt börnum sínum þremur og barnapíu og kíkti meðal annars á skauta, skellti sér í sund og fór í skoðunarferð um höfuðstöðvar Latabæjar í Garðabæ. Þá var Jude einnig tíður gestur hjá Íshestum og reið út með krökkunum sínum. Mestu athyglina vakti hins vegar kvöldverður hans og íslensku leikkonunnar Höllu Vilhjálmsdóttur á Dómó en þau brugðu sér síðan á Sirkus. Fréttir af þessu rötuðu á síður breska slúðurblaðsins The Sun og ekki sér fyrir endann á því fári enda greindi Fréttablaðið frá því í gær að argentínskt slúðurblað hefði haldið því fram að þau væru par. -fgg



JUDE LAW Ætlar að taka næturlíf Reykjavíkur með trompi og dveljast hér yfir helgi ásamt félögum sínum



EWAN MCGREGOR Á fyrirtæki með Law og skyldi engan undra þótt Obi Wan legði leið sína hingað upp.



HALLA VILHJÁLMS Fór út að borða með Law á Dómó sem verður að teljast einn frægasti kvöldverður fyrr og síðar.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, auk fullkomnusta tækni sem völ er á.

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðaop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þvottavél W1714 | 172.286 | 119.900 |
| 1400sn/mín/6 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| Rakaþéttir/6 kg | | |

30% AFSLÁTTUR

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is



EVA DÖGG Þjóðin hefur dæmt, það er sá dómur sem Guðbjörg Hildur fær og verður ekki kært í málinu.

# Þjóðin hefur dæmt í Smáralindarmáli

**Ágúst Þórðarson, faðir fyrirsætu á fermingarbæklingi Smáralindar er ósáttur við skrif Guðbjargar Hildar Kolbeins og skilur ekki af hverju hún biðst ekki afsökunar.**

„Ég hef ekki fengið neitt erindi frá umboðsmanni barna vegna þessa. Og hvað okkur varðar þá er þjóðin eiginlega búin að dæma í þessu máli. Og það er sá dómur sem Guðbjörg Hildur Kolbeins fær. Eins og málin standa í dag munum við ekki sækja málið fyrir dómstólum,“ segir Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar.

Í síðustu viku varð uppi fótur og fit, ekki síst í netheimum, vegna afar harkalegra ummæla doktors Guðbjargar Hildar, stundakennara í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, á bloggsíðu sinni. Guðbjörg las argasta klám út úr forsíðu fermingarbæklings sem Smáralind sendi frá sér og sendi í kjölfarið umboðsmanni barna erindi vegna málsins. Túlkun hennar á meintum klámstellingum hinnar ungu fyrirsætu sem var á forsíðunni fóru mjög fyrir brjóstið á mörgum. Viðbrögðin voru ofsafengin á netinu þar sem mest bar á þeim sem fordæmdu harðlega túlkunarfræði Guðbjargar Hildar.

Eva Dögg segir orð Guðbjargar Hildar þeim mun alvarlegri í ljósi stöðu hennar við Háskólann og skjóta skökku við ekki síst í ljósi þess að nýverið var hrundið af stað herferð sem beint er að börnum með þau skilaboð að þeim beri að gæta orða sinna á netinu.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Fréttablaðsins hefur Guðbjörg Hildur reynst ófáanleg til að tjá sig um málið. Þá hefur hún ekki birt staf á frægu bloggi sínu eftir að hin umdeilda færsla hvarf fyrir um viku. Faðir fyrirsætunnar ungu er Ágúst Þórðarson rekstrarhagfræðingur. Hann tekur mjög í sama streng og Eva Dögg. Og honum þykir furðu sæta að Guðbjörg Hildur hafi ekki beðist afsökunar né sent frá sér eitt né neitt í þá veru.

„Hún sér ekki sóma sinn í því. Við höfum leitað til lögfróðra aðila í samvinnu við forstöðumenn Smáralindar sem hafa höndlað þetta mál af miklum sóma. Engum æsingi eða ofstopa fyrir að fara á þeim bæ.“

Ágúst fer ekki í launkofa með að allt þetta mál hefur tekið á fjölskylduna en sem betur fer hafa öll viðbrögð í umhverfi dóttur hans verið jákvæð. Skólasystkini hennar hafa staðið þétt að baki henni sem og skólayfirvöld. Ágúst segir að menn geti rétt ímyndað sér hvort fjölskyldan hafi ekki verið slegin út af laginu með þessum ummælum.

„Maður veit ekki annað en barnið sitt sé að gera hina eðlilegustu og rétta hluti. Allt sem hún hefur gert í samvinnu við þetta fólk hefur verið til fyrirmyndar og allir grandalausir gagnvart svona túlkun. En guð minn almáttugur, þetta er bara 14 ára barn. Og menn geta ímyndað sér hvernig hún þarf að taka á þessu gagnvart umhverfi sínu. Algerlega hömlulaust þetta blogg og þar virðist fólk geta sagt hvað sem er,“ segir Ágúst.

jakob@frettabladid.is



GUÐBJÖRG HILDUR Hefur ekki bloggað síðan hún tók niður umdeilda færslu sína - og ófáanleg til að tjá sig um málið.




HIN UMDEILDA FORSÍÐA Guðbjörg Hildur las úr þessari forsíðu táknmál klámsins og fór það fyrir brjóstið á mörgum.




NÝ FERMINGARGJAFAHANDBÓK Ákveðið var að nota hina ungu fyrirsætu áfram þrátt fyrir læti sem urðu um síðustu forsíðu Smáralindar.


NÝ SENDING
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS









**AMIINA** Fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar kemur út á netinu 21. mars.
MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

# Amiina spilar með Sufjan Stevens

**Hljómsveitin Amiina heldur tónleika með Bandaríkjamanninum Sufjan Stevens á tónlistarhátíðinni Music-Now í Cincinatti í Ohio-fylki í byrjun apríl.**

„Það var hugmynd uppi um að við myndum hita upp fyrir hann á síðasta Evróputúr hans fyrir síðustu jól en það hentaði okkur ekki. Síðan hittum við hann á Íslandi og ákváðum að bralla eitthvað saman," segir María Huld Markan Sigfúsdóttir úr Amiinu um samstarfið með Sufjan Stevens.

**Nýjar útsetningar**
Sufjan hélt vel heppnaða tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í lok síðasta árs þar sem mun færri komust að en vildu. Hefur hann fengið sérlega góða dóma gagnrýnenda fyrir plötur sínar, þar á meðal Come on Feel the Illinois, sem kom út árið 2005. Á tónleikunum í Cincinatti spila þær stöllur í Amiinu undir hjá Sufjan og verða lög hans flutt í nýjum útsetningum.



**SUFJAN STEVENS** Nýtur liðsinnis stúlknanna úr Amiinu.

**Plata og tónleikaferð**
Amiina er á leiðinni í tónleikaferð um Bandaríkin sem stendur yfir frá 21. mars til 14. apríl. Fyrsta breiðskífa sveitarinnar, Kurr, kemur einmitt út á netinu 21. mars. Standa jafnframt yfir samningaviðræður við erlent plötufyrirtæki um að gefa plötuna út. Er stefnt á almenna útgáfu í maí eða byrjun júní.

**Þrjátíu hljóðfæri**
María Huld segir að erfitt sé að lýsa nýju plötunni. „Hún er mjög fjölbreytt. Hún er mest instrúmental en það er sungið í nokkrum lögum. Síðan er fullt af hljóðfærum, einhver þrjátíu hljóðfæri sem við notum. Annars er þetta bara í okkar stíl," segir hún.

**Til Japans í haust**
Heilmikið er framundan hjá Amiinu því fyrir utan tónleikaferðina til Bandaríkjanna ætlar sveitin í þriggja vikna túr til Evrópu í maí. Jafnframt ætla þær að spila á hinum ýmsu tónlistarhátíðum og tónleikum í sumar. Í haust er síðan ferðinni heitið til Japans, Ástralíu og Nýja-Sjálands áður en þær fara aftur til Bandaríkjanna og Evrópu.

Að sögn Maríu vonast þær til að platan komi örlítið fyrr út á Íslandi en úti í heimi. Myndu þær þá hugsanlega halda tónleika hér á landi í lok maí. **freyr@frettabladid.is**



# Spaðar í púðurtunnu



**KVIKMYNDIR**
**Smokin' Aces**
Leikstjóri: Joe Carnahan
Aðalhlutverk: Ray Liotta, Ryan Reynolds, Alicia Keys, Ben Affleck og Jeremy Piven.
★★★
Ágætis afþreying, sem líður fyrir misheppnaða melódramatík, en hasarinn og keyrslan fleyta myndinni fyrir horn.

Það er augljóst að leikstjórann Joe Carnahan (Narc) klæjar í puttana að gera stórstjörnum hlaðna stórmynd. Hann á hins vegar eftir að komast í álnir og lætur sér því nægja að gera smástirnum hlaðin drög að slíkri mynd. Hér úir og grúir af misfrægum leikurum í misstórum rullum; valinn „þessi" í hverju rúmi.

Smokin' Aces gengur út á að mafían vill láta stúta lykilvitni gegn sér, skemmtikrafti í Las Vegas að nafni Buddy „Aces" Israel, og býður þeim sem vinnur verkið formúu fyrir. Fyrr en varir troðfyllist borgin af leigumorðingjum, mannaveiðurum og lögreglumönnum sem vilja hafa hendur í hári skemmtikraftsins, sem húkir útúrdópaður á rammgirtri hótelsvítu og bíður þess að komast í felur.

Manni verður óneitanlega hugsað til jafn ólíkra mynda og The Usual Suspects og Bleika pardussins, þar sem 22 leigumorðingjar reyna að koma Clouseau fyrir kattarnef á Októberfest í München, og örlítið útþynntur andi Quentin Tarantino svífur yfir öllu saman. Persónugalleríið er þar af leiðandi fjölskrúðugt og sumir leikaranna nýta betur en aðrir það sem þeim er úthlutað. Jason Bateman (Arrested Development) sýnir til dæmis að hann getur gert heilmikið úr litlu og Jeremy Piven (Entourage) hefur sérhæft sig í að leika drullusokka og rúllar hinum heillum horfna skemmtikrafti upp eins og ekkert sé. Kempurnar Ray Liotta og Andy Garcia hafa varla þurft að renna oftar en einu sinni yfir handritið til að vita til hvers væri ætlast af þeim.

Keyrslan er annars aðall myndarinnar; Carnahan skellir snemma á skeið og heldur að mestu dampi út í gegn. Honum bregst hins vegar bogalistin þegar hann fer að taka sig alvarlega og treður inn í myndina kauðslegu melódrama sem kolfellur; betur hefði farið á að keyra myndina algjörlega á kúlinu. Hasarinn er þó nógu mikill til að fleyta myndinni fyrir horn.
**Bergsteinn Sigurðsson**






Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50-8:10-10:30 | B.i.12 | TELL NO ONE | kl 17:40 - 22:20 |
| BREAKING AND EN... | kl. 10:40 | B.i.12 | PARIS, JE T'AIME | kl 20:00 |
| LETTERS FROM IW... | kl. 8 | B.i.16 | BERNIE | kl.17:45 |
| PERFUME | kl. 8 | B.i.12 | LE POULPE | kl.20:00 |
| DREAMGIRLS | kl. 5:30 | B.i.7 | LA SEPARATION | kl.22:15 |
| BABEL | kl. 10:40 | B.i.16 | FORELDRAR | kl. 6 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.12 | ALPHA DOG | kl. 5:50 - 8 | B.i.16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | Leyfð | THE BRIDGE TO TER... | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | | VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| SMOKIN ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl. 10:20 | B.i.12 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| NORBIT | kl. 5:50 - 8 -10:20 | Leyfð | |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | |
| BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 5:50 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NUMBER 23 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| MUSIC AND LYRICS | kl. 8 | Leyfð |
| GHOST RIDER | kl. 10:10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| THE BRIDGE TO TERE... | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl 8 - 10 | B.i.12 |

300 Forsala hafin, tryggðu þér miða í tíma uppselt hefur verið á allar forsýningar
Kynntu þér sýningartíma á SAMbio.is
www.SAMbio.is 575 8900




**SPRENGJUHÖLLIN** Hljómsveitin Sprengjuhöllin spilar á Hressó í kvöld ásamt Hjaltalín.

# Ný skemmtikvöld

Sprengjuhöllin og Hjaltalín spila á fyrsta skemmtikvöldi ársins á vegum Grapevine og Smekkleysu á Hressó í kvöld. Kvöldin nefnast Take me down to Reykjavik City og verða haldin á miðvikudögum og fimmtudögum á tveggja til þriggja vikna fresti.

Grapevine og Smekkleysa hafa staðið að vel heppnuðum sumartónleikaröðum undanfarin tvö sumur þar sem á annað hundrað hljómsveitir hafa komið fram. Þótti skipuleggjendum nú vera kominn tími til að breyta til og ákváðu að halda skemmtikvöld þar sem blandað verður saman tónleikum og óvæntum uppákomum.

Skemmtikvöldið á Hressó hefst klukkan 21.30 og er frítt inn.

# Sangare á Vorblóti

Ein vinsælasta og virtasta söngkona Afríku, Oumou Sangare frá Malí, verður eitt af aðalnúmerunum á tónlistarhátíðinni Vorblót – Rite of Spring, sem verður haldin í Reykjavík dagana 17. til 19. maí.

Oumou hefur sungið inn á plötur og farið í tónleikaferðir með listamönnum á borð við Baaba Maal, Fema Kuti og Boukman Eksperyans. Hún er stundum kölluð söngfugl wassoulou-tónlistarinnar, sem á rætur sínar að rekja til hefðbundinnar veiðitónlistar Vestur-Afríku. Textar hennar innihalda oft tilvísanir í ást, sjálfstæði og kvenfrelsi.

Goran Bregovic og hljómsveit hans Weddings and Funerals Band, skoska hljómsveitin Salsa Celtica, Tómas R. Einarsson og Stórsveit Samúels J. Samúelssonar munu einnig koma fram á Vorblótinu. Dagskrá hátíðarinnar fer fram á Nasa og í Laugardalshöll. Miðasala á hátíðina hérlendis hefst um næstu mánaðamót ef frá er talin miðasala fyrir tónleika Bregovic. Fer hún fram í verslunum Skífunnar, BT Egilsstöðum, Selfossi og Akureyri og á midi.is.

Fyrsta Vorblótið á síðasta ári hlaut góðar viðtökur innlendra sem erlendra blaðamanna. Blaðamenn frá BBC, Mojo, Songlines og fleiri miðlum, sem mættu á hátíðina í fyrra, voru hæstánægðir með dagskrána og umgjörð hennar. Búist er við enn fleiri blaðamönnum á hátíðina í ár.



**OUMOU SANGARE** Afríska söngkonan verður eitt af aðalnúmerunum á Vorblóti í maí.



**300** Stríðsmyndin 300 fór beint í toppsætið í Bandaríkjunum.

# 300 setti met

Epíska stríðsmyndin 300 náði inn tæpum 4,7 milljörðum króna á sinni fyrstu sýningarhelgi í Bandaríkjunum, sem er met fyrir frumsýndar myndir í mars þar í landi.

Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um þrjú hundruð hermenn Spartverja sem börðust af miklum dugnaði við mun fjölmennari her Persa í sögufrægum bardaga.

Í öðru sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar lenti Wild Hogs með John Travolta í aðalhlutverki, sem hafði áður setið í toppsætinu. Bridge to Terabithia lenti í þriðja sæti og Zodiac og Ghost Rider voru saman í þriðja til fjórða sæti.


3.384
VINNINGSHAFAR
u þér færi á brosi þann
mars, því þá drögum við
0 milljónamæringa.
Fáðu þér miða á hhi.is
eða í síma 800 6611.
Það tekur enga stund.
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

## > Styttist í ferðajöfnunarsjóð?

Nefnd sem menntamálaráðherra setti á laggirnar til að fjalla um hvort setja eigi á stofn ferðajöfnunarsjóð hefur skilað sinni vinnu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mælir nefndin með því að sjóðurinn verði settur á laggirnar. Samkvæmt sömu heimildum mælir nefndin með því að 70-80 milljónum króna verði úthlutað úr sjóðnum í fyrstu umferð og það eingöngu til félaga utan höfuðborgarsvæðisins. Ríkisstjórnin tekur málið fyrir á fundi sínum á fimmtu- eða föstudag. Verði af stofnun sjóðsins mun rekstrarumhverfi íþróttafélaga úti á landi gjörbreytast.



**sport**

sport@frettabladid.is

RAGNAR ÓSKARSSON HANDBOLTAKAPPI: FER Á KOSTUM Í FRANSKA HANDBOLTANUM

# Hamingjusamur faðir í Frakklandi

Miðjumaðurinn Ragnar Óskarsson hefur farið á kostum með liði sínu US Ivry í franska handboltanum í vetur. Hann skoraði níu mörk í síðasta leik og er þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar. Lið hans er svo í öðru sæti deildarinnar, jafnt að stigum við Montpellier og á því alla möguleika á að hampa franska meistaratitlinum.

HM í janúar var eftirminnilegt en endasleppt hjá Ragnari því konan hans átti von á sér skömmu eftir að mótinu átti að ljúka en búist var við að hún myndi eiga fyrr og því var Ragnar ansi mikið með hugann hjá eiginkonu sinni.

„Barnið fæddist síðan 9. febrúar þannig að ég hefði í raun getað klárað HM," sagði Ragnar sem fór mjög snemma heim. „Ég var orðinn nokkuð stressaður og það var erfitt að vera í burtu. Ég ræddi svo málið við Alfreð og hann sagði mér að fara. Ef þeir síðan þyrftu að nota mig myndi hann hóa í mig. Ég var ekki alveg með hugann við verkefnið og átti ekki beint skilið að spila meira en ég gerði. Það var því best að fara bara heim."

Fæðingin gekk vel en Ragnar og eiginkona hans, sem er frönsk, eignuðust litla stúlku sem heitir Sóley Ragnarsdóttir. Það skapaði mikil vandræði fyrir Ragnar enda þurfti hann að koma Frökkunum í skilning um af hverju konan hans væri Óskarsson en dóttir hans Ragnarsdóttir. „Þeir skildu þetta á endanum en það tók sinn tíma. Þetta var svaka prógramm en hafðist sem betur fer," sagði Ragnar og hló dátt.

„Það gengur mjög vel í boltanum og virðist vera að þeim mun minna sem maður sefur því betri er maður í boltanum," sagði Ragnar léttur. „Maður er afslappaður og hamingjusamur faðir og það skilar sér bara í spilamennskunni. Ég er mjög hamingjusamur og ánægður með lífið," sagði Ragnar sem skiptir um lið í sumar og flytur frá París í sveitasæluna sem hann telur heppilegri stað til að ala upp börn.




10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is



Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS


# Birna ekki meira með

**Birna Valgarðsdóttir, fyrirliði Keflavíkur, verður að öllum líkindum ekki með í úrslitakeppninni vegna hnémeiðsla, þeirra sömu og hafa hrjáð hana í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Birna Valgarðsdóttir, leikreyndasta landsliðskona Íslands frá upphafi og fyrirliði Keflavíkur í Iceland Express-deild kvenna, missir líklega af úrslitakeppninni vegna meiðsla.

„Ég veit ekki hvað er að gerast hjá mér, hnéð á mér er bara í tómu rugli. Ég ætla ekki að geta náð mér af þessum meiðslum. Ég fór í aðgerð 2. nóvember og svo aftur 19. janúar en það er eitthvað þarna sem er enn að hrjá mig," segir Birna, sem er þó ekki alveg tilbúin að afskrifa tímabilið.

„Ég er ekkert rosalega bjartsýn á að vera með í úrslitakeppninni. Ég vona samt að það verði hægt að laga þetta," segir Birna og bætir við. „Ég hef ekkert getað spilað að undanförnu út af sársauka. Ég get ekki spilað vörn og þá er alveg tilgangslaust að nota mig," segir Birna og missirinn að henni er mikill fyirir Keflavík en Birna hefur skorað 12 stig að meðaltali í leik í vetur þrátt fyrir að ná að spila aðeins 18 mínútur í leik.



**BÚIÐ Í VETUR** Birna Valgarðsdóttir er búin að spila 42 leiki í úrslitakeppninni undanfarin átta ár en verður líklega ekkert með í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er einn besti íslenski leikmaðurinn og það er alveg skelfilegt að missa hana. Hún hefur nánast ekkert verið með í allan vetur og við vonuðumst til að hún yrði klár fyrir úrslitakeppnina. Útlitið er hins vegar ekki gott," sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, og hann segir það aðeins vera keppnishörku Birnu sem haldi þeim möguleika opnum að hún verði með í úrslitakeppninni.

„Læknisfræðilegt álit er að þetta sé búið í vetur og það þurfi að gera eitthvað meira," segir Jón Halldór. „Maður liggur á bæn og vonar en það er oft sem það dugar ekki. Það er enginn vafi á því að það er gríðarleg blóðtaka fyrir lið að missa besta íslenska leikmanninn sinn," segir Jón að lokum. Birna hefur sloppið vel við meiðsli og hefur sem dæmi leikið alla 67 landsleikina sem Ísland hefur spilað frá árinu 1995. „Ég hef aldrei lent í meiðslum. Ég er að taka út öll meiðslin núna 31 árs gömul. Maður á ekki nema kannski fimm til sex góð ár eftir í þessu og það er því rosalega svekkjandi að lenda í þessu," sagði Birna að lokum.

ooj@frettabladid.is



**14 MARKA SIGUR** Stjarnan vann stóran sigur á HK í gær, 40-26, og heldur enn forystu sinni á toppi DHL-deildar kvenna. Hér er Jóna Margrét Ragnarsdóttir að reyna að brjóta sér leið í gegnum vörn HK-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| STJARNAN-HK | 40-26 |

**Mörk Stjörnunnar (skot)**: Rakel Bragadóttir 9/3 (13/4), Kristín Steinarsdóttir 7 (7), Anna Bryndís Blöndal 5 (5), Kristín Guðmundsdóttir 4 (8), Sólveig Lára Kjærnested 3(4), Alina Petrache 3 (5), Elísabet Gunnarsdóttir 3 (6), Þorgerður Atladóttir 2/1 (3/1), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2 (6), Hildur Harðardóttir 1 (2), Ásdís Sigurðardóttir 1 (5).
**Varin skot**: Helga Vala Jónsdóttir 8/1, Florentina Grecu 6/2.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 12 (Kristín 7, Anna 3, Elísabet 1, Hildur 1).
**Fiskuð víti**: 5 (Elísabet 2, Rakel 1, Kristín 1, Þorgerður 1).
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Mörk HK (skot)**: Arna Sif Pálsdóttir 7/1 (10/3), Auksa Vysniauskaite 6/2 (9/3), Elísa Viðarsdóttir 4 (7), Tatiana Zukovska 3 (7), Rut Jónsdóttir 2 (2), Tinna Rögnvaldsdóttir 1 (1), Hjördís Rafnsdóttir 1 (1), Elísa Óðinsdóttir 1 (3), Auður Jónsdóttir 1(6).
**Varin skot**: Ólöf Ragnarsdóttir 9/1, Sunna Friðbertsdóttir 3.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 2 (Zukovska1, Hjördís 1).
**Fiskuð víti**: 7 (Auksa 3, Rut 1, Arna 1, Auður 1, Elísa 1).
**Utan vallar**: 6 mínútur.

| | |
|---|---|
| FRAM-GRÓTTA | 16-27 |
| FH-HAUKAR | 29-31 |
| ÍBV-VALUR | 20-29 |

### *England - Championship*

| | |
|---|---|
| LEICESTER-LEEDS | 1-1 |

**Gylfi Einarsson** var ekki í leikmannahópi Leeds.

| | |
|---|---|
| SOUTHEND-BURNLEY | 1-0 |

**Jóhannes Karl Guðjónsson** lék fyrstu 60 mínúturnar með Burnley og fékk áminningu í leiknum.

### *Þýska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| FLENSBURG-GÖPPINGEN | 34-32 |

### *Aðrir leikir*

| | |
|---|---|
| MANCHESTER UNITED-EVRÓPUÚRVAL | 4-3 |

1-0 Wayne Rooney (6.), 2-0 Wes Brown (9.), 2-1 Florent Malouda (23.), 3-1 Cristiano Ronaldo (35.), 4-1 Wayne Rooney (43.), 4-2 El Hadji Diouf (52.), 4-3 El Hadji Diouf (88.).





TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.
Gildir til og með 16. mars
Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð
GLITNIR


Þjálfarar í DHL-deild kvenna um málefni landsliðsins:

# Flestir skilja sjónarmið bæði Júlíusar og Aðalsteins

**HANDBOLTI** Þeir Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, og Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari eru ekki sammála um gagnsemi þess að kalla kvennalandsliðið saman í sex vikna æfingabúðir að loknu tímabili eins og lesa mátti um í Fréttablaðinu í gær.

Fréttablaðið heyrði hljóðið í öðrum þjálfurum DHL-deildar kvenna í gær og þeir áttu það flestir sameiginlegt að skilja sjónarmið beggja aðila að flestu leyti. Einar Jónsson, þjálfari ÍBV, gekk hvað lengst í stuðningi við Aðalstein.

„Ég er sammála Aðalsteini í því að þetta tímabil sem um ræðir er ákjósanlegast í að byggja sig upp líkamlega. Ég er líka sammála því að landsliðið verði að vera meira saman en hvenær er ágæt spurning," sagði Einar. en alnafni hans, sem þjálfar Hauka, sagði Aðalstein ekki gera rétt með því að reka málið í fjölmiðlum. Hann hefði viljað tækla það öðruvísi.

Díana Guðjónsdóttir, þjálfari HK, sagði það ófagmannlegt af Aðalsteini að gagnrýna án þess að hafa nokkuð i höndunum en Aðalsteinn sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði verið búinn að heyra frá Júlíusi hvernig hann ætlaði að láta liðið æfa áður en hann byrjaði að tjá sig.

Jónatan Magnússon, þjálfari Akureyrar, og Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals og fyrrverandi landsliðsþjálfari, styðja Júlíus og telja jákvætt að hann ætli að láta liðið æfa saman eftir mót.



**JÚLÍUS JÓNASSON** Róttækar hugmyndir hans með kvennalandsliðið hafa vakið viðbrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mér líst vel á þetta plan hjá Júlíusi. Ég tel að það eigi að láta reyna á þetta í tvö til þrjú sumur og sjá hvort það skili okkur ekki einhverju. Ég tel að það þurfi að taka næsta skref með þetta lið og það er frábært fyrir liðið að fá leiki gegn sterkum andstæðingum eins og Þjóðverjum. Ég styð hundrað prósent við þessar hugmyndir Júlíusar.

Ég treysti Júlíusi hundrað prósent og hann hefur sýnt það sem þjálfari að hann er fullfær og ég treysti honum því vel fyrir mínum leikmönnum," sagði Ágúst. - hbg

9. sæti í boði á Algarve Cup:

# Alvöru próf gegn Kína

**FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið spilar við Kína um 9. sætið á Algarve Cup í dag. Kínverska liðið er sem stendur í níunda sæti styrkleikalista FIFA en íslenska kvennalandsliðið hefur aldrei spilað við Kína áður. Danmörk og Bandaríkin spila til úrslita á Algarve Cup en Svíar og Frakkar leika um þriðja sætið. Frakkland er í riðli með Íslendingum í undankeppni EM 2009. leikur Íslands og Kína hefst klukkan 10.00 fyrir hádegi.** - óój

PÍKUGLEÐITÍÐINDI

PÍKUSTAÐREYNDIR

# VDAGUR

EF PÍKAN KLÆDDI SIG!

PÍKAN MÍN VAR ÞORPIÐ MITT

PÍKAN MÍN ER REIÐ

EF PÍKAN GÆTI TALAÐ

## PÍKUSÖGUR UM ALLT LAND

**15. mars Akureyri,** Leikfélag Akureyrar

Flutningur:
**Álfrún Helga Örnólfsdóttir, leikkona, Sunna Borg, leikkona,**
**Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri og sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir**
Tónlist: **Ragnhildur Gísladóttir og Ólöf Arnalds**
Húsið opnar kl. 20.00 og sýning hefst kl. 20.30
Miðaverð 1500 kr.

**16. mars Egilsstaðir,** Hótel Hérað

Flutningur:
**Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona, Marta Nordal, leikkona**
**Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar**
**og Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs**
Tónlist: **Lay Low**
Húsið opnar kl. 21.30 og sýning hefst kl. 22.00
Miðaverð 1500 kr.

**17. mars Ísafjörður,** Hamrar

Flutningur:
**Sigrún Edda Björnsdóttir, leikkona,**
**Soffía Vagnsdóttir, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur**
**Helga Vala Helgadóttir, leikkona**
**og Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar**
Tónlist: **Ragnhildur Gísladóttir og Ólöf Arnalds**
Húsið opnar kl. 20.00 og sýning hefst kl. 20.30
Miðaverð 1500 kr.

**18. mars Selfoss,** Hótel Selfoss

Flutningur:
**Arnbjörg Hlíf Jónsdóttir, leikkona**
**Jóhanna Vigdís Arnardóttir, leikkona**
**Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar**
**og Kristín Hrefna Halldórsdóttir, stjórnmálafræðinemi**
Tónlist: **Lay Low**
Húsið opnar kl. 20.00 og sýning hefst kl. 20.30
Miðaverð 1500 kr.

**VDAGUR** Landsbankinn FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## > DEBRA MESSING



Debra Messing fæddist árið 1968 í Brooklyn. Hún lærði leiklist við Brandeis-háskóla í Massachusetts en þegar hún útskrifaðist þaðan fékk hún inngöngu í leiklistarnám í New York-háskóla og fékk þar meistaragráðu í listum þremur árum síðar. Debra býr sem stendur í Los Angeles og eyðir frítíma sínum í að styðja góðgerðarsamtök eins og AmFAR. Hún hefur verið trúlofuð Daniel Zelman síðan 1998 og eignuðust þau son árið 2004. Debra er þekktust fyrir að leika innanhússarkitektinn Grace Adler í þáttunum Will & Grace sem eru á dagskrá SkjásEins kl. 19.30.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON BRÁST VIÐ TÆKNILEGUM VANDAMÁLUM

# *Lost in Translation í stað Lost*

Þegar tæknileg vandamál koma upp sem valda því að ekki er hægt að horfa á sjónvarpsdagskrána getur verið góð hugmynd að skella einni góðri DVD-mynd í tækið.

Þetta henti mig einmitt þegar ég hafði hugsað mér gott til glóðarinnar við að horfa á Lost og Heroes í fyrrakvöld. Þegar enginn svaraði á tæknideild Digital Íslands voru góð ráð dýr. Tveir æsispennandi framhaldsþættir voru farnir í súginn og útlit fyrir að kvöldið væri sama og ónýtt. Kom ég þá auga á mynd eina í safninu sem ég vissi að tæki bæði Lost og Heroes fram, sem og allri sjónvarpsdagskrá kvöldins.

Í DVD-tækið fór gæðamyndin Lost in Translation með Bill Murray og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum. Eiginlega get ég ekki annað en þakkað biluðum afruglaranum fyrir að hafa gefið mér tækifæri til horfa á þessa mynd, því hún var eiginlega betri í þetta annað skipti sem ég sá hana.



Að fylgjast með kynnum Murrays og Johansson af Tókýó og þeirri kostulegu menningu sem þar er að finna, var alveg óborganlegt. Firring þeirra var algjör gagnvart umhverfinu og leiddist þeim ákaflega í þessari stórborg, allt þangað til þau kynntust hvort öðru og sáu að þau voru nákvæmlega á sömu bylgjulengd þrátt fyrir aldursmuninn.

Eftir að myndinni var lokið leystist tæknilega vandamálið sem betur fer og náði ég síðustu mínútunni af Lost á RÚV plús. Miðað við endalokin á Lost í síðustu viku og þessari lokamínútu hafði ég ekki misst af nokkrum sköpuðum hlut.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.00** Jericho SKJÁREINN



▶ **19.50** Eldhúsdagur á Alþingi RÚV



▶ **20.00** The Good Girl STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.40** Oprah STÖÐ 2



▶ **21.00** Smith SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Suðandi stuð** (5:21)
(Disney's The Buzz on Maggie)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (25:42)
(Classic Cartoons)
**18.30 Herkúles** (24:28)
(Disney's Hercules)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**19.50 Eldhúsdagur á Alþingi**
Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Formúlukvöld**
Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn um helgina. Umsjónarmaður er Gunnlaugur Rögnvaldsson.
**23.10 Svifið um sviðið**
(Floating on the Ground) Þýsk heimildamynd um danshöfundinn Lin Hwai-Min, stofnanda og stjórnanda Skýjahliðsdansleikhússins á Taívan. Að viku liðinni verður sýnd upptaka af sýningu dansflokksins á verki hans Cursive II.
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Good Girl**
**08.00 New York Minute**
**10.00 Hackers**
**12.00 The School of Rock**
**14.00 New York Minute**
**16.00 Hackers**
**18.00 The School of Rock** Grínmynd með þungavigtargrínistanum Jack Black.
▶**20.00 The Good Girl** Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Jennifer Aniston, Jake Gyllenhaal.
**22.00 Rules of Attraction**
**00.00 Down Periscope**
**02.00 Fourplay**
**04.00 Rules of Attraction**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Osbournes** (e)
**13.35 American Idol**
**14.15 American Idol**
**14.55 American Idol**
**15.50 Shoebox Zoo**
**16.13 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.38 Stubbarnir**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
▶**19.40 Oprah**
Oprah ræðir við móður sem er svo illa haldin af þráhyggju- og árátturöskun að hún getur ekki einu sinni faðmað börnin sín. Einnig spjallar Oprah við unga konu sem glímir við bulimíu og aðra sem er fyrrverandi eiturlyfjaneytandi.
**20.25 Extreme Makeover** (11:20)
**21.10 Nip/Tuck** (11:15)
**21.55 Medium**
Í kvöld hjálpar Alison FBI að góma raðmorðingja en Marie fer að sýna mjög undarlega hegðun sem veldur Joe áhyggjum.
**22.40 Redemption: the Stan Tookie Williams story**
**00.20 Kompás**
**00.55 Grey's Anatomy**
**01.40 Full court miracle**
**03.15 A Thing Called Love**
**04.15 Medium**
**05.00 Entourage**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Britney and Kevin: Chaotic**
**20.00 Entertainment Tonight**
Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**20.30 South Park**
▶**21.00 Smith**
**21.50 Supernatural**
Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**22.15 Insider**
Í þessum þáttum fara stjórnendur með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**23.05 Da Ali G Show** (e)
Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kazakhstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kappanna óþægilegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt bjóða upp á álíka vandræðaleg svör. Ali G og Borat eru nú þegar orðnir heimsfrægir og segir sagan að Bruno sé við það að slá í gegn líkt og vinir hans.
**23.35 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e)
**00.05 Gene Simmons: Family Jewels**
**00.35 Sirkus Rvk** (e)
**00.45 Entertainment Tonight** (e)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16.45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Innlit / útlit** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 Love, Inc.** (21:22)
Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem hjálpar lánlausum gaurum að fínpússa stefnumótatæknina fyrir stóru stundina.
**20.30 Fyrstu skrefin** (3:12)
Magnús og Guðbjörg hafa beðið eftir stúlkunni sinni í 2 ár og í þessum þætti verður sýnt frá ferð þeirra til Kína. Í þáttinum verður einnig fjallað um heimafæðingar sem hefur fjölgað á síðustu árum. Þau Torfi og Margrét ákváðu að eignast sitt fyrsta barn heima í stofu og höfðu samband við Áslaugu Hauksdóttur ljósmóður sem vinnur eingöngu með heimafæðingar og hjálpaði þeim og aðstoðaði í fæðingunni.
**21.00 Britain's Next Top Model** (3:10)
▶**22.00 Jericho** (6:22)
Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríkum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Close to Home** (e)
**00.55 The Silvia Night Show** (e)
**01.25 Vörutorg**
**02.25 Beverly Hills 90210 (e)**
**03.10 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin** (e)
**18.50 Ítölsku mörkin** Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.
**19.50 Aston Villa - Arsenal** (beint)
Bein útsending frá leik Aston Villa og Arsenal. Á sama tíma er leikur Manchester City og Chelsea í beinni á SkjáSporti 2.
**22.00 Man. City - Chelsea (frá 14. mars)**
**00.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**SÝN KL. 20.05**

### Tottenham - Braga



Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Braga í UEFA bikarnum í knattspyrnu. Leikmenn portúgalska liðsins gætu átt erfitt verkefni fyrir höndum en lið Tottenham hefur skorað mikið af mörkum að undanförnu og sigraði í fyrri leik liðanna, 2-3, sem fram fór í Portúgal fyrir viku. Seinni leikurinn fer því fram á heimavelli Tottenham, White Hart Lane, og verður portúgalska liðið - sem leikur í litum erkifjendanna, Arsenal-litunum, að sigra með tveimur mörkum til að komast áfram í 8 liða úrslit.

### ▶ Við mælum með MEDIUM Stöð 2 kl. 21.55

Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir sem býr í úthverfi. Hún býr þó yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Alison liðsinnir lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar vel. Það er leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois, en hún fékk Emmy-verðlaunin 2005 og var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2006 og 2007 fyrir frammistöðu sína.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin Fréttir og fróðleikur **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir

**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: Leikarinn sem leikskáld
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Tónlist
**19.50** Eldhúsdagur á Alþingi
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.22** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**17.55 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**18.25 Man. Utd. Xl - UEFA Xl** (Man Utd - Evrópuúrval) Útsending frá vináttuleik Manchester United og Evrópuúrvalsins á Old Trafford.

**20.05 UEFA Cup leikir** Útsending frá leik í UEFA-bikarnum í knattspyrnu.

**22.05 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Liverpool og Barcelona í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.

**23.45 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**00.30 Þýski handboltinn** Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá Þjóðverjum og hallirnar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.

**01.00 UEFA Cup leikir**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Kaj og Andrea **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** Ud i det blå **8.00** Italienske fristelser **8.30** Smagsdommerne **9.10** Forår i skærgården **9.25** OBS **9.30** Attention småbørn **10.00** Inuit Eksperimentet - i sundhedens tjeneste **10.30** DR Explorer: Afrika - 18 grader syd **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Grøn glæde **12.00** Hvad er det værd **12.25** Aftenshowet **13.20** Hammerslag **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Det Vildeste Westen **15.15** SKUM TV **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.00** Junior **16.30** Cirkeline - Ost og kærlighed **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Kongehuset **19.00** Familier med DAMP **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** HåndboldOnsdag **22.35** Onsdags Lotto **22.40** Forbrydelsen **23.40** Arbejdsliv - find et job! **0.10** Mission integration **0.40** Boogie Update

### NRK 1

**8.25** V-cup alpint **9.00** Siste nytt **9.05** V-cup alpint **9.30** Faktor: Olje- og energimisjonæren **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** V-cup alpint **14.00** Siste nytt **14.05** V-cup langrenn **15.00** Siste nytt **15.03** V-cup langrenn **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Perspektiv: Fylla - noe å le av? **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.15** Ugler i mosen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Eva og Adam **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Barnløshet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** Det store spranget

### SVT 1

**8.30** Vet hut! **9.00** Extra **9.25** Born Wild **9.30** Great thinkers of our time **10.00** Garage guld **10.30** UR-val **11.00** Rapport **11.25** Alpint: Världscupen i Lenzerheide **13.05** Mannen som visste för mycket **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Förskolan Månstugan **17.20** Små spöken **17.30** Hjärnkontoret **17.45** Klister **18.00** Rea **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Stockholm live **20.30** Entourage **20.55** Liberty Heights **23.00** Rapport **23.10** Kulturnyheterna **23.20** Leende guldbruna ögon **0.20** Bingo Royale **1.05** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige




## GAMLA MYNDIN



*„Þeysan frá Valentino er alverstu kaup sem ég hef gert. Hún var 30 prósent úr hérahárum sem duttu öll úr í fyrstu hreinsun.“*

Heiðar Jónsson snyrtir, nýsnúinn heim frá London árið 1976.

# Poppstjarna og pönkari saman í skóla

Tónlistarstefnurnar sem söngvararnir Birgitta Haukdal og Óttarr Proppé aðhyllast eiga sjaldan samleið. Birgitta og Óttarr eiga þó sitthvað sameiginlegt, og leggja nú bæði stund á markaðsfræði við Háskólann í Reykjavík.

„Við vorum saman í tímum fyrir áramót líka. Við erum mjög samstiga í þessu,“ sagði Birgitta. Hún syngur enn mikið, og kemur fram bæði ein og með Stuðmönnum. „Ég er í þessu með öðrum verkefnum, svo ég er alls ekki í fullu námi,“ sagði Birgitta. „Þegar Írafár fór í hlé myndaðist smá pláss fyrir eitthvað nýtt, og ég ákvað að bæta einhverju nýju í reynslubankann. Þetta tengist líka öllu sem ég hef verið að gera síðustu ár,“ bætti hún við.

Óttarr Proppé, sem er vörustjóri erlendra bóka hjá Pennanum-Eymundsson, er ekki heldur alsestur á skólabekk. „Þetta er bara smá upplyfting með vinnu,“ sagði Óttarr, sem sagði þau Birgittu allsendis ekki vera stjörnurnar í bekknum. Hann hefur í gegnum tíðina vakið athygli fyrir frumlegan klæðaburð á sviði, og meðal annars komið fram í bleikum leggingsbuxum. Hann sagðist þó passa prýðilega inn í umhverfi HR. „Það er eiginlega mesta furða. Það virðist vera pláss þarna jafnt fyrir poppstjörnur og gamla pönkara,“ sagði hann sposkur.

Óttarr útilokaði ekki að bekkjarfélagarnir fengju að njóta tónlistarhæfileika samnemenda sinna. „Ef við fáum nógu góða einkunn troðum við kannski upp í lokapartíinu.“ **- sun**



**PÖNKARINN** Óttarr Proppé segist passa furðuvel inn í nemendahópinn í HR.



**POPPSTJARNAN** Birgitta Haukdal bætir í reynslubankann með náminu í markaðsfræði.



**LÁRÉTT** **2** íþróttafélag **6** frá **8** örn **9** segi upp **11** til **12** vínblanda **14** rista **16** karlkyn **17** ferð **18** for **20** stöðug hreyfing **21** fullnægja.

**LÓÐRÉTT** **1** óhljóð **3** guð **4** mergð **5** sigti **7** nýr **10** í hálsi **13** kann **15** nabbi **16** kóf **19** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fram, **6** af, **8** ari, **9** rek, **11** að, **12** grogg, **14** skera, **16** kk, **17** túr, **18** aur, **20** ið, **21** fróa.

**LÓÐRÉTT:** **1** garg, **3** ra, **4** aragrúi, **5** mið, **7** ferskur, **10** kok, **13** get, **15** arða, **16** kaf, **19** ró.







## KARL ÁGÚST ÚLFSSON: ER ORÐINN TROMMUHRINGSSTJÓRI

# Spaugstofumaður fann svarið í hóptrommuslætti

„Ég byrjaði að tromma á síðasta ári. Og fór að átta mig fjótlega á því að þetta var eitthvað miklu merkilegra en ég hafði haldið fram að því. Fór að rannsaka málið og komst að því að trommuleikur, og sérstaklega trommuleikur í hópi, er öflugt félagslegt fyrirbæri. Mannbætandi áhrif í alla staði, félagslega, heilsufarslega og andlega. Heilrænt tromm,” segir Karl Ágúst Úlfsson Spaugstofumaður og ... trymbill.

Á laugardaginn ætlar Karl Ágúst að gangast fyrir miklum trommugerningi eða svonefndum trommuhring, í Kringlunni klukkan tvö. Er meiningin að gestum Kringlunnar gefist tækifæri til að setjast saman í hring og leika saman allir sem einn á handtrommur. Og trommuslættinum mun Karl Ágúst stjórna. Hljóðfærin fær hann lánaðuð hjá Hljóðfærahúsinu.

Trommarinn Karl Ágúst segist enda ekki eiga bumbur til að lána þeim mannfjölda sem að er stefnt. Einhvern veginn er það svo að menn tengja ekki Spaugstofumanninn Karl Ágúst trommuslætti. Ekkert sérstaklega. En hann hefur farið víða um veröld og kynnt sér fyrirbærið. Lært að stjórna trommuhringjum. Og ljóst má vera að honum er rammasta alvara með að halda bongum og kongum og hvað þetta heitir nú allt að fólki. Breiða út fagnaðarerindið.

„Í raun og veru. Ég er að temja mér að vera meira með hlutunum en á móti. Í staðinn fyrir að vera á móti firringu ætla ég að vera fylgjandi því að fólk tengist sjálfu sér. Finni lífsins takt, finni innri takt... í staðinn fyrir að tapa sér í þrasi og neikvæðni.”

*En ertu ekki að velta þér upp úr þrasi og neikvæðni dagana langa í Spaugstofunni?*



**KARL ÁGÚST** Segir þetta það sem koma skal, að fólk komi saman eftir erfiðan vinnudag og trommi saman til að finna innri takt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég reyni reyndar að taka það jákvæðum tökum en sú hætta er fyrir hendi að maður sé eilíflega að hneykslast í staðinn fyrir að halla sér að því sem gengur í hina áttina.”

Og svarið fann Karl Ágúst í bumbuslætti. Hugmyndin er ættuð frá Afríku þar sem fólk kemur saman að degi loknum, kastar frá sér amstri dagsins og spilar á trommur í hópi.

„Alveg rosalega áhrifaríkt og félagslega mikilvægt. Og má alls ekki misskiljast. Þetta er ekki endilega fyrir atvinnutrommara. Alls ekki. Þetta er fyrir alla. Enginn þarf að hafa snert á trommuskinni til að vera með. Hver gerir þetta á sinn hátt. Margir halda að þeir hafi ekki takt. En það er vitleysa. Við þurfum ekki annað en hafa hjartslátt til að hafa takt.”

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Þorvaldur Davíð Kristjánsson** fór út til New York skömmu fyrir helgi og tók þar þátt í lokainntökuprófum í leiklistardeild hins virta Juilliard-skóla. Bandaríkjamenn virðist vera ákaflega hrifnir af Þorvaldi og hæfileikum hans því Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að leiklistardeild ein í New York hafi verið svo áfjáð í að fá hann að hún hafi boðist til að borga skólagjöldin og uppihald ef hann myndi þiggja skólavist hjá þeim. Kostnaður við skólagjöldin ein hleypur á hundruðum þúsunda króna svo ljóst má vera að þarna er um ágæta búbót að ræða.



**Gísli Rúnar Jónsson** er nú búsettur úti í Los Angeles þar sem hann unir hag sínum vel í sólinni en geð hans þolir illa íslenska skammdegið. Er búsettur í næsta nágrenni við **Stefán Karl Stefánsson** og **Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur** og hefur mikið saman við þau prýðishjón að sælda enda Stefán Karl umboðsmaður Gísla. Gísli Rúnar er ekki í makindum að sleikja sólina þar ytra heldur skrifar sem óður maður. Á leikárinu 2006-07 og 2007-08 eru hvorki meira en tíu verk þar sem hann kemur að málum í sýningu, æfingu eða undirbúningi. Sem hlýtur að teljast heimsmet.

Nýverið um miðnæturbil barst **Páli Ásgeir Ásgeirssyni** tölvupóstur frá **Steingrími Sævarri Ólafssyni** ritstjóra Íslands í dag. Páll hefur verið með fasta pistla í þættinum og hefur í mörgum þeirra verið vikið að Framsóknarflokknum og lagt upp úr að benda á neyðarlegan vandræðagang á þeim bænum. Steingrímur hefur fundið litla skemmtun í hugleiðingum Páls og sagði hann honum upp störfum í téðum tölvupósti. **-fgg/jbg**



# Níu ára ljósmyndari vekur athygli

„Mér finnst nú bara gaman að taka ljósmyndir,“ segir Arna Rós Hall Arnarsdóttir, níu ára gamall ljósmyndari sem vakið hefur mikla athygli á netinu. Þessi fyrirmyndarnemandi í Ingunnarskóla í Grafarholti stundar fimleika með Fjölni en milli þess sem hún bregður sér í spíkat og splitt smellir hún af myndum í gríð og erg. Stundum eru vinkonur hennar myndefni en oftast tekur hún sér fyrir hendur að fanga landslag Íslands. Og hefur hlotið mikið lof fyrir. Á síðu hennar á dpchallenge.com gefur að líta nokkur verk Örnu og má glöggt sjá að stúlkan er gædd miklum hæfileikum á þessu sviði.

Arna hefur þegar hlotið ein verðlaun fyrir mynd af brúnni í Bláa lóninu og viðbrögð gesta láta ekki á sér standa þegar þeir uppgötva ungan aldur ljósmyndarans. Flestir af þeim sem taka þátt í þessum keppnum eru ýmist atvinnuljósmyndarar eða forfallnir áhugamenn um ljósmyndun sem margir hverjir hafa verið lengi að.

Arna á ekki langt að sækja áhugann. Faðir hennar, Arnar Már Hall Guðmundsson, segist hafa fengið þessa bakteríu strax við fermingu. „Við gáfum Örnu myndavél í jólagjöf í fyrra og hún hefur eiginlega ekki stoppað síðan,“ útskýrir Arnar sem er að vonum stoltur af stúlkunni sinni. „Henni finnst þetta ótrúlega spennandi og er ótrúlega hæfileikarík,“ bætir pabbinn við.

Hann segir Örnu hafa náð góðum tökum á svokallaðri þriðjungareglu sem er beitt við myndbyggingu og viðurkennir að Arna leggi stundum mikið til málanna þegar kemur að myndatöku enda þótt ekki sé farið að rífast yfir myndatökum af fjölskyldunni. „Ætli eggið sé ekki á köflum farið að kenna hænunni,“ segir Arnar og hlær. „Sumar myndir mínar eru betri en pabba,“ bætir Arna og þau feðgin skella upp úr. **-fgg**



**FEÐGININ** Þau Arna og Arnar deila sameiginlegum áhuga á ljósmyndun en Arna er aðeins níu ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNAR



**VERÐLAUNAMYND** Arna fékk silfur fyrir þessa ljósmynd af brúnni í Bláa lóninu á vefsíðunni dpchallenge.com

# RAFRÆN SKILRÍKI

## – GREIÐA LEIÐ

RAFRÆN SKILRÍKI

Landsbankinn KAUPÞING SPARISJÓÐURINN GLITNIR

SKILRIKI.IS

## Þökkum góðar viðtökur!

Á nýafstaðinni og glæsilegri sýningu - Tækni og vit 2007 - voru rafræn skilríki valin athyglisverðasta varan. Undirtektir gesta sýningarinnar fóru fram úr björtustu vonum. Þróun og hönnun rafrænna skilríkja er samstarfsverkefni fjármálaráðuneytis og Auðkennis fyrir hönd banka og sparisjóða, sem nú þakka góðar viðtökur.

Fjármálaráðuneytið og Auðkenni standa saman að útgáfu rafrænna skilríkja sem mun verða dreift á debetkortum síðar á þessu ári.

Rafrænum skilríkjum er ætlað að greiða leið einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera um Netið. Handhafar skilríkjanna geta auðkennt sig með öruggum hætti gagnvart öðrum. Það mun hafa í för með sér verulegt hagræði.

Með rafrænum undirskriftum er ekki lengur þörf á því að mæta á staðinn til þess að skrifa undir. Handhafar eru með rafræn skilríki og skrifa undir þegar þeim hentar, heima eða hvar sem er.

KAUPÞING Netbankinn Landsbankinn SPARISJÓÐURINN
S24 spron SKILRIKI.IS GLITNIR

AUÐKENNI

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sjá nánar á skilriki.is og audkenni.is

KLAKAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




**BAKÞANKAR**

**JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR**

## *Billjónsdagbók 14.3*

ICEX 7.573 þegar ég færði Mallí morgunkaffið, og Dow Jones 12.276 þegar Mallí leit upp frá því að lesa Fréttablaðið og sagði sisona að sig vantaði einhvern innri pörpós með lífinu. „Sjáðu femínistana,“ sagði hún. „Þær hafa svo mikinn innri pörpós að þær geta séð eitthvað dónalegt út úr Dimmalimm.“ Ég sagði Mallí að ég kærði mig ekki um að vakna á morgnana við hliðina á innri pörpós. Ég væri fullkomlega sáttur við að hafa bara skilning á hinum utanáliggjandi pörpós með hjónabandinu.

**VIÐ** Baddi í VSOP-fjárfestingum fengum okkur snarl á Vox. Það stefnir í hjá okkur báðum að við þurfum að borga einhvern skatt af rekstrinum hérna heima. Við ræddum möguleikana á að fara með allan okkar bissness til Karíkúrúvúdú. Ég veit ekki hvað Karíkúrúvúdú er. Baddi sagði að það væri smáríki sem hann hefði fundið á Netinu. Þar væri skattur á fyrirtæki 2 prósent og þyrfti ekki að borga neitt fyrstu 20 árin. Fyrirtæki mættu færa bókhald í hvaða gjaldmiðli sem er, jafnvel í rúsínum, en best af öllu að fyrirtæki þyrftu yfirleitt ekki að færa neitt bókhald nema þá bara sér til dundurs. Þetta er freistandi. Bara spurning hvort Mallí finnur einhvern innri pörpós á Karíkúrúvúdú. Fór á skrifstofuna eftir Vox. Dóri skrifstofublók króaði mig af á ganginum og sagði ábúðarmikill að nú væru breyttir tímar. Það stæði til að afnema launaleynd. Hann hefði unnið hjá mér í tólf ár. Nú vildi hann fá að vita í eitt skipti fyrir öll hvað hann hefði í laun. Ég sagðist hafa nó ædía! Launaleyndin hefði virkað svo vel.

**ÉG** kaupi fullkomlega þetta frumvarp um að friða maurana með því að setja inn í stjórnarskrána að þeir eigi eitthvað en taka fram um leið að þeir geti ekki átt það í alvörunni af því að menn eins og ég til dæmis eigum það allt saman. Ég dáist að Jóni Sig. Kannski tekst honum að selja kjósendum þá hugmynd að hann geti hreyft sig í stjórnarsamstarfi þó að hann sé geirnegldur við Sjálfstæðisflokkinn. Jón er frábær. Mér finnst að ætti að lýsa hann þjóðareign.

**MÉR** líst annars ekki á blikuna ef kosningarnar fara eins og skoðanakannanir segja. Ég meina það. Æ dónt læk ðu blæk. Það hefur verið fínt fyrir viðskiptalífið að nota þumbarann úr Þistilfirðinum sem öryggisventil fyrir nölduróánægju í fólki, en guð hjálpi okkur ef hann fær að valta yfir landið með netlögreglu og klámskyggnum femínistum. Það verða engar framfarir. Engin miðlunarlón. Engir skurðir í Heiðmörk. Maður neyðist til að fara með allan sinn bissness til Karíkúrúvúdú. Ég sef ekki í nótt.


**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

*Ánægðustu viðskiptavinirnir*






**SPRON í 1. sæti!**

Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar 2006, sem kynntar voru í gær, mælist SPRON ekki aðeins með ánægðustu viðskiptavini fjármálafyrirtækja landsins heldur eru viðskiptavinir SPRON ánægðastir þegar litið er til allra þeirra fyrirtækja sem ánægjuvogin mælir.

Við erum stolt af þessari viðurkenningu og er hún okkur mikil hvatning að halda áfram á sömu braut.

**Við þökkum fyrir okkur** – okkar er ánægjan!

spron